# FRÉTTABLAÐIÐ

129. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 2. JÚNÍ 2016


# Átök við Ýmishúsið




**Ráðist var á Karim Askari, framkvæmdastjóra Stofnunar múslima á Íslandi, í gær þegar Menningarsetur múslima var borið út úr Ýmishúsinu við Skógarhlíð. Stofnunin er skráður eigandi hússins og Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði um útburðinn í síðasta mánuði. Deilur hafa staðið yfir milli félaganna um langt skeið.** Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Leita fleiri þolenda mansals

## Meint mansal innan Félags heyrnarlausra er enn til rannsóknar hjá lögreglu. Skýrslutöku er ekki lokið.

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla á höfuðborgarsvæðinu rannsakar nú hvort fleiri þolendur séu í mansalsmáli sem tengist Félagi heyrnarlausra. Fréttablaðið greindi frá málinu í síðustu viku en þá hafði lögregla komið konu sem starfaði á vegum félagsins í öruggt skjól í Kvennaathvarfinu.

„Við erum að skoða marga vinkla í þessu máli, þar á meðal hvort það séu fleiri þolendur í þessu máli sem við erum að rannsaka,“ segir Snorri Birgisson, yfirmaður mansalsteymis lögreglunnar. Hann vill ekki staðfesta að um Félag heyrnarlausra sé að ræða en í viðtali við Fréttablaðið í síðustu viku staðfesti Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri félagsins, að það væri undir rannsókn.

„Rannsókn miðar ágætlega. Við erum enn að taka skýrslur af vitnum og öðrum sem tengjast þessu með einum eða öðrum hætti,“ segir Snorri.

Rannsóknin snýr að starfsmanni Félags heyrnarlausra sem sér um fjáröflun félagsins. Hann hefur um nokkurt skeið fengið hingað til lands fólk frá Austur-Evrópu til að selja happdrættismiða félagsins en með þeirri sölu fer helsta fjáröflun félagsins fram.

> Rannsókn miðar ágætlega. Við erum enn að taka skýrslur af vitnum og öðrum sem tengjast þessu með einum eða öðrum hætti.
>
> Snorri Birgisson, yfirmaður mansalsteymis lögreglunnar



Konan, sem er í skjóli hjá Kvennaathvarfinu, hefur áður komið til Íslands í þeim tilgangi að selja happdrættismiðana. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins greiddi hún manninum í tvígang 1.000 dollara og var sagt að það væri fyrir atvinnuleyfi konunnar hér á landi.

Samkvæmt heimildum blaðsins var aldrei óskað eftir atvinnuleyfi fyrir konuna og var gengið úr skugga um að konan dveldi ekki lengur í landinu en þrjá mánuði í senn. **– snæ**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Er Alþingi enn undir hæl Danakonungs? spyr Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður. 26

**SPORT** Stærstu leikirnir alltaf skemmtilegastir, segir Dagný Brynjarsdóttir. 34

**MENNING** Einstök lífsreynslulist í Snarfarahöfn á vegum Listahátíðar. 44

**LÍFIÐ** Er raunverulega hægt að stunda billausan lífsstíl? 54

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **SUÐURLAND**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Sunnan 5-10 m/s og dálítil væta vestast á landinu í dag, en annars hæg vestlæg eða breytileg átt og bjart með köflum. Hiti 12 til 20 stig, hlýjast inn til landsins. **SJÁ SÍÐU 40**

# Rjúpum fækkar á Austurlandi

**NÁTTÚRA** Niðurstöður rjúpnatalningar Náttúrufræðistofnunnar Íslands í vor sýna eindregna fækkun frá Skagafirði og austur um til Suðausturlands en talningu er nú lokið. Á vef Náttúrufræðistofnunar segir að mikill munur hafi verið á stofnbreytingum milli ára eftir landshlutum.

Þá segir að niðurstöður annarra landshluta séu misvísandi eftir talningarsvæðum og fækkaði fuglum ýmist eða fjölgaði á milli ára.

Reglubundnar sveiflur stofnstærðar sem taka á bilinu tíu til tólf ár hafa einkennt íslenska rjúpnastofninn, segir í tilkynningunni. Þær sveiflur hafa þó breyst í kjölfar friðunar árin 2003 og 2004 og samdráttar í veiði frá árinu 2005 og er því styttra á milli hámarka en áður var.

Rjúpnafjöldi ársins 2016 er undir meðallagi alls staðar á landinu í sögulegu samhengi. **– þea**

# Vilja að gætt sé að hagsmunum neytenda

**NEYTENDUR** Neytendasamtökin segja ekki mega velta áhættu og ábyrgð af verðbólgu yfir á neytendur heldur verði að skipta henni á milli fjármálakerfis og neytenda. Lagt er til það á verðbætur verðtryggðra lána og að miðað verði við verðbólgumarkmið Seðlabankans, 2,5 prósent.

Á vef sínum beina samtökin því til Alþingis, Seðlabanka og fjármálaráðherra að taka „fyrst og fremst mið af miklum hagsmunum sem almenningur í landinu hefur af því að rétt sé staðið að afnámi gjaldeyrishafta“.

Minnt er á það áfall sem heimili landsins hafi orðið fyrir í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008. Stjórnvöld eru hvött til að vanda til verka og vinna að þjóðarsamstöðu um aðgerðir sem áformaðar séu á grundvelli nýrrar lagasetningar þannig að komið verði í veg fyrir verðbólgu, vaxtahækkanir og bresti í lífskjörum. **– þea**

## Handavinna í Leifsstöð



**Á meðan unnið er að umbótum á farangursflokkunarkerfi í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þarf að handflokka allan innritunarfarangur. Það gekk vel í gær, eftir að rétta vinnulagið var fundið. Grófflokkað var inni og svo raðað í réttar flugvélar utandyra.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fyrsta hjálpin í fjögur ár

**SÝRLAND** Bílalest Sameinuðu þjóðanna og Rauða krossins kom til sýrlenska bæjarins Darayya, nærri Damaskus, í fyrsta skipti í fjögur ár í gær. Um borð í bílunum var matur, vatn og lyf fyrir íbúa hins stríðshrjáða svæðis sem Sameinuðu þjóðirnar segja búa við sáran skort. Á meðal þess sem mátti finna í bílunum var mjólk fyrir ungbörn og bóluefni.

Tveggja sólarhringa vopnahlé stendur nú yfir í bænum en því lýkur á föstudagsmorgun.

Bærinn Muadhamiya, norðvestur af Darayya, fékk einnig sendingu í gær en mánuður var liðinn síðan það gerðist síðast.

Um 4.000 íbúar eru í bænum sem sætir umsátri hers sýrlensku ríkisstjórnarinnar. **– þea**

# Byggja upp grjótgarða undir yfirborðinu

**Vegagerðin vinnur að því þessa dagana að byggja upp grjótvarnargarða í útfalli Jökulsár á Breiðamerkursandi. Þriggja metra dýpi er niður á garðana sem verja brúna yfir þjóðveg 1. Mannvirki sem sjást við starfið eru til grjótflutninga.**

**SAMGÖNGUR** Unnið er að því þessa dagana að styrkja varnargarða í útfalli Jökulsár á Breiðamerkursandi skammt fyrir ofan brúna. Garðarnir eru ekki sýnilegir, en framkvæmdirnar hafa vakið athygli þar sem stórvirkar vinnuvélar hafa myndað bryggju til að koma efni á sinn stað.

Grjótþröskuldi var komið fyrir innan við brúna á sínum tíma í þeim tilgangi að stórir jakar strandi þar fyrir innan og haldist í lóninu. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að stórir jakar skemmi brúna. Árið 2006 var bætt í þröskuldinn en árið 2009 sýndu mælingar að hann hafði lækkað um fjóra metra á þremur árum. Í stórsteymi í ágúst það ár komust stórir jakar yfir þröskuldinn og að brúnni. Var mat Vegagerðarinnar á þeim tíma að illa hefði getað farið og var strax í júní árið eftir ráðist í að byggja garðinn upp, líkt og nú. Þess má geta að á þeim tíma var óvíst um framkvæmdir vegna efnahagsástandsins en ekki þótti réttlætanlegt að bíða.



**Í ágúst 2009 var talið að jakarnir gætu skemmt brúna yfir Jökulsá.** MYND/VEGAGERÐIN

Verkefnið er í höndum Vegagerðarinnar og ástæðan fyrir því að mannvirkin eru sýnileg nú er að ekki er öðruvísi hægt að gera vinnuvélum kleift að koma grjóti í grjótþröskuldinn þetta langt úti í lóninu.

„Það er verið að bæta grjóti ofan á einn af þröskuldunum sem eru í Jökulsánni. Þessi þröskuldur er ofan brúarinnar og tilgangur hans er að varna því að árbotninn grafist og einnig að að verja brúna fyrir stórum ísjökum sem annars gætu borist úr lóninu. Það er búið öðrum megin en verður fljótlega byrjað hinum megin, á allra næstu dögum, þessi þröskuldur verður þannig að hann sést ekkert, frekar en verið hefur, og þegar framkvæmdum lýkur verður hann þremur metrum fyrir neðan yfirborðið,“ segir G. Pétur Matthíasson, forstöðumaður samskiptadeildar Vegagerðarinnar. Hann reiknar með að verkinu ljúki um miðjan mánuðinn og þá verður sýnilegur hluti mannvirkjanna fjarlægður.

svavar@frettabladid.is



**Framkvæmdum líkur um miðjan júní.** MYND/LIVEFROMICELAND.IS

LYFJA – Lífið heil
Lægra verð í Lyfju
lyfja.is
Nicorette
nikótínlyfjatyggigúmmí
15% afsláttur






15% afsláttur af öllum bragðtegundum í 210 stk. pakkningum, 2 mg og 4 mg
*Tilboðið gildir til 17. júní 2016*

HÚSASMIÐJAN blómaval

# TAX FREE

## AF ÖLLUM VÖRUM*

í Húsasmiðjunni og Blómavali

**AÐEINS Í DAG Í ÖLLUM VERSLUNUM UM LAND ALLT**

AÐEINS Í DAG

**OPIÐ TIL 21:00 Í KVÖLD UM LAND ALLT**

Tax free tilboð jafngildir 19,35% afslætti af almennum vörum og 9,91% af matvörum.
Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

*Gildir ekki af vörum í timbursölu, Weber grillum, KitchenAid, tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar"

**Byggjum á betra verði**

www.husa.is

# Síldarvinnslan ræðst í stórátak í öryggismálum fyrirtækisins

**SJÁVARÚTVEGUR** Innleiðing á nýju öryggiskerfi stendur yfir hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað. Markmiðið er að byggja upp öryggismenningu hjá fyrirtækinu þar sem hættur eru stöðugt greindar og lausnir innleiddar og endurbættar eftir því sem tækni, veiðum og vinnslu fleygir fram.

Guðjón B. Magnússon, nýr öryggisstjóri fyrirtækisins, leiðir vinnuna. „Þetta er langtímaverkefni sem stendur og fellur með þátttöku starfsmanna og stjórnenda á hverjum vinnustað,“ segir Guðjón í frétt á heimasíðu fyrirtækisins. „Í þessu sambandi skiptir breytt hugarfar og ekki síður breytt hegðun miklu máli – markmiðið er að byggja upp öryggisvenjur sem skila árangri. Það er ljóst að það tekur tíma og orku að byggja upp öryggismenningu, en bæði rannsóknir og reynsla sýna hvað það skilar miklum árangri.“

> Þetta er langtímaverkefni sem stendur og fellur með þátttöku starfsmanna og stjórnenda á hverjum vinnustað.
>
> Guðjón B. Magnússon, öryggisstjóri Síldarvinnslunnar

Minnt er á slysa- og dánartíðni sjómanna í dag og hvers konar árangur næst þegar gengið er skipulega fram í að auka öryggi og öryggisvitund. Ákvörðun var tekin um að gera ráðstafanir til að bæta öryggi sjómanna og nú eru alvarleg slys á sjó mjög fátíð miðað við það sem áður var. Slysatíðni í fiskiðnaði er hins vegar enn allt of há en flest stóru sjávarútvegs- og fiskvinnslufyrirtækin hafa ráðið öryggisstjóra til starfa og eru að stórauka áherslu á öryggismál.

Búið er að gera drög að nýjum áhættugreiningum í fiskiðjuverinu í Neskaupstað. Þar er lögð áhersla á nýliðafræðslu og talsverðar breytingar verða gerðar á búnaði og vinnuaðstöðu til að auka öryggi. Reynslan úr fiskiðjuverinu verður síðan nýtt við innleiðingu kerfisins í öðrum starfsstöðvum og skipum fyrirtækisins, segir í fréttinni. – **shá**



**Tekið verður á öryggismálum í vinnsluhúsum jafnt sem skipum.** MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

## Vita ekki hverjir sóttu um starfið

**STJÓRNSÝSLA** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ráðuneyti ferðamála, veit ekki hverjir sóttu um starf framkvæmdastjóra Stjórnstöðvar ferðamála. Stofnað hefur verið samvinnufélag um rekstur Stjórnstöðvarinnar sem er sjálfstætt félag.

Þetta segir Þórir Hrafnsson, upplýsingafulltrúi atvinnuvegaráðuneytisins. Formaður stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála er hins vegar atvinnuvegaráðherrann sjálfur, Ragnheiður Elín Árnadóttir.

Hörður Þórhallsson, núverandi framkvæmdastjóri, sótti ekki um stöðuna en hann var ráðinn í sex mánaða verktöku sem framkvæmdastjóri Stjórnstöðvarinnar í nóvember síðastliðnum. Frestur til að sækja um starf forstjóra rann út 31. maí.

Stjórnstöð ferðamála er samráðsvettvangur samtaka ferðaþjónustunnar og yfirvalda. Henni er ætlað að taka yfir ábyrgð og skyldur núverandi stjórnkerfis eða hagsmunasamtaka greinarinnar. – **sa**

## Nærri tveggja milljarða samningur

**STJÓRNSÝSLA** Innanríkisráðherra og forstjóri Isavia hafa skrifað undir þjónustusamning ráðuneytisins og Isavia. Samningurinn kveður á um fjárveitingar og verkefni Isavia, en þau snúast að mestu um rekstur og þjónustu á flugvöllum landsins. Samið er til eins árs. Vinna á að gerð langtímasamnings á næsta ári.

Þá fjallar samningurinn um framkvæmdir á öðrum flugvöllum en Keflavíkurflugvelli og um flugleiðsöguþjónustu bæði innanlands og á alþjóðlegu flugsvæði.

Í tilkynningu ráðuneytisins er samningurinn sagður ítarlegur og með viðaukum, alls um 170 síður.

Ráðuneytið greiðir rúmlega hálfan annan milljarð fyrir þjónustu og þrjú hundruð milljónir fyrir viðhalds- og stofnframkvæmdir á flugvöllum. – **þea**

# Hatrammar deilur eru meðal múslima um leigu á Ýmishúsi

Langvinnar deilur Menningarseturs múslima og Stofnunar múslima leiddu til átaka við Ýmishúsið í gær. Héraðsdómur úrskurðaði um útburð Menningarsetursins í síðasta mánuði. Honum hefur verið áfrýjað.

**SAMFÉLAG** Menningarsetur múslima var borið út úr Ýmishúsinu við Skógarhlíð í gærmorgun og til átaka kom á milli aðstandenda Menningarsetursins og Stofnunar múslima. Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði um útburðinn 3. maí síðastliðinn.

Ýmishúsið er í eigu Stofnunar múslima og hefur Menningarsetrið verið þar til húsa síðastliðin ár. Deilur milli Menningarsetursins og Stofnunar múslima hafa staðið yfir um langt skeið, en Stofnun múslima heldur því fram að enginn samningur hafi verið í gildi um leigu á húsnæðinu við Skógarhlíð til Menningarsetursins og krafðist því útburðar.

Menningarsetrið heldur því fram að Stofnun múslima hafi safnað styrktarfé með það að leiðarljósi að kaupa húsnæði undir starfsemi trúfélags múslima. Stofnun múslima er ekki trúfélag, en Menningarsetur múslima er annað tveggja trúfélaga íslams hér á landi. Aðstandendur Menningarsetursins vilja að fasteignin verði skráð undir nafni múslima á Íslandi.

Lögregla var viðstödd aðgerðirnar og kalla þurfti eftir liðsauka eftir að ráðist var á Karim Askari, fyrrverandi varaformann Menningarsetursins og núverandi framkvæmdastjóra Stofnunar múslima. „Þetta var gróf líkamsárás sem átti sér stað á framkvæmdastjóra Stofnunar múslima, ráðist var á hann með steypustyrktarjárni,“ segir Gísli Kr. Björnsson, lögmaður Stofnunar múslima. Árásarmaðurinn var handtekinn.

Menningarsetrið byggir á því að gerður hafi verið húsaleigusamningur þann 20. desember 2012 til tíu ára sem enn sé í gildi. Samkvæmt Stofnun múslima var gerður annar samningur, sem dagsettur er 21. desember sama ár, sem fellir þann fyrri úr gildi.



**Aðstandendur Menningarseturs múslima meinuðu lásasmið aðgang að Ýmishúsinu í gærmorgun þegar Menningarsetrið var borið út að kröfu Stofnunar múslima, eiganda hússins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Við erum að bíða eftir niðurstöðu Hæstaréttar. Báðir aðilar hafa skilað greinargerðum sínum og vænta má niðurstöðu á næstu dögum eða vikum.
>
> Oddgeir Einarsson, lögmaður Menningarseturs múslima



„Þeir byggja rétt á samningi sem Stofnun múslima telur vera drög að samningi en daginn eftir er gerður samningur sem víkur þeim eldri úr gildi,“ segir Gísli.

Aðstandendur Menningarsetursins telja síðari samninginn ekki vera samning í eðli sínu og að skjalið hafi ekki fellt úr gildi leigurétt Menningarsetursins á fullnægjandi hátt. Þá halda þeir því fram að skjalið hafi verið dagsett aftur í tímann og að undirskriftir hafi verið falsaðar. Héraðsdómur taldi það ekki sannað og féllst á kröfu Stofnunar múslima um útburð.

Samkvæmt Oddgeiri Einarssyni, lögmanni Menningarsetursins, hefur Stofnun múslima fengið niðurfellingu fasteignagjalda á grundvelli þess að Ýmishúsið sé í leigu til trúfélags og renni það stoðum undir það að leigusamningur hafi verið í gildi á milli félaganna tveggja.

Úrskurði héraðsdóms hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar.
**thordis@frettabladid.is**






# Sigmund allur settur á internetið

**MENNINGARMÁL** Vestmannaeyjabær sem á allar 11 þúsund Morgunblaðsskopmyndir Sigmunds Jóhannssonar frá árunum 1964 til 2008 hyggst gera teikningarnar aðgengilegar á vefnum.

Ofangreint kom fram á fundi bæjarráðs Vestmannaeyja á þriðjudag. Þar er rakið að forsætisráðuneytið keypti á árinu 2004 safn Sigmunds á 18 milljónir króna.

„Var um leið ákveðið að safnið yrði vistað í Vestmannaeyjum og var það afhent til varðveislu í Safnahúsi Vestmannaeyja, segir í fundargerð bæjarráðsins. Um hafi verið að ræða um tíu þúsund myndir, eða allar teikningar Sigmunds er birtust í Morgunblaðinu frá 1964 til desember 2004.

„10. janúar 2016 kom Sigmundur Davíð Gunnlaugsson til Eyja og afhenti fyrir hönd forsætisráðuneytisins Vestmannaeyjabæ allar teikningarnar til eignar,“ segir bæjarráðið, sem kveður myndirnar þá eftirleiðis eign bæjarins. „Þýðir þessi gjörningur meðal annars að Vestmannaeyjabær hefur fullt forráð til að selja afnotarétt af teikningunum til birtingar í blöðum, bókum eða á annan hátt.“

> Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gaf í byrjun árs Vestmannaeyjabæ myndasafn Sigmunds, sem forsætisráðuneytið keypti árið 2004 fyrir 18 milljónir króna.

Síðan segir frá því að fyrir andlát Sigmunds í maí 2012 hafi Ísfélagið og Vinnslustöðin keypt teikningar Sigmunds sem Morgunblaðið birti á tímabilinu 2005 til 2008. Fyrirtækin hafi gefið Vestmannaeyjabæ myndirnar. „Eru þá allar teikningarnar sem birtust í Morgunblaðinu, um 11 þúsund talsins, orðnar eign Vestmannaeyjabæjar og varðveittar í Safnahúsinu.“ – **gar**



**Sigmund Jóhannsson teiknaði skopmyndir í Morgunblaðið í 44 ár.**

# NÝ VERSLUN Á GRANDA




## RÚMFATALAGERINN OPNAR NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN AÐ FISKISLÓÐ 15 ÚTI Á GRANDA Í DAG, FIMMTUDAGINN 2. JÚNÍ KL. 7:00. FJÖLDI FRÁBÆRRA OPNUNARTILBOÐA FRÁ FIMMTUDEGI TIL SUNNUDAGS






**ÖLL POLYRATTAN SÓFASETT 20% AFSLÁTTUR**



**ALLIR PLASTKASSAR 20-50% AFSLÁTTUR**

### FALKETIND ANDADÚNSÆNG

Notaleg og góð sæng fyllt með 90% af andadúni og 10% af andafiðri. Þyngd: 750 gr. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Þolir þvott við 60°C. Stærðir: 135 x 200 sm. **19.990** nú **12.990** 135 x 220 sm. **21.990** nú **14.990** 200 x 220 sm. **29.990** nú **22.990**
Vnr. 4026150, 4026151, 4026185, 4260004




Koddi
50 x 70 sm.
7.995

**ALLT AÐ 35% AF SÆNG**

SÆNG NÚ VERÐ FRÁ:
# 12.990

**50%**




### PAULA SÆNGURVERASETT

Efni 100% bómull. Stærðir:
140 x 200 sm. **3.995** nú **1.995**
140 x 220 sm. **4.495** nú **2.245**
140 x 220 sm. **5.995** nú **2.995**
Lokað með tölum.
Vnr. 1279580

NÚ VERÐ FRÁ:
# 1.995

### HALDEN SÓLSTÓLL

Traustur og nýtískulegur sólstóll úr stáli og sterkum striga. Fæst í svörtu, bláu og rauðu.
Vnr. 3738500

FULLT VERÐ: 9.995
# 5.895



**SPARIÐ 4.100**

**RÚMFATA LAGERINN**
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

TILBOÐIN GILDA 02.06 - 05.06 EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## Lífeyrisþegar taldir þurfa að greiða meira

**KJARAMÁL** Tveir þriðju hlutar aldraðra og lífeyrisþega munu greiða mun hærri upphæðir fyrir heilbrigðisþjónustu ef Alþingi samþykkir frumvarp heilbrigðisráðherra þar sem þak er sett á greiðslur í heilbrigðiskerfinu. Þetta er mat Gunnars Alexanders Ólafssonar heilsuhagfræðings.



Gunnar Alexander Ólafsson heilsuhagfræðingur

Með frumvarpinu yrði þak sett á greiðslur í heilbrigðiskerfinu. Almennir notendur ættu að greiða að hámarki 95.200 krónur á tólf mánaða tímabili en lífeyrisþegar og aldraðir að hámarki 63.500 krónur.

Á fundi velferðarnefndar BSRB benti Gunnar á að þótt greiðslur lækki að meðaltali um 36 prósent hjá þeim hópi aldraðra og lífeyrisþega sem noti heilbrigðiskerfið mest hækki greiðslur hjá meirihlutanum í þessum hópi.

Um 37 þúsund manns eru í þeim hópi sem Gunnar telur að myndu greiða meira. Sá hópur greiðir nú um 687 milljónir króna árlega en verði frumvarpið samþykkt segir Gunnar að upphæðin hækki í 1.190 milljónir króna. Hækkunin myndi jafngilda 13.400 króna aukningu á mann. – þea

## Eftirlitið aukið




Pakistanskir öryggisverðir skoða skilríki fólks við landamæri Afganistans í Toorkhan í Khyber-héraði í gær. Um mánaðamótin tóku gildi hertar reglur um eftirlit með vegabréfsáritunum og ferðaskilríkjum við Toorkham-landamærin þar sem fleiri þúsund manns fara um á degi hverjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Lögreglukonur ósáttar við ójöfnuð á EM

**Engin lögreglukona verður í hópi átta íslenskra lögregluþjóna á Evrópumeistaramótinu í fótbolta í Frakklandi. Konum hjá ríkislögreglustjóra var boðið en engin sá sér fært að fara. Fyrrverandi lögreglukona segir þetta letjandi skilaboð til kvenna innan lögreglunnar.**

**ÍÞRÓTTIR** Kurr er meðal lögreglukvenna vegna þeirrar ákvörðunar að senda bara karla í þeim hópi átta lögregluþjóna sem fara fyrir hönd Íslands á EM. Lögregluþjónarnir koma allir frá ríkislögreglustjóra en það embætti er verst statt varðandi kynjahlutföll lögregluþjóna á landinu, að frátöldu embætti lögreglustjórans á Norðurlandi eystra þar sem hlutfallið er eins, eða konur 5 prósent og karlar 95 prósent.

Fjórar konur starfa sem lögreglumenn hjá ríkislögreglustjóra samkvæmt tölum lögreglunnar frá 1. febrúar.

Heimildir Fréttablaðsins herma að óánægja ríki hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, jafnt á meðal kvenna og karla, vegna þess að aðeins var leitað til lögreglumanna hjá ríkislögreglustjóra.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að félagið hafi ekki haft milligöngu á milli franskra og íslenskra yfirvalda. „Ég á svolítið erfitt með að tjá mig um þetta en auðvitað finnst mér persónulega að þarna eigi að vera kona. Við getum alveg tekið sem dæmi að Rauði krossinn sendir tvo sjálfboðaliða. Þar var ákveðið strax að hafa kynjahlutföllin jöfn.“

Í svari frá Thelmu Þórðardóttur hjá ríkislögreglustjóra segir að „þar sem lögreglukonur embættisins gáfu ekki kost á sér í það er verkefnið mannað með lögreglumönnum frá alþjóðadeild og sérsveit embættisins“.

Sigrún Sigurðardóttir, fyrrverandi lögreglukona, hefur fylgst með óánægju lögreglukvenna grassera síðustu daga. Sjálf fór hún í stórum hópi lögregluþjóna á Ólympíuleikana í Atlanta í Bandaríkjunum árið 1996.

„Það var ótrúlega góð reynsla. Eins og komið hefur fram er ekki óskað eftir sérsveitarmönnum eða vopnuðu fólki. Ef það á að aðstoða Íslendinga myndi ég telja að það væri alltaf gott að hafa karla og konur,“ segir Sigrún.

„Mér finnst svo sérstakt að það eru bara karlar. Ég skil ekki hvers vegna ekki er leitað út fyrir þennan ákveðna hóp. Það er sagt að einhverjum konum hafi verið boðið sem ekki gátu tekið þetta að sér. Af hverju er þá ekki leitað út fyrir það? Það hallar á konur í lögreglunni, sem er verulegt vandamál. Þetta er ekki til að hvetja konur.“ snaeros@frettabladid.is

> Auðvitað finnst mér persónulega að þarna eigi að vera kona.



Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ

> Það hallar á konur í lögreglunni, sem er verulegt vandamál. Þetta er ekki til að hvetja konur.



Sigrún Sigurðardóttir, fyrrverandi lögregluþjónn



Helsta hlutverk lögregluþjónanna er að aðstoða íslenska stuðningsmenn landsliðsins á meðan á keppninni í Frakklandi stendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Maí kaldari en síðasta áratug

**VEÐUR** Meðalhiti í Reykjavík í maí var 6,6 stig sem er um 0,3 stigum minna en meðaltal síðustu tíu ára. Hitinn var þó um 0,3 stigum hærri en meðalhiti áranna 1961 til 1990. Þá var meðalhiti á Akureyri 6,8 stig, 0,9 stigum hærri en meðaltal síðustu tíu ára. Hæsti hiti mánaðarins mældist 21,1 stig í Vestdal á Seyðisfirði. Þetta kemur fram í yfirliti Veðurstofunnar yfir tíðarfar maímánaðar.

Mánuðurinn var almennt í þurrara lagi, sér í lagi sunnan- og suðaustanlands og einnig á Austfjörðum. Veðurstofa segir mánuðinn í hópi þurrustu maímánaða á þeim slóðum. – þea

## Tilfinnanlegur skortur er á dýralyfjum hérlendis

**LANDBÚNAÐUR** Borið hefur á skorti á dýralyfjum hér á landi að undanförnu. Ástandið hefur verið sérstaklega slæmt varðandi sýklalyf og hafa komið tímabil þar sem sýklalyf til notkunar handa dýrum hafa verið af mjög skornum skammti.

Þetta kemur fram hjá Matvælastofnun. Staðan hefur komið upp áður og því um þekkt vandamál að ræða sem kemur illa niður á heilbrigði og velferð dýra auk þess sem það veldur bændum búsifjum. Bændur og dýralæknar eru áhyggjufullir vegna ástandsins.

Í fyrirspurnum til Matvælastofnunar hafa fyrirspyrjendur jafnvel talið að skortinn nú megi rekja til herts eftirlits stofnunarinnar með ávísunum dýralækna á sýklalyf til sauðfjárbænda. Rétt er að Matvælastofnun hefur hert eftirlit með notkun sýklalyfja í dýr en það hefur ekki haft áhrif á framboð á dýralyfjum í landinu. Skýringar á lyfjaskortinum nú eru helstar að erlendis er skortur á virkum efnum í dýralyf þar sem verksmiðjur sem framleiða virku efnin hafa glímt við erfiðleika í framleiðslunni.

Lyfjaskortur er ekki séríslenskt vandamál heldur alþjóðlegt. Lyfjastofnun hefur beitt sér fyrir að fjölga skráðum dýralyfjum hér á landi meðal annars til að reyna að minnka hættu á lyfjaskorti. – shá



Sauðfjárbóluefnið Tribovax var ófáanlegt á versta tíma nú í vor og önnur sambærileg bóluefni hefur skort víða í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




#FEELSSOGOOD

Kringlan, Skeifan, Spöng, Garðabær, Smáralind
Borgarnes, Njarðvík, Selfoss og Akureyri.
ATH! Allt vöruúrval fæst í Kringlunni, minna úrval í öðrum verslunum.

NOTAÐIR BÍLAR
TILBOÐ

BÍLALAND BÝÐUR NOKKRA BÍLA Á EINSTÖKUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN
BÍL Á FRÁBÆRU VERÐI!




RANGE ROVER VOGUE SE
Nýskr. 01/12, ekinn 91 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 12.400.000
TILBOÐSVERÐ!
10.900 þús.




PORSCHE CAYENNE S HYBRID
Nýskr. 08/14, ekinn 10 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 13.500.000
Rnr. 283286
TILBOÐ kr. 10.900 þús.




BMW X5 xDrive 30d
Nýskr. 01/13, ekinn 86 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 8.490.000
Rnr. 143113
TILBOÐ kr. 6.490 þús.




HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr. 10/12, ekinn 44 þús km.
bensín/metan, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
Rnr. 310124
TILBOÐ kr. 2.990 þús.




NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/14, ekinn 53 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 6.750.000
Rnr. 131882
TILBOÐ kr. 5.890 þús.




HYUNDAI iX35 COMFORT
Nýskr. 10/14, ekinn 69 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.690.000
Rnr. 120815
TILBOÐ kr. 3.590 þús.




OPEL AMPERA
Nýskr. 08/12, ekinn 16 þús km.
bensín/rafbíll, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.690.000
Rnr. 131695
TILBOÐ kr. 2.490 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Hér getur að líta háspennulínur á Hellisheiði. Slík mannvirki þykja í fæstum tilvikum umhverfisprýði og víða er þrýst á um lögn jarðstrengja í staðinn. Nú þarf Landsnet að veita Landvernd aðgang að skýrslu um jarðstrengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Landsnet þarf að veita aðgang að gögnum

**Landsnet hefur í rúmt ár neitað Landvernd um aðgang að skýrslu um jarðstrengi. Nú hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál skikkað Landsnet til að veita aðgang að gögnunum. Mikið hefur verið tekist á um ágæti jarðstrengja.**

**STJÓRNSÝSLA** Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur gefið út þann úrskurð að Landsneti sé skylt að veita Landvernd, samtökum um náttúruvernd, aðgang að skýrslu sem samin var fyrir fyrirtækið um háspennulínur í jörðu. Landvernd krafðist þess í apríl í fyrra að fá aðgang að skýrslunni.

Íslensk útgáfa skýrslunnar hafði verið birt á vef Landsnets. Hins vegar hafði ensku útgáfunni verið haldið leyndri fyrir almenningi. Sú skýrsla mun hafa verið mun ítarlegri og fræðilegri en sú íslenska og vildi Landvernd kynna sér efni skýrslunnar betur.

Landsnet féllst ekki á að veita Landvernd afrit af skýrslunni. Taldi Landsnet að í skýrslunni væri að finna upplýsingar er vörðuðu mikilvæga hagsmuni fyrirtækisins, því væri þeim óheimilt að veita almenningi aðgang að þeim upplýsingum. Einnig taldi Landsnet að þessi umrædda skýrsla væri ekki opinbert gagn heldur vinnugagn stofnunarinnar.

> *Þessi jarðstrengjafælni Landsnets og vinnubrögð fyrirtækisins eru í mikilli andstöðu við náttúruvernd og vilja heimamanna.*



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar

Forsvarsmenn Landverndar telja þetta leynimakk hvorki gott fyrir náttúruvernd í landinu né fyrir fyrirtækið sjálft því leyndin tefji uppbyggingu raforkukerfisins. „Fyrir nokkrum árum neitaði Landsnet að umhverfismeta árlega raflínuáætlun sína, kerfisáætlunina. Ákvörðun umhverfisráðherra þurfti til að breyta því. Fyrirtækið hefur ítrekað neitað að umhverfismeta jarðstrengi þvert á lagaskyldur. Skipulagsstofnun, úrskurðanefnd umhverfismála og nú síðast Hæstiréttur hafa staðfest þetta, segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

„Ofan á þetta bætist svo leyndarhyggja með gögn, samanber þetta mál og hin fræga kostnaðaráætlun fyrir jarðstrengi við Blöndulínu 3 sem reyndist týnd. Þessi jarðstrengjafælni Landsnets og vinnubrögð fyrirtækisins eru í mikilli andstöðu við náttúruvernd og vilja heimamanna. Þetta verður að breytast, nema fyrirtækið vilji áfram tefja eigin framkvæmdir í raforkukerfinu."

Mikil átök eiga sér nú stað um uppbyggingu raforkukerfis Landsnets. Víða er uppi hávær krafa um að æ stærri hluti flutningskerfisins verði lagður í jörðu en Landsnet hefur iðulega talið það óraunhæft og of kostnaðarsamt. Hins vegar hafa náttúruverndarsamtök og heimamenn ekki fallist á þau rök Landsnets.

**sveinn@frettabladid.is**

# Telja ránið blekkingarleik ríkisstjórans

**MEXÍKÓ** Eitt mest lesna dagblað Mexíkós, Reforma, veltir upp þeirri spurningu hvort mannránið á knattspyrnumanninum Alan Pulido á sunnudaginn hafi verið blekkingarleikur stjórnvalda í mexíkóska fylkinu Tamaulipas, þar sem mannránið fór fram. Fleiri fjölmiðlar á borð við El Universal og Exélsior hafa einnig fjallað um þá hugmynd.

Kosið verður til embættis ríkisstjóra í fylkinu þann 5. júní en Egidio Torre Cantú, núverandi ríkisstjóri, hefur eignað stjórn sinni heiðurinn af björgun Pulidos.

Fjórir vopnaðir menn rændu Pulido á sunnudag en skildu kærustu hans eftir. Þá fóru þeir með hann í tómt hús þar sem honum var haldið. Að sögn yfirvalda í Tamaulipas á Pulido, sem er um 170 sentimetrar á hæð og rúm sextíu kíló, að hafa yfirbugað eina mannræningjann sem enn var á staðnum, tekið byssu hans og hringt á lögregluna úr sínum eigin farsíma og gefið henni upp heimilisfang hússins.

Öryggissérfræðingurinn Alejandro Hope hjá mexíkósku ríkislögreglunni segir atburðarásina undarlega. „Annaðhvort var Alan Pulido fórnarlamb vanhæfustu mannræningja heims eða þá að eitthvað er gruggugt við atburðarásina. Mannræningjarnir eru sagðir svo heimskir að þeir bundu hvorki fyrir augu hans né hendur og tóku ekki af honum símann," sagði Hope.

Þá segir Ciro Gómez Leyva, blaðamaður El Universal, margt skrítið við málið. Pulido hafi verið leyft að ganga frjáls um húsið, hafi vitað hvar hann var staddur og að mannræninginn hafi verið handtekinn án mótspyrnu. Atferlið sé dæmalaust á meðal mexíkóskra mannræningja. – **þea**



**Alan Pulido er leikmaður knattspyrnuliðsins Olympiakos.** NORDICPHOTOS/AFP










HVER VÖKVAR Á MEÐAN ÞÚ ERT Í FRÍINU?



VATNSKRISTALLAR 20% AFSLÁTTUR

ÞENJAST ÚT OG GEYMA Í SÉR VATN. BLANDAÐ ÚT Í POTTAMOLDINA.

GARÐHEIMAR

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is



Ari Kristinn Jónsson, rektor HR, og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. MYND/HR

## HR í samstarf við MIT

**MENNTAMÁL** Háskólinn í Reykjavík og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið taka þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni með MIT-háskólanum í Bandaríkjunum sem miðar að því að skapa ný störf og efla hagvöxt á Íslandi með nýsköpun.

REAP-verkefni MIT-háskólans (Regional Entrepreneurship Acceleration Program) er tveggja ára verkefni sem MIT hefur unnið með fjölda borga og svæða um allan heim til að styrkja samkeppnishæfni.

Verkefnið felst í greiningu á umhverfi fyrir frumkvöðla og nýsköpun á Íslandi. Afraksturinn verður aðgerðaáætlun um hvernig megi auka samkeppnishæfni Íslands með nýsköpun. – kbg

## Vara við hættu á hryðjuverkum

**BANDARÍKIN** Bandaríska utanríkisráðuneytið hefur varað við hugsanlegum hryðjuverkum á Evrópumeistaramótinu í fótbolta sem fer fram í Frakklandi í sumar.

„Mikill fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja Evrópu um sumarið skapar stærri skotmörk fyrir hryðjuverkamenn,“ segir í tilkynningu ráðuneytisins.

Í tilkynningunni eru Bandaríkjamenn varaðir við því að ferðast til Evrópu í sumar. Ekki eingöngu vegna EM heldur einnig vegna alþjóðamóts æskulýðsfélaga kaþólskra kirkna.

Þá eru bandarískir ferðamenn hvattir til að halda vöku sinni á almannafæri, fylgja fyrirmælum yfirvalda, fylgjast með fréttum og gera ráðstafanir ef einhver verður viðskila við fjölskyldu sína. – þea

# Framkvæmdastjórnin sendir ríkisstjórn Póllands viðvörun

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) segir breytingar á pólsku stjórnarskránni ógn við lýðræði í landinu. Refsiaðgerðir koma til greina. Pólska ríkisstjórnin hefur fengið fimm daga til að bregðast við.**



Frans Timmermans, aðstoðarforseti framkvæmdastjórnar ESB, og Beata Szydlo, forsætisráðherra Póllands, á fundi í Brussel í byrjun síðustu viku. Pólverjar segja athugasemdir ESB vera alvarleg afskipti af sjálfstæði landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**EVRÓPUMÁL** Evrópusambandið (ESB) hefur formlega sent pólskum stjórnvöldum viðvörun vegna breytinga á pólsku stjórnarskránni, sem brjóti í bága við kröfur Evrópusambandsins um lýðræði, réttarríki og mannréttindi.

Framkvæmdastjórn ESB gefur pólsku stjórninni fimm daga til þess að bregðast við, að öðrum kosti geti framkvæmdastjórnin opnað á refsiaðgerðir gegn Póllandi sem meðal annars feli í sér að Pólland verði svipt atkvæðisrétti sínum á vettvangi ESB.

Hin nýja hægristjórn Laga- og réttlætisflokksins, sem komst til valda í kosningum síðastliðið haust, lét það verða eitt sitt fyrsta verk að breyta stjórnarskrá landsins þannig að ríkisstjórnin geti vikið dómurum úr hæstarétti landsins og sett eigin fulltrúa í dómstólinn í staðinn.

Pólska stjórnin vísar hótunum Evrópusambandsins á bug og segir þær alvarleg afskipti af sjálfstæði landsins. Hins vegar er á fréttavefnum Euractiv.com haft eftir Zbigniew Ziobro, dómsmálaráðherra Póllands, að framkvæmdastjórn ESB ætti að vera það fullljóst, eftir langar viðræður, að pólska stjórnin sé að vinna að málamiðlunarlausn: „Ég er undrandi og dapur vegna yfirlýsingar framkvæmdastjórnar ESB, sem hefur átt í rækilegum viðræðum við pólsku stjórnina,“ segir ráðherrann.

Frans Timmermans, aðstoðarforseti framkvæmdastjórnar ESB, sagði á blaðamannafundi í Brussel í gær að pólska stjórnin þurfi nú að bregðast hratt við og sýna raunverulegan vilja til þess að finna málamiðlun. Það hafi ekki tekist þrátt fyrir ítarlegar og uppbyggilegar viðræður sem staðið hafi yfir frá í janúar.

„Það er sameiginleg ábyrgð stofnana Evrópusambandsins og allra aðildarríkjanna að sjá til þess að reglur réttarríkisins séu virtar,“ sagði Timmermans.

„Þetta er einnig í verkahring framkvæmdastjórnarinnar sem á að gæta þess að farið sé eftir stofnsamningum ESB.“

Árið 2011 fór framkvæmdastjórn ESB með svipuðum hætti í hart gegn stjórn Viktors Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, sem hafði þá sett lög sem takmörkuðu frelsi fjölmiðla í landinu. Eftir langar viðræður lét Orban undan og gerði ákveðnar breytingar á fjölmiðlalögunum að kröfu Evrópusambandsins.

> **Það er sameiginleg ábyrgð stofnana Evrópusambandsins og allra aðildarríkjanna að sjá til þess að reglur réttarríkisins séu virtar.**
>
> Frans Timmermans, aðstoðarforseti framkvæmdastjórnar ESB

Á þeim tíma hafði framkvæmdastjórn sambandsins samt ekki þau úrræði, sem nú eru henni tiltæk. Það var ekki fyrr en árið 2014 sem það var samþykkt að hægt væri að svipta aðildarríki Evrópusambandsins atkvæðisrétti virði þau ekki meginreglur réttarríkisins.

gudsteinn@frettabladid.is






Verðið fyrir flutning raforku er ásættanlegt að mati Samorku. MYND/LANDSNET

## Gjaldið undir meðalverði í Evrópulöndum

**ORKUMÁL** Flutningsgjald Landsnets á raforku til stórnotenda á Íslandi er undir meðaltali í Evrópu, eða rúmar fimm evrur á megavattstund (MWst). Meðaltalið er rúmlega sjö evrur á MWst. Hæstu flutningsgjöldin eru á Kýpur, eða rúmar 16 evrur.

Þetta kemur fram í nýjustu tölum Evrópusamtaka flutningsfyrirtækja, ENTSOE-E, og Samorka vekur athygli á.

Að mati Samorku er þetta vel ásættanleg staða, sérstaklega í ljósi þess að landið er strjálbýlt og línuleiðir víða krefjandi. Eftirspurnin eftir raforku er meiri en framboðið hérlendis.

Ísland er langt undir meðaltali þegar skoðað er hlutfall kerfisþjónustu af flutningsgjaldinu. Hér á landi er hlutfallið tæplega 5% en meðaltalið í öllum samanburðarhópnum er rúmlega 30%. Kerfisþjónusta er sú þjónusta sem innt er af hendi til að tryggja gæði raforku og öruggan rekstur flutnings- og dreifikerfis. – shá


DEBENHAMS
SUMARSPRENGJA
ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM*
20%
AFSLÁTTUR
AF SNYRTIVÖRUM
KONUR • HERRAR • BÖRN • SNYRTIVÖRUR
FLOTT OFURTILBOÐ - BARA Í DAG!
DÆMI UM VÖRUR Á OFURTILBOÐI:
50% afsl. af töskum frá Debenhams hönnuðum.
THE COLLECTION DEBENHAMS
40% afsl. af úrvali af brjósta-höldurum.
Mantaray
40% afsl. af Mantaray fatnaði fyrir herra & dömur.
GERRY WEBER
40% afsl. af úrvali af vörum frá Gerry Weber.
THE COLLECTION DEBENHAMS
40% afsl. af öllum herraskyrtum frá The Collection.
redherring
40% afsl. af herraskóm frá Red Herring
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
Finndu okkur á facebook
OPIÐ TIL 24:00 Í KVÖLD
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Ástand heimsins







1. Perúski forsetaframbjóðandinn Keiko Fujimori veifar til stuðningsmanna sinna á kosningafundi í gær. Hún sigraði í fyrri umferð forsetakosninga með fjörutíu prósentum greiddra atkvæða og þykir líkleg til að bera sigur úr býtum í seinni umferðinni sem fer fram fimmta þessa mánaðar. Fujimori er dóttir fyrrverandi forseta, Alberto Fujimori, sem nú situr í fangelsi fyrir glæpi gegn mannkyni. NORDICPHOTOS/AFP

2. Angela Merkel Þýskalandskanslari tekur í höndina á Johann Schneider-Ammann, forseta Sviss, við opnun lengstu lestarganga í heiminum í Erstfeld í Sviss í gær. Göngin eru 57 kílómetra löng og liggja undir Ölpunum. Gerð þeirra hófst fyrir sautján árum. NORDICPHOTOS/AFP

3. Hermenn Peshmerga, hersveita Kúrda í Írak, skjóta á skriðdreka úr fallbyssu nærri bænum Hasan Sham austur af borginni Mósúl. Kúrdar leiða nú sókn gegn hryðjuverkasamtökunum sem kenna sig við íslamskt ríki á svæðinu. NORDICPHOTOS/AFP

4. Verkfallsmaður með grímu Guillaume Peppy, forstjóra frönsku lestastofnunarinnar, mótmælir við lestarteina í borginni Lyon í gær. Starfsmenn stofnunarinnar hófu verkfall í gær eftir mánaðalanga kjaradeilu við ríkisstjórnina. Ríkisstjórnin vonast til þess að verkfallinu ljúki áður en Evrópumeistaramótið í knattspyrnu hefst þann níunda þessa mánaðar. NORDICPHOTOS/AFP

5. Mótmælendur skjóta málningu úr vatnsbyssum á skrifstofur Gjorge Ivanov, forseta Makedóníu. Mótmælendurnir lýstu yfir óánægju sinni með þá ákvörðun forsetans að náða 22 stjórnmálamenn sem var verið að rannsaka í umfangsmiklu hlerunarmáli. NORDICPHOTOS/AFP






bliss
from our spa to your skin
20%
afsláttur af Bliss
vörum fimmtudag
til sunnudags
taktu af...
og geislaðu.
fabulous makeup melt
gel-to-oil cleanser
tekur af öll óhreinindi og farða,
einnig vatnsheldan maskara.
Skilur eftir geislandi hreina húð.
Glæsilegur kaupauki fylgir öllum keyptum
Bliss vörum í fullri stærð*
*meðan birgðir endast
bliss
fabulous
makeup melt
gel-to-oil cleanser
the performance
of a gel
the makeup removal
of an oil
formulated with spa
essential oils
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

# Frábær tilboð í allan dag!

| | | | |
|---|---|---|---|
| AFSLÁTTUR<br>15%<br>af öllum vörum<br>VILA CLOTHES | AFSLÁTTUR<br>25% af öllum vörum<br>NEMA<br>20% af snyrtivörum<br>DEBENHAMS | AFSLÁTTUR<br>25%<br>af verði allra vörutegunda<br>THE BODY SHOP | AFSLÁTTUR<br>20-50%<br>af hár og snyrtivörum<br>MODUS Hárstofa SMÁRALIND |
| AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum<br>ÚTILÍF | AFSLÁTTUR<br>10-40%<br>af öllum vörum<br>LEVI'S | AFSLÁTTUR<br>15%<br>af öllum vörum<br>VERO MODA | AFSLÁTTUR<br>15%<br>af öllum vörum<br>JACK & JONES |
| AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum<br>SELECTED | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum<br>name it | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum blek- og símavörum<br>Blekhylki.is | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum nema hörðum ferðatöskum<br>Drangey |
| AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum<br>PANDORA ÓGLEYMANLEG AUGNABLIK | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum skóm<br>STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum skóm<br>Kaupfélagið | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum<br>AIR |
| AFSLÁTTUR<br>20%<br>af iPhone 6 og öllum aukahlutum í sömu kaupum<br>vodafone | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum skóm<br>skórnir þínir | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum silfurskartgripum<br>Jens | TILBOÐ<br>1.890 kr.<br>hlaðborð og gos fylgir með<br>Pizza Hut |
| AFSLÁTTUR<br>Allt að 50%<br>af völdum vörum<br>Superdry. 極度乾燥(しなさい) | AFSLÁTTUR<br>25%<br>af öllum Iglo Indi fatnaði og fleiri flott tilboð<br>iglo+indi | AFSLÁTTUR<br>20%<br>af öllum vörum<br>JOE BOXER | TILBOÐ<br>1.559 kr.<br>Sumarsalat og Kristall<br>serrano FRESH • HAPPY • MEX |
| AFSLÁTTUR<br>50% af öllum vörum<br>20–70% af öllum fatnaði í BOYS<br>Ice in a bucket | | | |

SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 79671 06/16

# Glæsilegtilboð sem

## Opið til 24



AFSLÁTTUR
20%
vildarafsláttur af öllum vörum
Penninn Eymundsson

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
A4

TILBOÐ
3 fyrir 2
af öllum vörum
SIX

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
meba | rhodium

AFSLÁTTUR
15%
af öllum skóm
BOSSANOVA

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
DÝRABÆR

AFSLÁTTUR
15%
af matseðli
JOE & THE JUICE

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
TOPSHOP

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
DOROTHY PERKINS

AFSLÁTTUR
50%
af öllum vörum
evans.

AFSLÁTTUR
20%
af Teryaki kjúklingi m/ hrísgrj. og af kjúklinga- salati m/ristuðum hnetum
energia

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
PLUSMINUS OPTIC

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
herra GARÐURINN -klæðir þig vel

AFSLÁTTUR
20%
af Hario Cold brew, Sumarkaffi, Keníukaffi og sumardrykkjum
Kaffitár

AFSLÁTTUR
20%
af öllum sumardrykkjum
TE & KAFFI

AFSLÁTTUR
20%
af snyrtivörum, gjafakössum, ilmum og sokkabuxum
LYFJA

AFSLÁTTUR
3 fyrir 2 af skarti
20% af öllum öðrum vörum
MOA

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum. Gildir ekki af öðrum tilboðum
LINDEX

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
Optical Studio

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
ESPRIT

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
DÚKA

TILBOÐ
1.790 kr.
Mexíkó kjúklingasalat, Bernaise-borgari.
1.690 kr.
Ostborgari með frönskum
CAFÉ ADESSO

TILBOÐ
2 fyrir 1
af öllum vörum
MegaStore

AFSLÁTTUR
20%
af öllum glösum og skálum
Líf&List SMÁRALIND

ALLAR UPPLÝSINGAR BIRTAR MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

# gilda í allan dag

AFSLÁTTUR
20%
af öllum peysum og völdum regnkápum
66° NORÐUR

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
CORNER

AFSLÁTTUR
10–30%
af öllum vörum
JÓN & ÓSKAR

AFSLÁTTUR
10% Ef keypt er ein flík
15% tvær flíkur
20% þrjár flíkur
Gildir ekki af öðrum tilboðum
comma

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
MAKE UP STORE

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
galleri sautján

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
KARAKTER KONUR

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
gs skór

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
focus

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
Dressmann

AFSLÁTTUR
20%
af öllum vörum
Dressmann XL

AFSLÁTTUR
20%
af öllum snyrtivörum, F&F og sérvöru (nema Weber)
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

TILBOÐ
679 kr.
New York Margarita sneið og gosglas
SBARRO NYC 1956

AFSLÁTTUR
10.000 kr.
af iPhone 6S og 6S plus, Chant hátalari fylgir með
Síminn

TILBOÐ
1.490 kr.
12" bátur og gos
Hlölla bátar

TILBOÐ
1.099 kr.
allir 12" bátar og miðstærð af gosi
SUBWAY

AFSLÁTTUR
25%
af öllum Cintamani vörum
CINTAMANI
WWW.CINTAMANI.IS

AFSLÁTTUR
15%
af aukahlutum
EPLI

AFSLÁTTUR
10%
af öllum vörum
LEGO
Legóbúðin
Smáralind

AFSLÁTTUR
25%
af öllum tímakortum
SMÁRA TÍVOLÍ

AFSLÁTTUR
20%
af öllum glerkrukkum og glervösum
ALL OVER THE WORLD

AFSLÁTTUR
20% af öllum Razer-vörum og spiluðum leikjum
10% af Overwatch, og fl. leikjum
GAME STÖÐIN

TILBOÐ
500 kr. Pylsa og Coke
800 kr. Pylsa og shake
ÍSBÚÐIN Kjörís SMÁRALIND

AFSLÁTTUR
20%
af öllum luktum
BJARKARBLÓM

## Opið til 24



SMÁRALIND

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

ÍSLENSKA/SIA.IS SML 79671 06/16

# VIÐSKIPTI

## Gunnar Haraldsson formaður fjármálaráðs

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur skipað fjármálaráð í samræmi við lög um opinber fjármál sem tóku gildi um áramót. Gunnar Haraldsson verður formaður ráðsins en auk hans sitja Ásgeir Brynjar Torfason og Þóra Helgadóttir í ráðinu. Til vara eru skipuð þau Axel Hall, Anna Varðardóttir og Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir, tilnefnd af Alþingi.

Ráðið er sjálfstætt og er því ætlað að leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun, sem ríkisstjórn leggur fyrir Alþingi, fylgi þeim grunngildum sem lögin segja að stefnumörkun í opinberum fjármálum skuli byggð á. Þau eru sjálfbærni, varfærni, stöðugleiki, festa og gagnsæi. – **jhh**

## Spá minni hagvexti

OECD telur að hagvöxtur í Bretlandi verði minni í ár en áður var talið. Nú er talið að 1,7 prósenta hagvöxtur verði á þessu ári, sá minnsti síðan 2012. Ástæðan er sú að talið er að þjóðaratkvæðagreiðslan um áframhaldandi aðild Bretlands að Evrópusambandinu muni hafa neikvæð áhrif á efnahaginn.

Stofnunin segir að staða efnahagsmála í heiminum sé viðkvæm og lítilsháttar áfall gæti haft verulega neikvæð áhrif. – **jhh**

# CCP ætlar að efla samstarfið við íslenska háskólasamfélagið

**CCP hefur ráðið nýjan framkvæmdastjóra á Íslandi, en forstjórinn er að flytjast til Lundúna. Nýi framkvæmdastjórinn segir mikla uppbyggingu fram undan á Íslandi og vill gott samstarf við háskólasamfélagið.**

Stefanía G. Halldórsdóttir tekur við sem framkvæmdastjóri CCP á Íslandi á næstunni, en Hilmar Veigar Pétursson, forstjóri CCP, flytur til Lundúna þar sem CCP er að setja upp nýja skrifstofu. Stefanía hefur unnið hjá fyrirtækinu frá árinu 2010 en undanfarin tvö ár hefur hún stýrt verkefnum CCP í Sjanghæ í Kína.

„Ég er yfirþróunarstjóri hjá CCP í Kína. Þar hef ég yfirumsjón með framleiðslu á öllum verkefnum innan stúdíósins og rek EVE Online í Kína," segir Stefanía. Hún segir að notendahópur EVE í Kína sé mátulega stór en leikurinn hefur verið rekinn þar frá árinu 2006.

Staðan sem Stefanía er ráðin í hér á landi er ný hjá fyrirtækinu. Stefanía segir að fyrirtækið vilji efla skrifstofu sína hér og fjölmörg verkefni séu í farvatninu. „Við erum með tilraunaverkefni hér í gangi og mitt hlutverk verður að styðja við ný verkefni, styðja við samstarf við háskólana hér á Íslandi og fleiri aðila og styrkja starfsemina," segir hún.



Stefanía hefur undanfarið unnið fyrir CCP í Sjanghæ en ætlar nú að flytja til Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Árið 2018 munum við flytja í Vatnsmýrina, nær Háskóla Íslands, og það er stefna okkar að vinna mjög vel með háskólasamfélaginu og styrkja það samstarf allt og ná til samfélagsins.**
>
> Stefanía G. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri CCP á Íslandi

Stefanía segir að eitt af hlutverkum skrifstofunnar hér sé að þróa nýja leiki upp úr tilraunaverkefnum ásamt því að þróa EVE Online áfram. Saga fyrirtækisins hér spanni nítján ár og fyrirtækið hafi því mikla reynslu af því að þróa leiki og ekki síst að reka leiki á netinu. Þekktasti leikur CCP, EVE online, er orðinn þrettán ára. „Við ætlum að nýta þessa þekkingu til þess að búa til fleiri vörur. Það er allt of snemmt að segja til um hvaða leikir verða til úr þessu og hvernig þeir verða vegna þess að ég mun vinna þetta allt með fólki hér innanhúss," segir Stefanía.

CCP er í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík og Stefanía leggur áherslu á að því samstarfi verði haldið áfram. „Við erum búin að vera að vinna í því að styrkja þetta samstarf. Árið 2018 munum við flytja í Vatnsmýrina, nær Háskóla Íslands, og það er stefna okkar að vinna mjög vel með háskólasamfélaginu og styrkja það samstarf allt og ná til samfélagsins," segir Stefanía. Hún segir fyrirtækið leggja áherslu á að ráða vel menntað starfsfólk. Það sé þess vegna eitt af hlutverkum fyrirtækisins að eiga gott samstarf við háskólana. „Við leggjum eitthvað gott til og allir vinna saman," segir Stefanía.

**jonhakon@frettabladid.is**







Már Guðmundsson seðlabankastjóri segist vonast til að hefja afnám hafta með haustinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Vinna við frumvarp gegn fjármagnsinnflæði tefst

„Við sögðum að þetta þyrfti að koma fyrir almenna losun hafta og kannski æskilegt að það hefði verið í kringum útboðið. Af því þetta var orðið svo mikið, allt sem þurfti að gera í undirbúningi þessara laga og því um líkt, reyndist það ekki mögulegt," segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri um frumvarp sem veita á Seðlabankanum heimild til að taka á vaxtamunarviðskiptum. Seðlabankinn tilkynnti í gær að stýrivextir yrðu óbreyttir, 5,75 prósent, en bindiskylda yrði lækkuð í 0,5 prósent í aðdraganda aflandskrónuútboðs sem fer fram þann 16. júní. Már sagði í gær að stefnt væri að því að stíga afgerandi skref varðandi afnám gjaldeyrishafta með haustinu.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra hafði áður sagt að til stæði að leggja fram frumvarp um efnið á vorþingi.

Már talaði fyrir því, við kynningu Fjármálastöðugleika Seðlabankans í apríl, að heppilegra væri að bindiskyldu yrði beitt á innflæði fjármagns í stað skattlagningar sem einnig hafi komið til álita. Ókostur skattlagningarleiðar væri að bregðast þyrfti snöggl ega við aðstæðum á gjaldeyrismarkaði. „Þá þýðir ekkert að hlaupa niður í þing og biðja um að breyta skattinum," sagði Már, enda liggi skattlagningarvaldið hjá Alþingi. Hann nefndi sæm dæmi að féð sem bundið væri gæti orðið á núll prósent vöxtum og bundið í eitt ár. – **ih**

# The Body Shop á Íslandi er

# 25 ára

## 25% afsláttur

**af verði allra vörutegunda dagana 2.-4. júní**

THE BODY SHOP®

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

Finndu okkur á Facebook og Snapchat

## Þrælahald



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Enn eitt mansalsmálið er nú til rannsóknar hjá lögreglu, nú meint vinnumansal hjá starfsmanni Félags heyrnarlausra. Hvað á endanum reynist rétt og rangt í því einstaka máli er fyrir lögregluyfirvöld og dómstóla að skera úr um en fljótlega verður hægt að tala um mansalsfaraldur hér á landi. Hver fréttin af meintu vinnumansali hér og þar á landinu rekur aðra, víðs vegar um landið og í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Ísland er í 49. sæti á heimsvísu í nýrri skýrslu Global Slavery Index sem kom út í fyrradag. Ísland fær þar einkunnina B sem er með þeim lægstu í Vestur-Evrópu þegar kemur að því hvernig stjórnvöld taka á þrælahaldi en talið er að á Íslandi séu 400 vinnuþrælar. Til samanburðar eru 1.000 taldir vinnuþrælar í allri Danmörku og aðeins 900 í Noregi.

Setja má fyrirvara við nákvæmni þessarar niðurstöðu en tíðar fréttir af grun lögreglu um vinnumansal staðfesta að slíkt er staðreynd hér á landi og stórt vandamál. Á málþingi innanríkis- og utanríkisráðuneytanna í samstarfi við lögregluna um mansal sem haldið var í lok maí var það niðurstaða fundargesta að markvissra aðgerða sé þörf í baráttunni gegn mansali og nauðsynlegt að virkja sem flesta með fræðslu og vitundarvakningu.

Niðurstaða fundarins er rétt. Ljóst er að mikillar fræðslu er þörf. Stjórnvöld hafa fyrir nokkru áttað sig á þessu. Innanríkisráðuneytið hefur staðið fyrir fræðsluátaki um land allt þar sem yfir tvö þúsund manns hafa setið fræðslufundi. ASÍ stendur í samstarfi við aðildarsamtök sín að verkefni gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með yfirskriftinni Einn réttur – ekkert svindl. Þar er markmiðið að tryggja kjör og réttindi á íslenskum vinnumarkaði fyrir alla sem hér starfa, þar með talda útlendinga sem hingað koma og ungt fólk sem er að hefja þátttöku á vinnumarkaði.

Eitt af stærstu vandamálunum í baráttunni við mansal er að þolendur þess gera sér oft og tíðum ekki grein fyrir stöðu sinni og að verið sé að brjóta á réttindum þeirra. Á málþingi ráðuneytanna sagði Alda Hrönn Jóhannsdóttir, aðallögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, að þolendur mansals hefðu oftast ekki hugmynd um hvað mansal er.

Þá geta gerendur einnig verið fáfróðir um gjörðir sínar í lagalegu samhengi. Það má að minnsta kosti vona að fáir leggi upp með að fara út í mansal í rekstri sínum. En það er nauðsynlegt að allir sem með mannaforráð fara séu upplýstir um að það er stutt á milli þess að svindla örlítið á starfsfólki sem þekkir ekki rétt sinn og þar til svindlið er orðið markvisst, launin ólöglega lág, vinnutími of langur, vinnuaðstæður hættulegar og svo framvegis.

Fleiri og fleiri virðast vera orðnir meðvitaðir um að þessi vandi er raunverulegur hér á landi og að allir þurfi að vera með mansalsgleraugun á nefinu til að slík brotastarfsemi festi ekki rætur. Á tímum þar sem erlent vinnuafl streymir til landsins er einkar mikilvægt að sofna ekki á verðinum og halda áfram að breiða út boðskapinn.

> Á tímum þar sem erlent vinnuafl streymir til landsins er einkar mikilvægt að sofna ekki á verðinum og halda áfram að breiða út boðskapinn.






## Halldór




## Frá degi til dags

**Pólitískar aurskriður**

**Guðni Th. Jóhannesson forsetaframbjóðandi þarf að verjast árásum sem dynja nú á honum frá stuðningsmönnum annarra frambjóðenda. Einhverjir hafa dreift því að á 39. mínútu í Föstudagsviðtali Fréttablaðsins og Bylgjunnar um síðustu helgi hafi Guðni hlegið þegar Sturla Jónsson segist hafa misst allt sitt í hruninu. Þessu er dreift með það að markmiði að sýna Guðna sem kaldrifjaðan og andstyggilegan mann sem hlæi að óförum annarra. Hið rétta er að það er Sturla sjálfur sem hlær þegar hann greinir frá fjárhagsstöðu sinni. Það gerir hann til að létta andrúmsloftið eftir einlæga frásögn af persónulegum erfiðleikum. Hafa skal það sem sannara reynist.**

**Full bjartsýni**

**Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra afhenti í gær Eimverki vaxtarsprota ársins. Eimverk, sem framleiðir viskí, gin og ákavíti, hefur aukið hagnað sinn um 333,3%. Skemmtileg tilviljun þegar vonir standa til að meirihluti sé á þingi fyrir áfengisfrumvarpinu margumtalaða. Ætla má að þjóðin sé full bjartsýni yfir aukinni áfengisframleiðslu. Það fer þó frekar illa saman við að horfa skýrt fram á veginn enda borgar sig að vera allsgáður við akstur. Vonandi gefur velgengni sprotafyrirtækja fleiri tilefni til að skála á næstunni.**

snaeros@frettabladid.is

## Til í slaginn



Oddný Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Samfylkingin, jafnaðarmannaflokkur Íslands, hefur ákveðið að blása til landsfundar 3.-4. júní, endurnýja forystusveit flokksins og skerpa á stefnumálunum. Samfylkingin mun mæta fersk til leiks að loknum landsfundi. Og það er tilhlökkunarefni fyrir alla þá sem þrá að finna baráttunni fyrir jafnrétti og réttlæti greiðan farveg. Ég vil leiða þá baráttu og vil að velferðarmálin verði þar sett í öndvegi.

Augljóst kosningamál jafnaðarmanna verður gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta enda eru gjöldin sem sjúklingar greiða allt of há og of margir draga það þess vegna að leita sér lækninga. Bygging nýs Landspítala, áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila, framkvæmd geðheilsustefnu og betri heilsugæsla sem er samstillt félagsþjónustu sveitarfélaga, eru allt aðkallandi velferðarmál. Jafnrétti til náms verður einnig kosningamál samofið raunhæfri byggða-, mennta- og atvinnustefnu. Húsnæðisgreiðslur, barnagreiðslur og lengra fæðingarorlof mætir þörfum ungra barnafjölskyldna. Einfaldari og betri almannatryggingar eru nauðsynlegar.

**Spilling**

Til að fjármagna velferðina þarf fullt verð fyrir afnot af auðlindum þjóðarinnar að renna í ríkissjóð og allir þurfa að leggja sitt af mörkum. Með Panama-skjölunum komst upp um Íslendinga sem höfðu nýtt sér skattaskjól og sumir þeirra hafa væntanlega talið sér vera þar óhætt, í skjóli fyrir skattinum á Íslandi. Við eigum að nýta það tækifæri sem Panama-skjölin gefa okkur til að uppræta kerfi blekkingar og spillingar sem búið hefur verið til fyrir þá sem vilja komast hjá því að greiða sinn hlut til samfélagsins. Einhverjir eigendur aflandsfélaga fengu háar fjárhæðir afskrifaðar í kjölfar falls bankanna haustið 2008. Dæmi eru um að kröfur í þrotabú bankanna hafi verið vistaðar í aflandsfélögum. Háar fjárhæðir hafa komið til landsins í gegnum gjaldeyrisútboð Seðlabankans og eigendur þess fjár fengið þar verulegan ábata. Upplýsa þarf hvort hér sé í einhverjum tilfellum um sömu aðila að ræða, því slíka spillingu og siðleysi má alls ekki líða.

> Augljóst kosningamál jafnaðarmanna verður gjaldfrjáls heilbrigðisþjónusta.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Breytileg átt

Í DAG



Þorvaldur Gylfason
prófessor

Við lifum óvissa tíma. Skyndilega hafa veður skipazt svo á lofti að skýin hrannast upp. Á tíma kalda stríðsins fram að hruni kommúnismans um 1990 voru ýmis utanríkismál að sönnu ótrygg, en innanríkismál í okkar heimshluta ollu engum sérstökum áhyggjum á heildina litið. Lífskjör almennings bötnuðu jafnt og þétt og rótgróið ranglæti vék smám saman fyrir nútímalegri afstöðu til mannréttinda. Munaði þar mest um nýja mannréttindalöggjöf í Bandaríkjunum 1964, 99 árum eftir afnám þrælahalds. Margt annað lagðist á sömu sveif. Paul McCartney komst að því löngu síðar að bannaðar bítlaplötur og kjarkurinn sem þær kveiktu voru taldar eiga umtalsverðan þátt í að grafa undan ógnarveldi kommúnista í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu.

### Tala, synda, fljúga

Meðal þeirra sem hafa vakað yfir rás atburðanna af áhorfendapöllunum áratug fram af áratug er bandaríski málfræðingurinn Noam Chomsky, prófessor í Tækniháskólanum í Massachusetts (MIT) sem ég nefndi á þessum stað fyrir viku. Af Chomsky er mikil saga. Hann er einn helzti málfræðingur samtímans, umbylti þeirri grein líkt og Albert Einstein umbylti eðlisfræði og Sigmund Freud umbylti sálarfræði. Noam Chomsky innleiddi þá hugsun í málfræði að maðurinn hafi meðfæddan hæfileika til að tala líkt og fiskar hafa meðfæddan hæfileika til að synda og fuglar til að fljúga. Þessi einfalda hugmynd – að hæfileikinn til að tala liggi í erfðavísum – leiddi til gagngerrar endurskoðunar á skilningi manna á eðli mannamáls og skýrði hvers vegna allt mál er í eðli sínu eins þótt tungumál heimsins séu býsna mörg og ólík á yfirborðinu.

### Sálumessa bandaríska draumsins

Noam Chomsky var jafnframt á kafi í pólitík frá unga aldri þótt hann léti nemendur sína á MIT aldrei finna fyrir því. Hann barðist m.a. gegn styrjöldinni í Víetnam, var á óvinalista Richards Nixon Bandaríkjaforseta 1968-1974 og var handtekinn oftar en einu sinni. Mörgum

> **Vandinn hefur ágerzt. Bandarískir þingmenn verja að jafnaði þrem vinnudögum í viku til fjáröflunar.**

hefur þótt málflutningur hans fjarlægur, jafnvel öfgakenndur, en atburðir síðustu ára bregða nýrri birtu á málið. Margt af því sem Chomsky hefur sagt um Bandaríkin virðist nú miklu nær réttu lagi en áður. Áhugi Bandaríkjamanna og einnig bandarískra hagfræðinga á skiptingu auðs og tekna var lítill sem enginn áratugum saman þar til upp úr sauð eftir hremmingarnar sem hófust 2007-2008. Það var eins og menn vöknuðu þá fyrst upp við þann vonda draum að kaupmáttur venjulegra launa hafði staðið í stað áratugum saman á meðan auðstéttirnar mokuðu krókinn.

Upp úr þessum jarðvegi er sprottið forsetaframboð Bernie Sanders, lýðræðissósíalista sem hefði aldrei fyrr getað fengið kjósendur til að hlusta á sig eins og honum hefur tekizt í prófkosningum demókrata síðustu mánuði. Upp úr þessum jarðvegi má einnig segja að framboð Donalds Trump sé sprottið þótt ólíku sé að öðru leyti saman að jafna. Sanders berst gegn misskiptingu og hyggst skera upp herör gegn henni, en Trump gerir út á misskiptinguna þótt hann tali ekki gegn henni berum orðum, auðkýfingurinn. Líku máli gegnir um Noam Chomsky. Nú hlusta menn á hann af athygli líkt og Bernie Sanders í ljósi breyttra aðstæðna. Chomsky fer yfir sviðið í nýrri kvikmynd, Sálumessa bandaríska draumsins.

### Samband auðs og valda

Noam Chomsky rekur í myndinni hvernig kjörnir fulltrúar hneigjast til að hlaða undir auðmenn og öfugt. Þegar hann talaði um auðvald á fyrri tíð hljómaði hann e.t.v. úr grárri forneskju. Fáir hlustuðu. En nú þegar Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur nýlega (2010) rutt til hliðar öllum hindrunum í vegi auðmanna sem vilja kaupa sér völd og áhrif sér margt venjulegt fólk í hendi sér að þetta er rétt hjá Chomsky. Hann sá hættuna fyrir, greindi þróunina rétt og gafst ekki upp. Og hann varar enn sem fyrr við hættunni sem lýðræðisskipaninni stafar af sambandi auðs og valda. Vandinn hefur ágerzt. Bandarískir þingmenn verja að jafnaði þrem vinnudögum í viku til fjáröflunar. Traust almennings á Bandaríkjaþingi og Hæstarétti er hrunið. Auðmenn eins og Donald Trump hafa forskot á aðra frambjóðendur og þröngva keppinautum með minni fjárráð upp í flasið á fjársterkum bakhjörlum. Eini forsetaframbjóðandinn í ár sem hefur tekizt að rjúfa þessa reglu er Bernie Sanders. Hann tekur aðeins við lágum framlögum einstaklinga og hefur með því móti getað safnað nokkurn veginn jafnmiklu fé til þessa og keppinauti hans Hillary Clinton hefur tekizt að safna með gamla laginu, þ.e. með hjálp auðmanna.

Hörð átök nú um skipun nýs dómara í Hæstarétt í stað Antonins Scalia sem lézt fyrir nokkru snúast ekki sízt um samband auðs og valda. Takist Barack Obama forseta að fá þingið til að staðfesta skipun þess dómara sem hann hefur útnefnt, má ætla að hæstiréttur muni á ný reisa skorður við fjárútlátum til stjórnmálaflokka og manna. Takist Obama ekki ætlunarverk sitt og sigri Donald Trump í forsetakosningunum í haust er við því að búast að auðvaldið haldi áfram að blómstra í Bandaríkjunum á kostnað almennings, lýðræðið haldi áfram að laskast enn frekar en orðið er og álit landsins að þverra í augum umheimsins.

# Rangfærslurnar



Ragnheiður Elín Árnadóttir
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Í leiðara Fréttablaðsins í gær er meint verkleysi ríkisstjórnarinnar í málefnum ferðaþjónustunnar á kjörtímabilinu til umræðu. Þar finnst mér bera á þó nokkrum skorti á upplýsingum og því tel ég nauðsynlegt að draga nokkrar staðreyndir fram.

Sú fyrsta er að aldrei áður hefur meiri fjármunum verið varið til uppbyggingar innviða á ferðamannastöðum en í tíð þessarar ríkisstjórnar. Á kjörtímabilinu hefur 2,3 milljörðum króna verið veitt í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamannastaða til margra tuga verkefna um allt land. Í þjónustuhús og bætta salernisaðstöðu hefur um 350 milljónum verið varið, þar af rúmum 300 milljónum í ár og í fyrra. Það er því einfaldlega rangt sem leiðarahöfundur heldur fram um að ekkert hafi verið gert til að finna lausn á því hvernig takast eigi á við innviðauppbygginguna, eins og það er orðað í leiðaranum. Skýrsla EFLU um salernismál (sem reyndar var birt opinberlega 20. maí, þó svo að leiðarahöfundur hafi ekki séð hana fyrr en í fyrradag) er unnin að beiðni stjórnvalda til að leggja mat á ástand mála, meta hvar mestra úrbóta er þörf svo forgangsraða megi verkefnum og hraða þeim sem mest. Ýmsar tillögur eru gerðar til úrbóta og einnig bent á hverjar helstu hindranir úrbóta hafa verið.

Í skýrslunni eru tilgreindir níu vinsælir staðir þar sem staðan er metin verst. Þegar er unnið að úrbótum við fimm þeirra; Goðafoss, Grábrók, Látrabjarg, Hjálparfoss og Dyrhólaey. Hinir fjórir staðirnir, Jökulsárlón, Seljalandsfoss, Dettifoss og Kerið, eiga það allir sammerkt að vera ýmist í einkaeigu eða í eigu sveitarfélaga. Staða þeirra mála er því á ábyrgð eigenda svæðanna, í einhverjum tilfellum eru deilur á milli eigenda að tefja fyrir úrbótum, annars staðar vantar að ljúka skipulagsvinnu og á enn öðrum telja menn ekki þörf á salernum vegna nálægðar við aðra þjónustukjarna.

Og þá að fréttaflutningnum – „vorboðanum ljúfa“ eins og leiðarahöfundur kallar hann – af ferðamönnum sem ganga örna sinna hér og þar. Sem dæmi nefnir höfundur fréttir frá því í fyrra af ferðamanni sem gerði slíkt í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. Hvorki í leiðaranum – né í fréttinni sem vísað er til – er minnst á að í innan við 10 mínútna göngufæri við þjóðargrafreitinn eru í kringum 50 salerni sem þessum ferðamanni stóðu til boða. Er það aðstöðuleysi um að kenna að maðurinn kýs að fara þessa ósmekklegu leið sem vísað er til í fréttinni? Með sama hætti var ekki nefnt í fréttinni í fyrradag, um sambærilegt athæfi í heimreið við bæ í Eyjafirði, að sá staður er í um 10 km fjarlægð frá Akureyri og allri þeirri aðstöðu sem höfuðstaður Norðurlands býður upp á. Nú má ekki skilja sem svo að ég sé á einhvern hátt að réttlæta þetta athæfi, þvert á móti finnst mér það ógeðslegt hreint út sagt. En mitt verkefni er að vinna að því að tryggja aðstöðuna og bæta úr henni þar sem þess gerist þörf.

Í leiðaranum er einnig fjallað um skort á langtímastefnumörkun í málaflokknum. Það er alrangt eins og flestir vita og fjallað hefur verið ítrekað um í fjölmiðlum síðustu mánuði og misseri. Vegvísir í ferðaþjónustu, sem er afrakstur samstarfs stjórnvalda og Samtaka ferðaþjónustunnar, var kynntur í október sl. Vinna við hann hófst haustið 2014 og tóku yfir 1.000 manns beinan þátt í þeirri vinnu. Stjórnstöð ferðamála, sem er samræmingar- og samstarfsvettvangur, tók svo til starfa 1. nóvember 2015, en þar koma ríkið, sveitarfélög og greinin sjálf sameiginlega að innleiðingu Vegvísisins. Þegar hefur náðst góður árangur af því samstarfi. Tryggðir voru auknir fjármunir til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða á þessu ári, búið er að forgangsraða til öryggismála og öll þau verkefni sem sett voru á oddinn í Vegvísinum eru ýmist hafin, í undirbúningi eða jafnvel lokið.

Hér er einungis búið að nefna örlítið brot af því sem unnið hefur verið í málaflokki ferðaþjónustunnar á kjörtímabilinu. Auðvitað er verkefnalistinn hvergi tæmdur og áfram þarf að vinna í sameiningu að því að gera enn betur. Ég er að sjálfsögðu reiðubúin til þess að setjast niður með leiðarahöfundi hvenær sem er til þess að fara betur yfir þessi mál og veita allar þær upplýsingar sem hægt er til þess að tryggja að umræðan megi frekar verða á grundvelli staðreynda en ekki rangfærslna.




Wrangler er kominn aftur í Kringluna
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# KRÓNAN






ÍSLENSKA HAMBORGARA FABRIKKAN 2010

**1299 kr. pk.**
100% hágæða ungnautahamborgari, Brioche hamborgarabrauð, Fabrikkusósa og salt + pipar, 2 stk. í pakka

ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK

## 100% hamborgarabúðin þín

90g - 469 kr. pk.
120g - 599 kr. pk.
175g - 849 kr. pk.

★★★

Steikarborgari 120g
20% fita - góður á grillið
629 kr. pk.

★★★

alltaf 2 stk. í pakka




**2199 kr. kg.**
Beibíbakk grísarif Fabrikkunnar







**80 kr. stk.**
Kristall Mexíkó lime og límonaði 33cl



**499 kr. pk.**
Rösti kartöflur 6 stk.



**949 kr. pk.**
Grillborgarar með brauði 4stk.
Gott verð!



**649 kr. pk.**
Grillbakki maískólfar 4 stk.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl



KRÓNAN
Lambafile með rifjum
4199 kr. kg.
-20%
Arizona Kindaspjót
Kindaspjót Las Vegas marinerað
3439 kr. kg
Verð áður 4299 kr. kg
Gómsætt lambaævintýri
Rósmarín og piparmarinerað
1399 kr. kg
Verð áður 1659 kr. kg
Íslensk lambalæri
-15%
Lambaspjót tómatar + paprika
Lambaspjót Miðjarðarhafsmarinerað
New York marinerað
5099 kr. kg
Verð áður 5999 kr. kg
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 5. JÚNÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
Heimagerð ljúffeng pepparóní pizza
Peppaður kjúlli, gleði í hverjum bita
Grillaðu pizzu í kvöld
Pizzadej med fuldkorn
Pizzadeg med Fullkorn · Pizzadeigið með heilhveiti
UDRULLET PÅ BAGEPAPIR · UTKAVLAD PÅ BAKPLÅTSPAPPER
299 kr. pk.
Pizzadeig, 400g
RJÓMA OSTUR
509 kr. pk.
Rjómaostur, 400g
pizzasauce
280g
139 kr. stk.
First Price pizza sósa, 280g
PIZZADEIG
419 kr. pk.
Myllu pizzadeig, 400g
HEIMSHORN
Holta
FAJITAS
KJÚKLINGABRINGUR
979 kr. pk.
Holta heimshorn Fajitas, 300g
PIZZA OSTUR
200g
319 kr. pk.
Pizzaostur, 200g
GOÐI
PEPPERONI
479 kr. pk.
Goða Pepperoni, 110g
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 5. JÚNÍ - AFGREIÐSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS


KRÓNAN
25% afsláttur af ferskjum og nektarínum
259 kr. pk.
Verð áður 349 kr. pk.
Ferskjur og nektarínur 500g, Spánn
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
TILBOÐIN GILDA TIL 5. JÚNÍ - AFGREIDSLUTÍMAR Á WWW.KRONAN.IS

# Umdeild ummæli Magnúsar Orra Schram



**Birgir Dýrfjörð**
situr í flokksstjórn Samfylkingarinnar

**Lifandi samfélög taka breytingum. Stjórnmálahreyfingar mega ekki staðna.**

Við eigum að stofna nýja hreyfingu sem stefni saman fólki frá miðju til vinstri. Hreyfingu sem rúmar fjölbreyttar raddir og mörg sjónarmið." – Þessi ummæli Magnúsar Orra Schram lýsa þeim draumi að sameina alla jafnaðarmenn í einni öflugri hreyfingu. Hann vill hefja samtal við aðrar stjórnmálahreyfingar og fólk utan flokka, um auðlindir í almannaþágu, um nýja stjórnarskrá, umhverfisvernd, eflingu velferðar, jöfn tækifæri o.fl. o.fl.

Samfylkingin er ávöxtur þróunar og rökrétt er að halda opnum tækifærum til að hún geti þróast áfram. Á þeirri vegferð verður að sýna tillitsemi. Ekki má stranda á nafngiftum. Samfylkingin héldi t.d. vel sóma sínum í flokki sem héti Jafnaðarmannaflokkur Íslands.

Það er eðlilegt að fólki sýnist sitt hvað um framtíðarsýn Magnúsar Orra og ræði það. En afar ómakleg ummæli Ólínu Þorvarðardóttur og Margrétar Frímannsdóttur, í fjölmiðlum, gefa þó tilefni til að skoða aðdraganda og tilurð Samfylkingarinnar.

Margrét sagði m.a. að hugmyndin væri algjört bull og fólk ætti að skoða það sem fyrir er og byggja ofan á það. Lítilsvirðandi ummæli hennar í garð frambjóðendanna til formanns hirði ég ekki um að tíunda hér.

Fyrirsögnin um skrif Ólínu Þorvarðardóttur í fjölmiðlum var: „Ólína biðst vægðar gegn sjálfsmorðsárásum örvæntingarfullra formannsframbjóðenda."

Þar skrifar hún um „karlpeninginn" í Samfylkingunni, sem boðar dauða flokksins nema hann fái að ráða honum. Hún skrifar þar um, að flokkurinn geti dafnað vel fái hann frið fyrir fólki með þeirra hugarfar. Ætli ráðið til að fá frið fyrir „karlpeningnum" í Samfylkingunni sé þá að breyta henni í Kvennalista?

**Þróun samfylkingar félagshyggjufólks**

Haustið 1989 voru viðræður milli fólks úr Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum um að sameinast í framboði til borgarstjórnar Reykjavíkur. Ekki náðist eining í Alþýðubandalaginu, en öflugur hópur undir forystu Kristínar Ólafsdóttur, borgarfulltrúa og Margrétar Björnsdóttur og fleiri jafnaðarmanna í Alþýðubandalaginu ákvað að bjóða fram undir heitinu Nýr vettvangur. Það var forsenda fyrir framboðinu að Alþýðuflokkurinn yrði ekki formlegur aðili að því. Þá tók Alþýðuflokkurinn þá djörfu ákvörðun, í fyrsta sinn frá stofnun hans, að bjóða ekki fram eigin lista til borgarstjórnar. Hann gaf af sínu og lýsti yfir stuðningi við Nýjan vettvang.

Enginn sakaði forustu Alþýðuflokksins um sjálfsmorðsárás. Enginn sagði þá um félaga sína, – einsog Ólína nú: „Flokkurinn á alla möguleika á því að dafna vel fái hann frið fyrir fólki með þetta hugarfar." Enginn lýsti því sem „sjálfsmorðsárásum örvæntingafullra frambjóðenda". Enginn sagði þá að „karlpeningurinn" í Alþýðuflokknum „kepptist við að boða dauða flokksins nema þeir fái að stjórna honum".

Við röðun á framboðslista Nýs vettvangs var svo viðhaft opið prófkjör. Í efsta sæti listans lenti þekkt fréttakona í sjónvarpinu. Ólína Þorvarðardóttir. Hún var óflokksbundin. Varaformaður Alþýðuflokksins Jóhanna Sigurðardóttir hvatti svo flokksfólk mjög að kjósa óflokksbundna manneskju.

Líklega er það skáldleg gráglettni að tilvitnuð ummæli hér að ofan eru öll fengin úr skrifum Ólínu Þorvarðardóttur. Þau féllu vegna hugmynda Magnúsar Orra um að þróa Samfylkinguna áfram á nýjum vettvangi jafnaðarmanna.

**Var R-listinn sjálfsmorðsárás?**

Árið 1994 ákváðu félagshyggjuflokkarnir þrír í Reykjavík plús Kvennalistinn að sameinast í einu framboði, R-listanum. Líklega er tími R-listans árangursríkasta skeiðið í samstarfi félagshyggjuaflanna í landinu. Myndi Ólína kalla stofnun hans sjálfsmorðsárás? Varla. Árið 1994 varð einnig sá afdrifaríki atburður í sundrungarsögu félagshyggjuflokkanna að einn þeirra, Alþýðuflokkurinn, var klofinn. Jóhanna Sigurðardóttir, Ólína Þorvarðardóttir og fleiri góðir jafnaðarmenn stofnuðu Þjóðvaka eftir að Jóhanna Sigurðardóttir tapaði formannskjöri í Alþýðuflokknum. Þá hefði verið hægt að snúa fyrrgreindum ummælum Ólínu um Magnús Orra upp á hana sjálfa, og tala um „kvenpening, sem keppist við að boða dauða flokksins nema þær fái að stjórna honum". – Klofningur Alþýðuflokksins leiddi af sér stjórn Davíðs Oddssonar og Halldórs Ásgrímssonar, sem stóð í fjórtán ár, með þekktum afleiðingum.

Árið 1999 ákváðu Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkurinn, Samtök um kvennalista og Þjóðvaki að mynda kosningabandalag, sem síðar yrði flokkur. Kosningabandalagið var kallað Samfylkingin. Enginn var sakaður um sjálfsmorðsárás. Markmið Samfylkingarinnar var að ná öllum þessum flokkum í eina hreyfingu. Það gekk að mestu leyti eftir utan þó að Alþýðubandalagið klofnaði. Úr þeim klofningi varð til stjórnmálaflokkur, Vinstri græn, sem nú mælist helmingi stærri en Samfylkingin. Kannski er sú staðreynd ástæða fyrir beiskjunni í stóradómi Margrétar Frímannsdóttur, þáverandi formanns Alþýðubandalagsins, í sjónvarpinu 18. maí sl.

Ég hef hér að framan stiklað á nokkrum atriðum sem varða breytingar á starfsháttum félagshyggjuflokkanna á Íslandi. Lifandi samfélög taka breytingum. Stjórnmálahreyfingar mega ekki staðna. Þær verða að geta lagað starfshætti sína og skipulag að breyttum samfélögum. Það er kjarni lýðræðisjafnaðarmanna, að geta það og gera, án þess að grunnkenningin: „ég á að gæta bróður míns" breytist.

# Alþingi enn undir hæl Danakonungs?



**Ragnar Aðalsteinsson**
hæstaréttarlögmaður

**Hafa verður í huga að Alþingi setur almenn lög, en í stjórnarskrá er að finna þau lög sem þjóðin setur og binda þingið, sem er vanhæft til að ákveða valdmörk sín og leikreglur.**

Óumdeilt er að frá stofnun lýðveldisins árið 1944 hefur frumuppspretta ríkisvaldsins verið hjá þjóðinni. Þjóðin hefur rétt til að setja setja sér stjórnarskrá. Valdhafarnir sækja vald sitt til þjóðarinnar. Þrátt fyrir það hefur þjóðinni ekki tekist að setja sér sína eigin stjórnarskrá, enda þótt valdið til þess hafi verið hjá henni í meira en 70 ár. Hér verður leitast við að svara því hvað því veldur.

Lýðveldisstjórnarskráin frá 1944 er að meginstefnu til stjórnarskráin sem konungur afhenti þjóðinni árið 1874 eftir að hafa synjað staðfestingar á stjórnarskrártillögum Alþingis. Þetta er athyglivert í ljósi þess að meðallíftími stjórnarskráa á heimsvísu er aðeins 19 ár. Alþingi samþykkti árið 1942 að ekki skyldu gerðar aðrar breytingar á stjórnarskránni en þær, „sem beinlínis leiðir af sambandsslitum við Danmörku og því, að Íslendingar taka með stofnun lýðveldis til fullnustu í sínar hendur æðsta vald í málefnum ríkisins". Forseti kom í stað konungs, þó þannig að synjunarvald hans var takmarkaðra en konungs.

Í stjórnarskránni 1874 er ákvæði um aðferð við breytingu á stjórnarskránni og felst hún í samþykki Alþingis, almennum þingkosningum og staðfestingu hins nýkjörna þings auk staðfestingar konungs. Ákvæðið er efnislega óbreytt í gildandi stjórnarskrá að því undanskildu að staðfestingar konungs er ekki krafist. Þjóðin býr því enn við þá einhliða ákvörðun konungs frá 1874, að afskipti þjóðarinnar af endurskoðun stjórnarskrárinnar skuli takmarkast við þátttöku í almennum þingkosningum, sem snúast ekki um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Árin 1994-1995 var mannréttindakafli stjórnarskrárinnar endurskoðaður. Þá var því haldið leyndu hver eða hverjir hefðu samið tillögurnar en þær voru bornar fram af þeim stjórnmálaflokkum sem þá áttu fulltrúa á þingi. Hin fullvalda þjóð, sem Alþingi sækir vald sitt til og á rétt á að setja sér stjórnarskrá, fékk þrjár vikur til að koma að athugasemdum sínum við frumvarpið. Tilefni þess að þetta er rifjað upp hér er að minna á þá ríku tilhneigingu stjórnmálaflokkanna á þingi að líta svo á að þeir og þeir einir séu vörslumenn stjórnarskrárinnar og hún komi vart öðrum við. Vegna þess að frumkvæðið að breytingum á stjórnarskránni er í höndum Alþingis er örðugt að sjá fyrir sér hvernig þjóðin geti náð til sín löghelguðu valdi sínu sem hinn óskoraði stjórnarskrárgjafi.

Hlutverk stjórnarskrár er m.a. að kveða á um meðferð ríkisvalds og dreifingu þess og temprun. Hún setur valdhöfunum margvíslegar skorður við meðferð valdsins. Þeir sem fara með ríkisvald munu eðli málsins samkvæmt í lengstu lög leggjast gegn breytingum á stjórnarskránni, sem takmarka vald þeirra. Þetta viðhorf skýrir að verulegu leyti hin þinglegu afdrif tillagna stjórnlagaráðsins frá 2011. Þær tillögur horfðu mjög til aukinnar þátttöku og aukinna áhrifa almennings á þjóðmálin, þ.e. til aukins lýðræðis. Aukin afskipti almennings af þjóðmálum meðal annars með kröfum um þjóðaratkvæði hafa óhjákvæmilega í för með sér að hinir kjörnu fulltrúar verða að taka tillit til skoðana almennings, ekki aðeins í aðdraganda kosninga, heldur einnig samfellt á milli kosninga. Gangi meiri hluti þingsins gegn almannaviljanum á hann það á hættu að fram komi krafa um þjóðaratkvæði, sem kann að leiða til falls þeirrar ríkisstjórnar, sem þingmeirihlutinn styður.

Eina færa leiðin til að ná þeim rétti til þjóðarinnar að setja sér sjálf stjórnarskrá er að meirihluti þingsins fallist á að gera breytingar á fyrirmælum Danakonungs frá 1874 um það hvernig breyta megi stjórnarskránni, þannig að framvegis verði valdið til þess hjá þjóðinni, sem ákveður aðferðina við að semja stjórnarskrá og fullgilda hana að undangengnu lýðræðislegu ferli með þátttöku almennings ekki ósvipuðu því sem stjórnlagráð tíðkaði við samningu tillagnanna frá 2011. Hafa verður í huga að Alþingi setur almenn lög, en í stjórnarskrá er að finna þau lög sem þjóðin setur og binda þingið, sem er vanhæft til að ákveða valdmörk sín og leikreglur.

Fari svo að Alþingi beiti sér ekki fyrir þeirri breytingu á fyrirmælunum frá Danakonungi frá 1874 þá má segja að áhrifavald konungsins vari enn á Alþingi þrátt fyrir lýðveldisstofnunina og þingið sæki vald sitt til konungsins til að svipta fullvalda þjóðina valdi sínu til að setja sér stjórnarskrá. Þingið er þá enn undir hæl konungsins. Þjóðin þarf að finna leið til að losa þingið undan hæl hans.

# Að elska að hata Samfylkinguna



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

**Er eitthvað til „vinstri" við það að neita að láta bjóða í fiskveiðikvóta svo að þjóðin hagnist sem mest á eign sinni?**

Afar vinsælt er að finna Samfylkingunni flest til foráttu og kenna henni um flest það sem aflaga fór í síðustu ríkisstjórn og fyrir að hafa ekki leiðrétt allt það ranglæti sem þjóðin hefur verið beitt undanfarna áratugi. Hvort heldur það er

- ný stjórnarskrá
- innköllun aflaheimilda
- endurreisn heilbrigðiskerfisins

Svo aðeins fátt eitt sé talið.

Merkilegt er að engu er líkara en margir þeir sem elska að andskotast út í flokkinn fyrir að hafa „brugðist" t.d. í stjórnarskrármálinu eða innköllun kvótans virðast gjarnan vera aðilar sem vilja alls ekki nýja stjórnarskrá og engar breytingar á fiskveiðistjórninni, svo undarlega sem það kann að hljóma. Hér mætti t.d. nefna „Virkur í athugasemdum" en honum er mjög áfram um „svik" Samfylkingarinnar í stóru sem smáu.

**Vinstri, hægri, græn, blá**

Spyrja má hvar eigi að staðsetja Samfylkinguna á hefðbundnum vinstri/hægri – skala og þá jafnvel út frá því hvar aðrir flokkar hafa kosið að staðsetja sig. Hér skulu tilgreind nokkur dæmi.

- Er það „vinstri" við það að halda uppi matvælaverði til almennings með því að hamla innflutningi kjúklinga- og svínakjöts í samkeppni við „innlenda" framleiðendur með lögheimili á Tortóla?
- Hvað er „grænt" við það að greiða fyrir landgræðslu sem sauðfé fær svo óáreitt að bíta þannig að síðan sé hægt að borga aftur meðgjöf með útflutningi þess sama kjöts? (Eins og prófessor við Landbúnaðarháskólann hefur rakið í nokkrum blaðagreinum http://www.visir.is/storslysalegur-samningur/article/2016160529251)
- Hvað er „vinstri" við að festa í lög eina mjólkursamsölu í stað þess láta nægja að tryggja að allir bændur sitji við sama borð við söfnun mjólkur til einstakra úrvinnslustöðva?

Nú vill svo til að þessi þrjú ofangreindu tilvik eru öll einmitt stefna Sjálfstæðisflokksins og fleiri flokka í landbúnaðarmálum en spurningin er, eru þau samt til vinstri? Bændur eiga vísan stuðning allra flokka en það er ekki sama hvernig fjármunum til þeirra er varið hvort halda eigi þeim í fátæktargildru næsta áratuginn eða stokka upp kerfið.

**Útboð fiskveiðikvóta – vinstri/hægri?**

Er eitthvað til „vinstri" við það að neita að láta bjóða í fiskveiðikvóta svo að þjóðin hagnist sem mest á eign sinni? (Ef svo ólíklega vildi til að eitthvert byggðarlag kæmi verr út þá væri hægur vandi að vinna í því með þeim fjármunum sem fengjust úr útboðinu.) Er þessi afstaða vinstri eða hægri? Þetta er einmitt einnig stefna Sjálfstæðisflokksins og fleiri flokka, að koma í veg fyrir að þjóðin fái fullt gjald fyrir afnot útgerðarinnar af auðlind í þjóðareigu.

Þessi fáeinu dæmi gætu varpað ljósi á hvaða flokkar eiga samleið þegar um stærstu mál þjóðarinnar og afkomu almennings er að ræða. Hér er ekki alveg einfalt að nota hina hefðbundnu mælikvarða á stjórnmálaflokkana og mun rökréttara er að bregða kvarðanum „standa flokkarnir með hagsmunum almennings gegn sérhagsmunum?".


30% AFSLÁTTUR AF LUKTUM
30% AFSLÁTTUR • 30% AFSLÁTTUR • 30%
LIFE IS GREAT
GILDIR 2.- 8. JÚNÍ
GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS
25% AFSLÁTTUR
AF SUMARVÖRUM
BERISSO STÓLL
ÁÐUR 6.990,- NÚ 5.243,-
Stærð: 54.5x75.5xH81.5 cm.
BAMBOO STÓLL
ÁÐUR 9.990,- NÚ 7.493,-
Stærð: 58x45xH89 cm.
TRENEL
RATTAN STÓLL
ÁÐUR 29.900,- NÚ 22.425,-
Stærð: 63x74xH89 cm.
NID KÖRFUSTÓLL
ÁÐUR 59.900,- NÚ 44.925,-
Stærð: D94xH194 cm.
ILMUR MÁNAÐARINS
30% AFSLÁTTUR
JAPANESE GARDEN
ÁÐUR 2.990,- NÚ 2.093,-
MÓSAÍKBORÐ
VERÐ FRÁ 11.243,-
með afslætti
stærð: 60xH72 cm.
the PIER
Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880
Erum á Facebook • www.pier.is



Haukur Heiðar Hauksson og félagar í íslensku vörninni áttu ekki góðan dag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Ekki liðið sem fer til Frakklands

**Ísland tapaði fyrir Noregi, 3-2, í vináttulandsleik í Ósló í gærkvöldi. Mark eftir 40 sekúndur gaf tóninn fyrir Noreg. Ísland hefur nú fengið á sig nítján mörk í átta vináttulandsleikjum síðan EM-sætið var tryggt.**

EM2016

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is

**FÓTBOLTI** Ísland fékk áminningu í Ósló í gær. 3-2 tap og léleg frammistaða strákanna okkar þrettán dögum fyrir stærsta knattspyrnuleik Íslandssögunnar veldur mörgum áhyggjum. Eðlilega.

Leikurinn byrjaði skelfilega en Stefan Johansen skoraði eftir aðeins 40 sekúndur. Sverrir Ingi Ingason minnti þó á sig með góðu marki með skalla eftir fyrirgjöf áður en Norðmenn refsuðu öðru sinni, í þetta sinn gerði Pål Andre Helland það beint úr aukaspyrnu.

Síðari hálfleikur var skárri en strákarnir fengu samt á sig klaufalegt mark þegar Alexander Sörloth vippaði boltanum yfir varamarkvörðinn Ingvar Jónsson. Gylfi Þór Sigurðsson skoraði svo sárabótamark úr vítaspyrnu seint í leiknum.

Fyrir leik voru þjálfararnir búnir að vara við því að leikmenn væru í misjöfnu ástandi. Sumir ekkert búnir að spila í margar vikur, aðrir að koma úr meiðslum og enn aðrir sem hafa spilað mjög mikið á síðustu vikum. Síðastnefndi hópurinn kom lítið við sögu í gær og var því sterkasta liði Íslands ekki teflt fram í leiknum.

En miðað við þá áherslu sem þjálfararnir Lars Lagerbäck og Heimir Hallgrímsson hafa ætíð lagt á í máli sínu er íslenska landsliðið vanafast lið og samheldið þar sem hver leikmaður er sitt hlutverk á hreinu – sama hvað hann heitir.

Það var ekki að sjá á frammistöðunni í gær og fóru leikmenn ekki í felur með það eftir leik að frammistaðan var slök. Þjálfarinn Lars Lagerbäck gerði það ekki heldur.

### Óvenjulegt viðhorf leikmanna

„Maður á aldrei að afsaka svona frammistöðu en kannski er hluti skýringarinnar að undirbúningurinn fyrir leikinn var óhefðbundinn,“ sagði þjálfarinn og vísaði til þess að ástand leikmanna var misjafnt. Hann segir þó að það hafi verið óvenjulegt að sjá til íslenska liðsins í gær.

„Við eigum ekki að venjast því að sjá svona viðhorf hjá leikmönnum. Við töpum mörgum návígjum og Noregur vinnur fullt af seinni boltum. Við lásum ekki leikinn. Það er mikið af smáatriðum sem þurfa að vera í 100 prósent lagi en voru ekki.“

En þrátt fyrir allt hafa leikmenn ekki áhyggjur af stöðu mála og það gerir Lagerbäck ekki heldur. „Ég held að þú munir sjá miklu betra íslenskt lið þegar við komum til Frakklands.“

### Óvenjulegur Aron Einar

Aron Einar Gunnarsson hefur átt erfitt tímabil eins og kom fram í viðtali við hann í Fréttablaðinu í gær. Óvenjumikil bekkjarseta og meiðsli hafa sett strik í reikninginn og það sást greinilega í gær, sérstaklega í fyrri hálfleik. Aron Einar, sem hefur verið lykilmaður á miðju Íslands um árabil, var nánast dragbítur á liðinu í fyrri hálfleik.

> Ég held að þú munir sjá miklu betra íslenskt lið þegar við komum til Frakklands.
>
> Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari



> Ísland fékk á sig sex mörk í tíu leikjum í undankeppni EM. Ísland hefur síðan þá fengið á sig 19 mörk í átta vináttulandsleikjum.

En Lagerbäck nefnir að það sé jákvætt að Aron Einar hafi komist í gegnum næstum heilan leik án þess að finna fyrir meiðslunum og að Kolbeinn Sigþórsson hafi spilað 30 mínútur án þess að finna fyrir hnénu.

„Ég hafði ekki áhyggjur af liðinu fyrir þennan leik og hef ekki áhyggjur eftir hann. Við vitum hvað þetta lið getur og það kæmi mér verulega á óvart ef þeir myndu ekki sýna það í Frakklandi,“ sagði Lagerbäck.

Strákarnir koma heim til Íslands í dag og hefja undirbúning fyrir leik gegn Liechtenstein á Laugardalsvelli á mánudag, síðasta leik strákanna okkar fyrir EM í Frakklandi.

## Svona spilaði Ísland

**Ögmundur Kristinsson** 4
Gerði illa í aukaspyrnumarkinu.

**Haukur Heiðar Hauksson** 5
Sofandi eins og öll vörnin í fyrsta marki Norðmanna.
***Ragnar Sigurðsson (ML)*** 6
Á fullu og kom í veg fyrir að Ísland fengi enn fleiri mörk á sig.
**Sverrir Ingi Ingason** 6
Góður í fyrri hálfleik en mistækur.
**Hörður Björgvin Magnússon** 5
Erfiður dagur í bakvarðastöðunni.

**Jóhann Berg Guðmundsson** 5
Átti að nýta skallafæri sitt betur.
**Aron Einar Gunnarsson** 4
Frammistaða sem veldur verulegum áhyggjum.
**Gylfi Þór Sigurðsson** 6
Sýndi góða kafla inn á milli.
**Emil Hallfreðsson** 5
Átti nokkrar góðar sendingar.

**Jón Daði Böðvarsson** 5
Gerði lítið í fyrri hálfleik.
**Alfreð Finnbogason** 5
Náði ekki að nýta tækifærið.

**Ingvar Jónsson** 4
Kom inn á fyrir Ögmund á 46. m.
**Birkir Bjarnason** 5
Kom inn á fyrir Emil á 46. mín.
**Eiður Smári Guðjohnsen** 5
Kom inn á fyrir Jón D. á 46. mín.
**Theodór Elmar Bjarnason** 6
Kom inn á fyrir Hauk á 62. mín.
**Kolbeinn Sigþórsson** 5
Kom inn á fyrir Alfreð á 62. mín.
**Rúnar Már Sigurjónsson** -
Kom inn á fyrir Aron á 82. mín.

## 8 dagar í EM 2016

Þýskaland (1972, 1980, 1996) og Spánn (1964, 2008, 2012) hafa unnið flesta Evrópumeistaratitla, eða þrjá hvor þjóð, en Spánn er eina þjóðin sem hefur unnið tvö Evrópumót í röð. Spánverjar hafa unnið tvær síðustu keppnir og engin önnur þjóð hefur því lyft Henri Delaunay bikarnum síðan Grikkir unnu óvænt á EM í Portúgal 2004. Miðjarðarhafsþjóðir hafa annars unnið síðustu fjögur Evrópumót eða öll Evrópumót síðan Þjóðverjar unnu gullið á EM í Englandi 1996.



### Undankeppni EM

**Ísland - Frakkland 16-30**
**Ísland - Mörk (skot):** Karen Knútsdóttir 7/2 (10/2), Arna Sif Pálsdóttir 3 (5), Kristín Guðmundsdóttir 2 (5), Solveig Lára Kjærnested 2 (5), Steinunn Hansdóttir 1 (2), Thea Imani Sturludóttir 1 (6).
**Varin skot**: Íris Björk Símonardóttir 11 (32/3, 34%), Berglind Íris Hansdóttir 7 (16, 44%),
**Frakkland - Mörk (skot)**: Siraba Dembélé 6 (6), Alexandra Lacrabère 5/3 (6/3), Blandine Dancette 3 (5), Grace Zaadi Deuna 3 (7), Coralie Lassource 2 (2), Laurisa Landre 2 (3)
**Varin skot**: Laura Glauser 11 (20/2, 55%).

### Vináttulandsleikir

**Noregur - Ísland 3-2**
1-0 Stefan Johansen (1.), 1-1 Sverrir Ingi Ingason (36.), 2-1 Pål Andre Helland (41.), 3-1 Alexander Sörloth (67.), 3-2 Gylfi Þór Sigurðsson, víti (81.).

**Spánn - Suður-Kórea 6-1**
Alvaro Morata 2, Nolito 2, David Silva, Cesc Fabregas - Se-Jong Ju.

**Rússland - Tékkland 1-2**
Aleksandr Kokorin - Thomas Rosicky, Tomas Necid.

**Belgía - Finnland 1-1**
0-1 Kasper Hämäläinen (53.), 1-1 Romelu Lukaku (89.).

**Pólland - Holland 1-2**
0-1 Vincent Janssen (33.), 1-1 Artur Jedrzejczyk (60.), 1-2 Georginio Wijnaldum (76.).

### MOURINHO FER EKKI Í STRÍÐ

José Mourinho, nýr knattspyrnustjóri Man. United, fær gott tækifæri til að ýfa upp gömul sár næsta vetur þegar Pep Guardiola mætir til leiks sem nýr knattspyrnustjóri Manchester City.

Það var kalt á milli þeirra á Spáni er Mourinho stýrði Real Madrid en Guardiola var með Barcelona.

Mourinho hefur lofað því að fara ekki í persónulegt stríð við Guardiola og það er ástæða fyrir því. „Ég get nú ekki haldið fram sakleysi mínu því í tvö ár voru við í deild þar sem annaðhvort ég eða hann vorum að fara að verða meistarar,“ sagði Mourinho . „Við slíkar kringumstæður þá ganga svona persónuleg stríð upp því þau geta haft áhrif.“

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.00 | Demantamótaröðin | Sport |
| 19.30 | Memorial Tournam. | Golfst. |
| 19.05 | Grindavík - Leiknir | Sport 2 |
| 01.00 | Golden State - Clevel. | Sport |


4BLS
KIPPA ÚT :)
ÁFRAM
ÍSLAND
STÚTFULLAR VERSLANIR AF ÖLLUM NÝJUSTU GRÆJUNUM
0%
VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI
Í Júní fást allar vörur með vaxtalausum raðgreiðslum með 3.5% lántökugjaldi og 405kr greiðslugjaldi af hverjum gjalddaga
75%
AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM HEYRNARTÓLUM
ÓTRÚLEGT ÚRVAL!
ÚTSÖLUPARTÝ:)
Partýið er byrjað, heyrnartól í miklu úrvali á allt að 75% afslætti, öllu helstu merkin.
ALLT AÐ 75%
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
75%
AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR 2.990
Trust
3 LITIR
HEYRNARTÓL
Glæsileg tappaheyrnartól með hljóðnema, glæsileg skóreima hönnun, stjórnhnappur í snúru, fást í 3 litum.
745
ÓTRÚLEGT VERÐ:)
4K
ULTRA HD 3840x2160
SNJALLARA 48" SJÓNVARP MEÐ
INNBYGGÐU 4K NETFLIX
99.990
20
ÞÚSUND
AFSLÁTTUR
VERÐ ÁÐUR
119.990
48"
LED
4K
NETFLIX
dlna
1000Hz cmp
Energy Class
SALORA
3 LITIR
Trust
FERÐAHÁTALARI
Stórlæsilegur Bluetooth hátalari með 8 tíma rafhlöðuendingu. Tilvalin í ferðalagið eða bústaðinn.
4.990
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
2. JÚNÍ 2016 · BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL *Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS*
Hallarmúla 2 Reykjavík
LEIKJADEILDIN
NÝ OG GLÆSILEG LEIKJADEILD Í HALLARMÚLA 2
STÆRSTA TÖLVUVERSLUN NORÐURLANDS*
Undirhlíð 2 Akureyri
Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



Guðrún Kristín hefur um árabil hannað undir merkinu GuSt. GuSt hefur nú eignast dótturfélag sem heitir Dóttir en undir því merki hannar Guðrún Kristín barnaföt. MYND/ANTON BRINK

# VEIK FYRIR FALLEGUM SKÓM

Fatahönnuðurinn **Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir** er með kvenlegan, klassískan, þægilegan og einfaldan stíl. Skór frá Chie Mihara eru bestu kaupin hennar. Guðrún Kristín hefur um árabil hannað undir merkinu GuST.

Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður hefur pælt í tískunni alveg frá því fyrir daga internetsins eins og hún lýsir sjálf. „Strax í grunnskóla keypti ég tískublöð og hljóp heim jafn spennt og jólin sjálf væru nýkeypt í pokanum. Áhuginn hefur reyndar aðeins minnkað síðan þá,“ lýsir Guðrún Kristín sem hefur um árabil hannað undir merkinu GuSt. Hún segir spennandi tíma vera fram undan hjá sér og ótal skemmtileg og fjölbreytt verkefni liggja fyrir. „GuSt hefur eignast dótturfélag sem heitir Dóttir. Eins og nafnið bendir kannski til þá er ég að gera stelpuföt og er alveg að missa mig í því, það er svo gaman að gera þessi litlu föt og í augnablikinu fá þau meiri athygli en kvenfatnaðurinn.“

Þrátt fyrir að hafa lengi haft áhuga á tísku segir Guðrún Kristín áherslurnar og áhugamálin hafa breyst í gegnum árin. „Í dag skiptir umhverfisvernd mig til dæmis meira máli en tíska. GuSt mun þess vegna þróast í takt við það. Barnafötin urðu til, og ég er að framleiða aðra línu sem er eingöngu unnin úr lífrænni bómull. Ég er forfallinn jógaiðkandi og er nýbúin að fara í gegnum jógakennaranám. Út frá því kviknuðu alls konar hugmyndir. Ég er samt ekki hætt að gera kvenfatnað og ullarpeysurnar sem alltaf hafa verði vinsælar hjá mér fást áfram,“ segir hún og brosir.

**Hvernig klæðir þú þig hversdags?** Þægilega; jógabuxur og bolur heima fyrir og kjólar í vinnunni. Sá sem heldur því fram að gallabuxur séu þægilegar þarf að prófa að vera í kjól.

**Hvernig klæðir þú þig spari?** Í háa hæla og silki.

**Hverjar eru þrjár mest notuðu flíkurnar í skápnum?** Klárlega jógabuxurnar, hlý peysa og nýjasti kjóllinn úr smiðju GuSt, hann er í þvottavélinni ef ég er ekki í honum.

**Hvað veitir þér mestan innblástur?** Kyrrð og fegurð. Ég þarf að ná að hugsa til að hanna og það gengur best í kyrrð, ein með sjálfri mér í fallegu umhverfi, hvort sem það er í náttúrunni eða á listasafni.

**Hver er uppáhaldsflíkin þín?** Yfirleitt er það sú nýjasta.

**Uppáhaldshönnuður?** Stella McCartney, hún gerir allt fallegt. Íþróttaföt, kvenfatnað og barnaföt. Karl Lagerfeld er uppáhalds líka fyrir það hvað hann er frjór og kraftmikill enn þá, þrátt fyrir öll árin í bransanum.

**Bestu kaupin?** Fyrstu Chie Mihara skórnir mínir, þeir eru tíu ára og enn í notkun.

**Verstu kaupin?** Nokkrar fullar ferðatöskur af ódýrum fötum sem voru keypt erlendis í eyðslukasti og svo varla notuð, ég vona að ég sé vaxin upp úr því.

**Hvers konar fylgihluti notarðu?** Skartgripi og klúta. Ég á næstum eingöngu skart frá Orr, það var svo auðvelt að freistast þegar ég var með búðina mína við hliðina á þeim.

**Hvernig lýsir þú stílnum þínum?** Kvenlegur, klassískur, þægilegur og einfaldur.

**Hver er helsti veikleiki þinn þegar kemur að tísku og útliti?** Skór, ég sé endalaust fallega skó. En ég er búin með allt geymslupláss svo nú er ekkert er keypt nema ég losi mig fyrst við annað. Ég hef staðið mjög vel við þetta í nokkur ár.

**Hverju verður bætt við fataskápinn fyrir sumarið?** Næsta mál er að gera sparikjól, elsti sonur minn og kærasta eru að fara að gifta sig í sumar og ég verð að vera fín við þennan stóra áfanga.



FRÉTTABLAÐIÐ

Veglegt sérblað um

EM í Frakklandi

kemur út 10. júní

Fyrir auglýsingar eða kynningar hafið samband við:

Bryndís Hauksdóttir
Sími 512-5434
bryndis@365.is

Jóhann Waage
Sími 512-5439
johannwaage@365.is

Atli Bergmann
Sími 512-5457
atlib@365.is

# FÆR ALDREI NÓG AF STARFINU

Í dag heldur verslunin Cosmo upp á 30 ára afmæli en Lilja Hrönn Hauksdóttir setti hana á fót aðeins 21 árs gömul. Cosmo hefur alla tíð selt tískufatnað fyrir breiðan aldurshóp kvenna og haldið velli þrátt fyrir mikla samkeppni.

Verslunin Cosmo hefur þjónað kynslóðum kvenna hér á landi í áratugi en verslunin fagnar 30 ára afmæli í dag. Lilja Hrönn Hauksdóttir, betur þekkt sem Lilja í Cosmo, setti verslunina á fót aðeins 21 árs gömul og er nú, 30 árum síðar, einn reynslumesti verslunarmaður landsins. „Þetta er búinn að vera ævintýralegur tími og ótrúlegt að hugsa til þess að 30 ár séu liðin síðan ég hóf rekstur Cosmo. Við ætlum að fagna þessum tímamótum í dag, fimmtudag, og veitum 30% afslátt af öllum vörum verslunarinnar en við erum nýbúin að taka inn splunkunýjar vörur. Auk þess verður boðið upp á léttar veitingar í tilefni dagsins," segir Lilja.

Verslunin byrjaði upphaflega á Laugaveginum en flutti sig um set í Kringluna í ágúst 1987 þegar verslunarmiðstöðin var opnuð. Lilja var langyngsti verslunareigandinn í Kringlunni á þeim tíma. „Ég man þessa fyrstu daga vel. Við opnuðum á fimmtudegi og í lok dags á laugardeginum var verslunin nánast tóm. Því þurfti ég að fljúga strax út á mánudeginum og kaupa inn nýjar vörur. Ég held að fáir verslunareigendur hafi séð þennan hamagang fyrir í upphafi enda hefur Kringlan verið vinsæl frá fyrsta degi."

> Þetta er búinn að vera ævintýralegur tími og ótrúlegt að hugsa til þess að 30 ár séu liðin síðan ég hóf rekstur Cosmo. Við ætlum að fagna þessum tímamótum í dag, fimmtudag.
>
> Lilja Hrönn Hauksdóttir

**BYRJAÐI UNG**

Þrátt fyrir að hafa verið einungis 21 árs var Lilja fljót að sanna sig enda enginn nýgræðingur í greininni. „Móðir mín rak verslunina Lilju í 30 ár og þar byrjaði ég á bak við búðarborðið níu ára gömul. Þegar ég var ellefu ára sá ég um rekstur einnar verslunar í heilt sumar. Það má því segja að ég hafi haft þetta í blóðinu og metnaðurinn kom snemma fram hjá mér. Enda þarf líka mikinn metnað og þrautseigju til að þrauka 30 ár í harðri samkeppni."

Þrátt fyrir allan þennan tíma kann Lilja enn best við sig á gólfinu þar sem hún er í beinu sambandi við viðskiptavini sína sem eru konur frá fermingaraldri og upp úr. „Við höfum alla tíða boðið upp á alhliða vöruúrval sem hentar konum á víðu aldursbili. Það eru forréttindi að hafa starfað við það í 30 ár að eiga þátt í að klæða konur fallega upp og gera úr þeim bestu útgáfuna af sjálfri sér. Nú eru konurnar sem versluðu hjá mér í upphafi orðnar ömmur sem eiga dætur sem síðan eiga margar stelpur á fermingaraldri í dag. Það er búið að vera æðislega gaman fylgja þessum konum eftir allan þennan tíma."



Lilja Hrönn Hauksdóttir opnaði Cosmo 21 árs gömul. MYND/STEFÁN

**STÖÐUGT Á TÁNUM**

Í dag er Cosmo ein af 5-6 verslunum í Kringlunni sem hafa verið þar frá upphafi í rekstri sömu aðila. „Margir hafa komið og farið á þessu tímabili en ég er svo heppin að hafa verið hér í 30 ár. En samkeppnin er mjög mikil og ég hef þurft að vera stanslaust á tánum öll þessi ár og er stöðugt að fylgjast með því nýjasta og ferskasta í tískunni á hverjum tíma. Þannig fer ég til útlanda a.m.k. einu sinni í mánuði og hef sett mér það markmið að bjóða upp á vörur sem allir geta keypt. Það eiga allar konur að geta litið smart út án þess að þurfa að eyða of miklum fjármunum."

F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429




TRI
Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
SHIMANO
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
SPORTVER
CUBE - Akureyri
Vaskur
CUBE - Egilsstaðir
Vegna hagstæðari samninga og styrkingu krónunnar lækkum við verðin á CUBE reiðhjólunum strax í dag!
CUBE 2016
ParkTool
2016
CUBE HYBRID
2016
CUBE RACER
2016
CUBE 27,5”
CROSS RACE 2016
ParkTool
WWW.TRI.IS
#cube_your_life!
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga kl. 10:00 - 16:00












Í nýju línunni heldur Hildur áfram með ákveðin stef úr fyrri línum en færir sig þó meira yfir í ullarefni í bland við önnur og er með kertaskírskotanir bæði í útsaumi og áferð efna.

# DRAUMAHEIMUR HILDAR YEOMAN

Fatahönnuðurinn **Hildur Yeoman** kynnir nýja fatalínu í Læknaminjasafninu á Seltjarnarnesi á morgun og efnir til gjörnings þar sem hún teflir saman ólíkum listgreinum. Línan hefur fengið nafnið Transcendence og er þriðja fullbúna línan sem Hildur sendir frá sér.

Áhorfandinn mun að sögn Hildar ganga beint inn í óræðan draumaheim þar sem ólíkar listgreinar mætast. Máni Sigfússon verður með vídeóverk og Saga Sig með ljósmyndir. Þá verður boðið upp á dansatriði eftir Valgerði Rúnarsdóttur og tónlist í flutningi Samaris en allt tengist þetta línunni. Inn á milli verða fyrirsætur í fötunum auk þess sem Foss Distillery býður upp á sérútbúinn draumheimadrykk með vallhumli, blóðbergi og öðrum róandi jurtum.

Aðspurð segir Hildur Transcendence-línuna kallast á við fyrri línur hennar, Yuliu og Floru, en Yulia var innblásin af ömmu Hildar og Flora unnin í samstarfi við íslenska seiðkonu. „Ég held áfram með ákveðinn draumheimaseið og leitast við að ná fram róaandi og draumaukandi áhrifum. Í þessari línu, sem kemur á markað í haust, færi ég mig þó meira yfir í ullarefni í bland við önnur og er með kertaskírskotanir bæði í útsaumi og áferð efna. Útkoman er svolítið eins og lekandi vax,“ lýsir Hildur. Hún segist leitast við að fara inn á mörk svefns og drauma og heldur í ferðalag um þá handanveru sem er manninum kunnug og framandi í senn. Línunni tilheyra jakkaföt, kjólar, kápur og skart. „Eins er ég með smávegis fyrir herrana í fyrsta skipti,“ upplýsir Hildur. Hún segir jafnframt hafa kviknað hugmyndir um kertaframleiðslu í tengslum við línuna.

Hildur útskrifaðist sem fatahönnuður fyrir tíu árum og hefur starfað sem slíkur síðan. Hún hefur verið afkastamikil að undanförnu og hefur sent frá sér stóra línu síðastliðin tvö ár. Transcendence er sem fyrr segir sú þriðja í röðinni. Samhliða hefur hún tekið að sér ýmis önnur verkefni og fékk nýverið Grímutilnefningu fyrir búninga ársins í verkinu Og himinninn kristallast með Íslenska dansflokknum, svo eitthvað sé nefnt.

Sýningin á morgun hefst klukkan 20 og hvetur Hildur fólk til að mæta tímanlega. „Þetta verður aðeins 40 mínútna gjörningur og skemmtilegast að vera með frá upphafi.“ **vera@365.is**



Fatahönnuðurinn Hildur Yeoman á tíu ára útskriftarafmæli í ár.

> Ég held áfram með ákveðinn draumheimaseið og leitast við að ná fram róandi og draumkenndum áhrifum.

# Full búð af nýjum vörum

- sumarkjólarnir komnir -

**20% afsláttur**

af ítölskum hörfatnaði

2. - 4. júní





Dömufatnaður Skart

LILJA

*Boutique*

Fylgihlutir Gjafavara

Strandgata 21 | Hafnarfjörður | S: 5542060





Tískufatnaður í ýmsum litum, skreyttur glysi og pallíettum. Ekki eru allir hrifnir af slíkum fatnaði.

# VESTRÆN ÁHRIF Á TÍSKUVIKU Í ISTANBÚL

Alþjóðleg tískuvika var haldin í fyrsta skipti í Istanbúl í Tyrklandi um miðjan maí. Tískuvikan er haldin af netversluninni Modanisa sem sérhæfir sig í tískufötum fyrir konur sem aðhyllast múslimatrú.

Forstjóri Modanisa, Kerim Ture, sagðist í samtali við breska blaðið The Guardian vilja búa til fallegan tískufatnað fyrir íslamska samfélagið. „Múslimakonur vilja halda hefðir í heiðri en engu að síður vera fallega en látlaust klæddar."

Talið er að sala á tískufatnaði fyrir múslímskar konur eigi eftir að margfaldast á næstu árum. Mikill uppgangur er í textíliðnaði í Tyrklandi og því er spáð að vöxturinn og gróskan haldi áfram á næstu fjórum árum. Í Tyrklandi eru tveir þriðju kvenna með höfuðslæður, að því er kemur fram í fréttinni í The Guardian.

Í Tyrklandi mætast Evrópa og Asía. Mjög margar konur ganga í venjulegum vestrænum fatnaði eða almennri tísku, eins og tískuhönnuðurinn Hazizul Abd frá Malasíu kallar hana, en aðrar kjósa hófsamlegri tísku. „Þessi hógværa tíska sem við sýnum er í raun ný og spennandi." Fyrirsætur sýndu klæðnað úr satíni, bómull og með ýmsum mynstrum. Einnig mátti sjá pallíettuskreyttan samkvæmisfatnað. Slæðurnar voru flestar einlitar.

Ekki voru allir hrifnir af tískusýningunni í Istanbúl. Hún hefur vakið upp umræðu um veraldarhyggju í Tyrklandi. Margir segja að Kóraninn segi að fólk eigi að klæðast látlausum fatnaði, án glyss og glingurs. Íhaldssömustu múslimar fagna því ekki skrautlegum búrkum.





Fötin voru margvísleg í sniðinu og efnin misjafnlega skrautleg.


Perlum skreyttur sparikjóll.


Sjötíu tískuhönnuðir sýndu tískufatnað fyrir múslímskar konur.





2. júní 2016

# Suðurland

**KYNNINGARBLAÐ** Sveitarfélagið Hornafjörður | Límtré Vírnet | Bláskógarbyggð | LAVA-Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöð Íslands | Hveragerðisbær | Íslandshótel | Midgard Adventure |











MYNDIR/ JÓHANN WAAGE




Hvað er um að vera á Suðurlandi?

www.south.is

#southiceland

**Markaðsstofa Suðurlands**




# Lifandi sjávarþorp og góð þjónusta

Sveitarfélagið Hornafjörður er blómstrandi samfélag við rætur Vatnajökuls og í sjávarþorpinu Höfn er að finna hátt þjónustustig fyrir gesti og gangandi. Þangað geta þeir sem sækja Vatnajökulsþjóðgarð og aðrir sótt fjölbreytta þjónustu.



Á Höfn er að sögn Árdísar frábær golfvöllur með fallega jöklasýn.

Sveitarfélagið liggur við rætur Vatnajökuls og teygir sig frá Lómagnúpi í vestri að Hvalsnesi í austri. Þar að finna fjölmargar perlur á við Skaftafell, Jökulsárlón og Lónsöræfi en á Höfn sem er eina þéttbýlið á svæðinu er að finna alla nauðsynlega þjónustu ásamt ýmiskonar afþreyingu. „Við erum með glæsilega sundlaug og æðislegan golfvöll með fallegri jöklasýn. Þá er hér mikið af spennandi veitingastöðum og fjölbreyttir gistimöguleikar,“ segir Árdís Erna Halldórsdóttir, atvinnu- og ferðamálafulltrúi hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.

Hún segir Höfn vera lifandi sjávarþorp. „Niðri á bryggju er verið að landa fiski daginn út og inn sem gaman er að fylgjast með. Þá er hægt að velja um nokkra gamla sem nýja veitingastaði sem bjóða upp á ferskt sjávarfang og aðrar afurðir úr nærsveitum. Humarinn er þar fremstur í flokki og hefur hann löngum verið okkar aðalsmerki. Þá erum við með flotta hornfirska hönnuði



Árdís Erla Halldórsdóttir, atvinnu- og ferðamálafulltrúi

og handverksfólk og heimamarkaðsbúð sem gaman er að heimsækja,“ segir Árdís.

Mikið af göngufólki sækir í Vatnajökulsþjóðgarð enda margar fallegar gönguleiðir þar að finna. Að sögn Árdísar hefur göngufólkið um fjölbreytta gistimöguleika að velja, allt frá tjaldstæðum yfir í gistiheimili og hótel. Á það bæði við á Höfn sem og í dreifbýlinu þar sem víða er rekin öflug ferðaþjónusta.

Á svæðinu er sömuleiðis mikið af ferðaþjónustuaðilum sem bjóða fjölbreyttar ferðir allt árið. „Yfir sumartímann er t.d. boðið upp á jöklagöngur og kajakferðir á jökullóni en á veturna íshella- og norðurljósaferðir.“

Síðustu helgina í júní ár hvert er Humarhátíðin haldin hátíðleg en það er að sögn Árdísar fjölskylduvæn bæjarhátíð. Heimamenn bjóða upp á humarsúpu í heimahúsum á föstudeginum og svo er efnt til ýmiss konar útiskemmtana yfir helgina. Þegar líða tekur á sumarið fer árleg flugeldasýning á Jökulsárlóni fram en hún verður haldin laugardaginn 13. ágúst í ár.

**Allar nánari upplýsingar um svæðið er að finna á heimasíðunni www.visitvatnajokull.is.**



Sveitarfélagið liggur við rætur Vatnajökuls og þar er að finna fjölmargar náttúruperlur.

# Skemmtileg afþreying og útivera

Öll fjölskyldan getur notið þess að vera saman í fallegri náttúru í ratleik Rangárþings eystra sem verður í gangi í allt sumar. Leikurinn gengur út að ganga nokkrar skemmtilegar og þægilegar gönguleiðir innan sveitarfélagsins og verður í gangi í allt sumar.

Ratleikur Rangárþings eystra er skemmtilegur leikur sem allir í fjölskyldunni geta tekið þátt í. Ratleikurinn gengur út á að ganga tíu ákveðnar gönguleiðir innan sveitarfélagsins. Í upphafi leiksins fá allir þátttakendur klippikort sem þeir hafa með sér þegar lagt er af stað í gönguferðina. Á hverri gönguleið er flagg, merking eða mynd með gatara á. Þátttakendur gata svo klippikortið sem þeir eru með og klára gönguna.

„Íþrótta- og æskulýðsfulltrúinn okkar, Ólafur Örn Oddsson, var búinn að ganga með þá hugmynd í maganum í tvö ár að gera einhvers konar leik. Hreyfivika UMFÍ í fyrra gekk svo vel hérna að við ákváðum þá að kýla á það að gera útivistarratleik þannig að öll fjölskyldan gæti komið saman og gert eitthvað skemmtilegt,“ útskýrir Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúa sveitarfélagsins, spurð að því hvaðan hugmyndin að ratleiknum komi.

Um er að ræða tíu skemmtilegar og þægilegar gönguleiðir sem flestir ættu að ráða við. Hver leið er ekki nema einn til þrír kílómetrar að lengd. Þegar allar leiðirnar tíu hafa verið farnar og tíu göt komin á klippikortið skal kortinu skilað í íþróttamiðstöðina á Hvolsvelli. Dregið verður úr hópi þátttakenda föstudaginn 2. september og eru glæsilegir vinningar í boði að sögn Árnýjar.

„Það eru þó engar kvaðir um að allir þurfi að labba upp á topp eða einhverja langa leið, það er nóg að koma að göngusvæðinu og punkta kortið. Hugmyndin með þessum leik er að fjölskyldan geti gert eitthvað skemmtilegt saman, hreyft sig saman og verið úti í fallegri náttúru. Einnig að fólk kynni sér sveitarfélagið og hvað sé í boði hér. Við sendum bæklinga og klippikort inn á hvert heimili hér í kring og erum með því að hvetja okkar fólk til að hreyfa sig og sjá hvað sveitarfélag þess hefur að bjóða. Að sjálfsögðu geta allir tekið þátt og getur fólk sem gistir hér í einhvern tíma, til dæmis á tjaldsvæðinu klárað þetta á nokkrum dögum. Það er frábær leið að taka til dæmis þrjá staði á dag, það er ekki langt á milli gönguleiðanna og þær eru allar hér á svipuðu svæði,“ lýsir Árný.

Ratleikurinn hófst nú í lok maí og honum lýkur þann 1. september.

**Gönguleiðirnar í ratleiknum eru eftirfarandi:**

**1. Hvolsfjall: 2 km ganga**
Hvolsfjall er 127 metra hátt fjall við Hvolsvöll og er auðvelt uppgöngu og hentar því vel fjölskyldufólki.

**2. Flókastaðagil: 2,4 km ganga**
Um er að ræða gönguleið sem er að mestu eftir kindagötum. Það er mjög skemmtilegt að ganga upp Flókastaðagil frá Breiðabólstað. Þetta er ekki erfiður gangur en ævintýraleg ferð að fara í með börn.

**3. Tunguskógur: Mismunandi lengd eftir leiðum**
Þetta er vinsæll útivistarstaður í Rangárþingi eystra. Hér hafa heimamenn ræktað upp allmikið skóglendi, lagt þar göngustíga og komið fyrir borðum og bekkjum. Þarna er fallegt umhverfi, skjólsamt og mikið fuglalíf.

**4. Gluggafoss: 1 km ganga**
Stutt og auðveld ganga og hentar því fyrir alla fjölskylduna. Rétt fyrir innan Þorsteinslund, um 21 km frá Hvolsvelli, er fagur foss að nafni Gluggafoss. Hann er í Merkjá, smáá sem merkir landaskilin milli Hlíðarenda og Múlakots.




Ratleikurinn hófst í lok maí og honum lýkur 1. september.

**5. Þríhyrningur: 7 km ganga**
Þríhyrningur er 678 metrar á hæð og útsýni mjög gott til allra átta þaðan. Fjallið dregur nafn sitt af þremur hornum og á milli þeirra er dalur sem heitir Flosadalur. Eðlilegt er að gefa sér tvo til þrjá tíma í fjallgönguna.

**6. Stóri-Dímon: 1 km ganga**
Stóri-Dímon á sér systur sem er Litli-Dímon. Nafnið er talið koma úr latínu og merkja tvífjöll, eða tveir eins. Fjallið er 178 metra hátt og er það verðugt verkefni, bæði hjá börnum sem og fullorðnum, að klifra upp á Dímon.

**7. Efra-Hvolshellar.: 200 m ganga**
Efra-Hvolshellarnir eru þrír, tveir samliggjandi og einn stakur, sem er talinn næstlengsti manngerði hellir á landinu, eitthvað nálægt 45 metra langur. Ekki er þó hægt að komast nema inn í einn þriðja af honum, vegna hruns á hlöðnu loftopi fyrir um 100 árum.

**8. Rútshellir: Stutt ganga frá þjóðvegi 1**
Þetta er heljar hellir og ofan til í honum er afhellir með það hátt til lofts, að eins og sjá má af holum í vegg, þá hefur einhvern tíma verið sett upp í honum milligólf. Minjastofnun hefur unnið að varðveislu hellisins og er hann friðlýstur.

**9. Völvuskógur: Mismunandi lengd eftir leiðum**
Á Skógum eru ágætir göngustígar í Völvuskógi sem er fyrir ofan Héraðsskólann.

**10. Nauthúsagil: Stutt ganga frá bílastæði og inn gilið.**
Hægt er að ganga töluvert inn eftir gilinu ef menn eru tilbúnir að vaða eða stikla ána nokkrum sinnum. Það er vel þess virði því gilið á fáa sína líka.



Ratleikurinn gengur út á að ganga tíu ákveðnar gönguleiðir innan sveitarfélagsins.



Árný Lára Karvelsdóttir, markaðs- og kynningarfulltrúi Rangárþings eystra.

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jóhann Waage| johannwaage@365.is | s. 512-5439
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson




„Starfsemin á Suðurlandi verður sameinuð undir einn hatt í næstu viku þegar ný einingaverksmiðja verður vígð," segir Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri Límtrés Vírnets.

# Ný framleiðsla á Flúðum

Límtré Vírnet er íslenskt iðnfyrirtæki sem framleiðir og selur gæðavörur fyrir byggingariðnaðinn á Íslandi. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru nú á fjórum stöðum á landinu og byggja þær á áratuga löngum framleiðsluferlum. Starfsfólk fyrirtækisins hefur mikla starfsreynslu og kappkostar að veita viðskiptavinum sínum fljóta, góða og örugga þjónustu. Sameina á starfsemina á Suðurlandi undir einn hatt.

„Eins og staðan er í dag erum við með fjórar starfsstöðvar, þ.e. í Borgarnesi, Kópavogi og tvær á Suðurlandi, eina á Flúðum og eina í Reykholti í Bláskógabyggð," segir Stefán Logi Haraldsson, framkvæmdastjóri Límtrés Vírnets. „Á Flúðum er starfrækt eina íslenska límtrésverksmiðjan á landinu, þekkt fyrir gæði, áreiðanleika og góða þjónustu. Í Reykholti framleiðum við Yleiningar sem eru samlokueiningar með polyurethan eða steinull sem einangrun. Á þessum tveimur starfsstöðum á Suðurlandi starfa nú sjö starfsmenn í Reykholti og fjórtán starfsmenn á Flúðum."

### Starfsemin sameinuð á Flúðum

Starfsemin á Suðurlandi verður sameinuð undir einn hatt í næstu viku þegar ný einingaverksmiðja verður vígð þann 9. júní og ný framleiðslulínu fyrir steinullareiningar verður sett í gang. „Þar með verður öll starfsemi fyrirtækisins á Suðurlandi flutt á Flúðir og framleiðsla í verksmiðjunni í Reykholti verður lögð af. Starfsfólkið flyst yfir á Flúðir og verða því yfir tuttugu starfsmenn í framleiðslunni okkar þar," útskýrir hann.

Það sem gerist að sögn Stefáns með tilkomu nýrrar einingalínu, sem framleiðir einungis steinullareiningar á Flúðum, fæst ný vídd í utanhússklæðningar. „Það er alveg ljóst að með þessari nýju framleiðslutækni okkar á einingum opnum við okkur betri leið inn á markaðinn. Við verðum með mun betri gæði og vonandi samkeppnisfærari í verði, á einingunum okkar, sem eiga þá að standast vel samanburð við alla þá innfluttu framleiðslu sem hefur verið hér á boðstólum."

### Aukin atvinnuuppbygging

Stefán segir fyrirtækið þá geta boðið þaklausnir sem eru tilbúnar einangraðar einingar og eins útveggjaeiningar. „Þannig eigum við meira erindi á almennan íbúðamarkað en það hafa verið reist nokkur íbúðahús á undanförnum árum úr þessum steinullareiningum sem við höfum framleitt. Það hefur þýtt að við höfum þurft að klæða það allt að utan til að fá almennilega veðurhlíf á húsið en með þessum nýju einingum getum við boðið upp á endanlega útfærslu. Þó verður einnig hægt að klæða húsið með hvaða efni sem fólk vill hvort sem það eru flísar, timburklæðningar eða annað," segir Stefán. Hann nefnir einnig að fyrirtækið geti áfram þjónustað markaðinn með polyurethan og fleiri einingum með því að flytja þær inn. „Límtrésburðarvirkið verður áfram á boðstólum fyrir allar gerðir bygginga og nú einnig í ríkari mæli fyrir einbýlishús."

Starfsemin á Flúðum mun eflast töluvert við þessa breytingu að sögn Stefáns. „Límtré og Vírnet eru byggð á rótum iðnfyrirtækja sem voru byggð upp í þessum sveitarfélögum af heimamönnum og höfum við nýtt mannskap af þessum svæðum til starfa í starfsstöðvum okkar. Við horfum á þetta sem aukna atvinnuuppbyggingu á þessum svæðum auk þess að gera okkur að frambærilegra þjónustufyrirtæki á byggingamarkaðnum á Íslandi."



Hér má sjá sjálfvirkan pökkunarbúnað fyrir nýju einingarnar.

### Ýmiss konar framleiðsla

Límtré Vírnet var stofnað í maí 2010 en forsaga þess nær til þess er Vírnet var stofnaði í Borgarnesi árið 1956. Hinn anginn á fyrirtækinu er Límtré sem var stofnað 1982 á Flúðum og hóf framleiðslu ári síðar. „Leiðir fyrirtækjanna lágu fyrst saman þegar Límtré keypti Vírnet árið 2000 og síðan voru fyrirtækin formlega sameinuð árið 2004. Tveimur árum síðar var fyrirtækið keypt upp af BM Vallá en eftir að BM Vallá varð gjaldþrota árið 2010 var fyrirtækinu aftur skipt upp. Nýir eigendur keyptu svo Límtré Vírnet í lok árs 2010," lýsir Stefán.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í dag í Borgarnesi og þar vinnur meirihluti starfsfólksins eða 55 manns. Þar er framleitt valsað stál og ál til klæðninga utanhúss og innanhúss, ásamt framleiðslu á milliveggjastoðum úr stáli. Þar eru einnig framleiddir Vírnetsnaglar, landsþekkt gæðavara sem og ýmsar aðrar vörur úr stáli og áli. Í Borgarnesi eru einnig reknar þjónustueiningarnar, blikksmiðja, járnsmiðja og rafmagnsverkstæði.

Aðalsöludeild fyrirtækisins er starfrækt í Borgarnesi, en einnig er söludeild fyrir loftræstivörur á starfsstöð fyrirtækisins í Kópavogi, að Vesturvör 29. Einnig er þar innkaupadeild, fjármálastjóri og byggingadeild. Byggingadeildin er hönnunar- og söludeild sem veitir faglega ráðgjöf og selur lausnir fyrir byggjendur límtrés- og stálgrindahúsa, ásamt öðrum tilheyrandi lausnum. Í raun er byggingadeildin hálfgerð verkfræðistofa, þar fer fram útreikningur fyrir burðarþol límtréshúsa ásamt allri annarri hönnun húsa sem fyrirtækið framleiðir.

> **„Það er alveg ljóst að með þessari nýju framleiðslutækni okkar á einingum opnum við okkur betri leið inn á markaðinn. Við verðum með betri gæði og vonandi samkeppnisfærari í verðum, á einingunum okkar, sem eiga þá að standast vel samanburð við alla þá innfluttu framleiðslu sem hefur verið á boðstólum.**
>
> *Stefán Logi Haraldsson*

### Bjart fram undan

„Límtré Vírnet velti á síðasta ári rétt um tveimur milljörðum og við sjáum fyrir okkur töluverðan uppgang fram undan í byggingariðnaði og að meira verði umleikis en verið hefur þannig að við reiknum með að velta fyrirtækisins eigi eftir að aukast töluvert á næstu árum."



Bryndís með syni sínum Hreggviði og dætrunum tveimur, söngkonunum Guðbjörgu og Sessý, Magnúsarbörnum.



Bryndís hefur gert kósí í kringum sig, enda leggur hún mikla áherslu á gestrisni.



Húsið við hafið hefur mikinn sjarma. Það stendur við sjóinn og býður upp á víðáttumikið útsýni.

# Fékk ekki vinnu og bjó hana til

Bryndís Valgeirsdóttir ákvað að söðla um í lífinu eftir að hún varð atvinnulaus og opnaði heimagistingu á Stokkseyri. Bryndís, sem hafði alltaf búið í Reykjavík, segir að ákvörðunin hafi verið góð og hún sér ekki eftir að hafa látið þessa hugmynd verða að veruleika.

Bryndís starfaði við ferðaþjónustu en missti vinnuna eftir hrunið. Hún segir að það hafi reynst erfitt að fá vinnu á sínum aldri og þess vegna ákvað hún að skapa sér hana sjálf. „Ég gerði heldur betur breytingu á lífinu,“ segir hún. „Ég sá hús auglýst til sölu á Stokkseyri sem mér leist vel á. Það hentaði vel fyrir heimagistingu. Ég átti íbúð í Reykjavík sem ég seldi og keypti húsið. Síðan lét ég laga til herbergin, setti heitan pott og stækkaði veröndina. Ég gerði húsið huggulegt og fínt en ég bý þar líka,“ segir Bryndís sem hóf framkvæmdir haustið 2014 og opnaði gistiheimilið vorið 2015.

„Húsið stendur við sjóinn með gífurlega fallegu útsýni. Þess vegna gaf ég því nafnið Húsið við hafið,“ segir Bryndís. „Ég tengdi mig við Booking.com og fékk mjög góð viðbrögð. Strax náði ég að skapa mér góðan orðstír og er með 9,8 skor á bókunarvefnum. Það eru aðallega útlendingar sem dvelja hjá mér, fólk hvaðanæva úr heiminum, frá Evrópu, Bandaríkjunum, Suður-Ameríku og Kína. Stundum koma heilu fjölskyldurnar og mér finnst einstaklega skemmtilegt að umgangast gestina.“

Bryndís segir að þrátt fyrir að mikil vinna fylgi heimagistingunni sé hún skemmtileg. „Ef maður ætlar að gera þetta vel er nauðsynlegt að vera alltaf til staðar. Ég fer snemma á fætur og útbý morgunverð, meðal annars baka ég allt brauð. Ég vil sinna gestunum vel því þá fær maður mikið þakklæti. Allir gestir mínir eru á bílaleigubílum og eru á leið í lengra ferðalag, Gullna hringinn, til Víkur, að Jökulsárlóni og hringinn. Flestir eru hjá mér eina nótt en sumir eru lengur. Þetta fólk er búið að kortleggja ferðina sína mjög vel.

Mér finnst mjög gott að búa á Stokkseyri. Frábært fólk og margt um að vera í bænum. Ferðaþjónustan er öflug og ýmis afþreying í boði. Góður veitingastaður er á staðnum, sundlaug og listasöfn. Nýlega var mjög flott kaffihús opnað í bænum þannig að hér er líf og fjör. Frá Stokkseyri er hægt að fara í skemmtilegar dagsferðir auk þess sem ströndin er skemmtileg.“

Bryndís segir að vissulega hafi verið viðbrigði að flytja úr borginni. „Mér finnst þetta samt góð tilbreyting. Ég sé ekki eftir því að hafa flutt,“ segir Bryndís sem á von á alls konar fólki í sumar frá hinum ýmsu löndum. „Það er ótrúlega skemmtilegt að vinna fyrir sjálfan sig. Mér finnst mjög gaman að rabba við gestina sem hafa mismunandi sýn á lífið og tilveruna. Þetta er gefandi starf,“ segir hún. **elin@365.is**

# Gullnar sveitir og fjölbreytt menning

Hinn einstaki gullni hringur er meira en Þingvellir, Gullfoss og Geysir. Í uppsveitum Árnessýslu er margt fallegt og skemmtilegt að sjá. Fáfarnari leiðir hafa margar náttúruperlur í notalegu umhverfi. Á þessu svæði er sömuleiðis sannkölluð matarkista fyrir alla sælkera.

Að sögn Ásborgar Ó. Arnþórsdóttur, ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu, er ekki bara frábært að búa í sveitinni heldur er þar mjög gott mannlíf, fjölbreytt menning og alltaf eitthvað að gerast. „Íbúar njóta þess að vera í nánum tengslum við náttúruna en búa jafnframt miðsvæðið og þess vegna stutt í allar áttir. Mikil gróska hefur verið í garðyrkju en ekki síður ferðaþjónustu í uppsveitum Árnessýslu,“ segir Ásborg.

Með bættum samgöngum hefur atvinnusvæðið stækkað en töluverð eftirspurn hefur verið eftir fólki í vinnu á þessu svæði. „Þetta er heitt svæði í víðum skilningi,“ segir Ásborg. „Hér er jarðhiti og hér er veðursæld. Við bjóðum upp á fjölsótta ferðamannastaði en líka aðra fáfarnari sem eru mjög skemmtilegir. Þjónustufyrirtæki hafa sprottið upp og bjóða fjölbreytta afþreyingu fyrir allan aldur. Þar má nefna gönguleiðir, ferðamannafjós, golf, minigolf, frisbígolf, fótboltagolf, strandblak, sund, gufubað, náttúrulaug, litbolta, adrenalíngarð, útilífsmiðstöð, veiði, siglingar, jetbát, river rafting, fuglaskoðun, skóga, hesta, söfn, sýningar, vinnustofur listamanna, dýragarð, völundarhús, jeppaferðir, jöklaferðir, fjallgöngur, sveitabæi og garðyrkjustöðvar,“ segir Ásborg.

Uppsveitir Árnessýslu ná frá Þingvöllum að Þjórsá og langt inn á hálendið. Gistimöguleikar eru fjölbreyttir og frábær tjaldsvæði. Garðyrkjubændur í uppsveitum Árnessýslu luma á fjölbreyttri matvælaframleiðslu. Matarmarkaðir, grænmetistorg og girnilegar afurðir beint frá býli eru víða í boði. Veitingastaðir og kaffihús eru mörg með sérstöðu þar sem notuð eru hráefni úr nærumhverfinu. Mörg veitingahúsin bjóða upp á matarupplifun og fræðslu.

Á Sólheimum í Grímsnesi er Menningarveisla allt sumarið. Gönguferðir með leiðsögn í Hrunamannahreppi. Þingvallaþjóðgarður með fræðslugöngur. Sumartónleikar í Skálholti og Skálholtshátíð. Einnig eru ferðaþjónustuaðilar duglegir að bjóða upp á alls kyns uppákomur. Ásborg segir að allir séu innilega velkomnir til lengri eða skemmri dvalar.

**Allar upplýsingar um þjónustu og fréttir á www.sveitir.is**

## MARGT ATHYGLISVERT AÐ GERAST Í SUMAR

**Júní**
11. Gullsspretturinn á Laugarvatni, hlaup.
18. og 19. Uppsprettan í Árnesi, fjölskylduhátíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

**Júlí**
9. KIA Gullhringurinn á Laugarvatni, hjólakeppni.

**Ágúst**
30.7. til 1.8. Verslunarmannahelgin, dagskrá víða um sveitir.
6. Grímsævintýri, hátíð á Borg, Grímsnesi.
13. Tvær úr Tungunum, sveitahátíð í Reykholti, Bláskógabyggð.
13. Uppsveitahringurinn 2016, hlaupið og hjólað.

**September**
3. Uppskeruhátíð á Flúðum og nágrenni.



Uppsveitir Árnessýslu luma á mörgum fallegum náttúruperlum sem gaman er að sjá.



Gullni hringurinn er í Árnessýslu.



Jöklaferðir eru vinsælar hjá ferðamönnum.


Rjómabúið á Baugsstöðum var starfrækt frá 1905 til 1952. MYND/HUSID.COM


Hekla er eitt frægasta eldfjall Íslands. Henni eru gerð skil á Heklusetrinu á Leirubakka. MYND/VILHELM


Byggðasafnið á Skógum er gaman að heimsækja. MYND/VILHELM

# Söfn á Suðurlandi

Fjölda áhugaverðra safna og setra er að finna víða um Suðurland. Á vefsíðunni south.is, er að finna lista yfir söfn og afþreyingu fyrir ferðalanga sem vilja upplifa Suðurland. Rjómabú og skákmenning er meðal þess sem hægt er að skoða.


Á Selfossi er gaman að koma við. Þar er meðal annars að finna Fischersetrið sem heldur utan um skáksöguna og tengsl Bobby Fischer við Ísland. MYND/PJETUR

● Rjómabúið á Baugsstöðum var sett á laggirnar af bændum úr nærsveitum Stokkseyrar árið 1904. Vinnsla hófst árið eftir en sérstakt hús til vinnslunnar var reist við Baugsstaðaá. Vélarnar voru knúnar með vatni sem leitt var í 1.500 metra löngum skurði frá Hólavatni. Rjómabúið var starfrækt til ársins 1952, lengst allra rjómabúa á landinu. Búið framleiddi meðal annars smjör og ost sem flutt var að mestum hluta á erlendan markað. Margrét Júníusdóttir stýrði rjómabúinu síðustu árin og sá til þess, ásamt Guðrúnu Andrésdóttur, að áhöldum og húsi var haldið við. Rjómabúið hefur verið opið almenningi frá 1975 og er opið laugardaga og sunnudaga í júlí og ágúst. **www.husid.com**

● Fischersetrið á Selfossi heldur utan um sögu skákmeistarans Bobby Fischer og tengsl hans við Ísland. Þar er aðstaða til að tefla og halda skákmót og einnig bókasafn um skákíþróttina. Myndir og munir tengd skákeinvígi aldarinnar sem haldið var í Reykjavík 1972 fylla góðan hluta safnsins og myndir frá síðustu árum Fischers sem íslensks ríkisborgara. Safnið er opið alla daga milli klukkan 13 til 16. **www.fischersetur.is**

● Heklusetur er til húsa á Leirubakka. Þar er mikinn fróðleik að finna um Heklu og Heklueldа, meðal annars kvikmyndir frá eldsumbrotum á 20. öld. Hekla er gjarnan nefnd „drottning íslenskra eldfjalla“ og er eitt virkasta og þekktasta eldfjall landsins. Fyrr á öldum var hún talin inngangur helvítis og hefur jafnan mikil hjátrú tengst Heklu. Heklusetur er opið alla daga allt árið. **www.sudurland.is**

● Byggðasafnið í Skógum var sett á laggirnar af Þórði Tómassyni árið 1949. Fyrstu árin voru munir safnsins sýndir í kennslustofum héraðsskólans á Skógum á sumrin en eftir því sem munum í eign safnsins fjölgaði dugði það ekki til. Árið 1955 var risið safnhús á staðnum. Uppbygging á gömlum bæjarhúsum á staðnum hófst og árið 1968 var fyrsta húsið flutt í Skóga. Fleiri hús voru flutt úr Rangárþingi og Vestur- Skaftafellssýslu og endurbyggð í Skógum. Árið 2002 var reist 1.510 fermetra stórt hús undir Samgöngusafnið sem er hluti af Skógasafni og sýnir sögu samgangna og tækni á Íslandi. **www.skogasafn.is**



Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöðin á Hvolsvelli mun setja skemmtilegan svip á umhverfið og bjóða upp á fróðlega skemmtun.

# Hrikaleg náttúruöfl

Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöð verður opnuð á Hvolsvelli á næsta ári þar sem upplifanir og gagnvirkar sýningar verða í forgrunni. Búist er við fjölda gesta.

Á næsta ári verður opnuð glæsileg afþreyingar- og upplifunarmiðstöð á Hvolsvelli sem mun bera heitið LAVA – Eldfjalla- og jarðskjálftamiðstöð Íslands (Iceland Volcano & Earthquake Center). Miðstöðin verður helguð þeim gríðarlegu náttúruöflum sem hófu að skapa Ísland fyrir nærri 20 milljón árum og eru enn að, segir Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri LAVA. „Miðstöðin verður nokkurs konar gluggi inn í nýstofnaðan jarðvang sem ber heitið Katla Geopark ásamt því að vera alhliða upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn. Þar munu gestir ekki aðeins upplifa náttúruöflin með gagnvirkum og lifandi hætti heldur einnig tengjast náttúrunni sem við þeim blasir ofan af þaki hússins, t.d. Eyjafjallajökli, Tindfjöllum, Kötlu, Heklu og Vestmannaeyjum.“


Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri LAVA.

Upplýsingamiðlun og fræðsla á staðnum er unnin í samvinnu og samstarfi við Ara Trausta Guðmundsson, Gagarín, Veðurstofu Íslands og háskólasamfélagið og segir Ásbjörn stefnt á að bjóða upp á sérstakt fræðsluprógramm fyrir jarðvísindanema og jarðfræðinga seinna meir í þeim tilgangi að miðla þekkingu sinni til ferðamanna og almennings. „Upplifunin og gagnvirkar sýningar LAVA verða þó helsta aðdráttaraflið fyrir ferðamenn. Samhliða þeim verður einnig boðið upp á fyrirlestraaðstöðu og kvikmyndir um eldgos og náttúru Íslands auk sölu- og upplýsingamiðstöðvar fyrir þá ferðaþjónustu sem er í boði um allt Suðurlandið. Í húsinu verður einnig stór veitingastaður og vegleg verslun Rammagerðarinnar og 66°Norður.“

Mikill vöxtur hefur verið í komu ferðamanna til Suðurlands undanfarin ár og er Ásbjörn bjartsýnn á þróun næstu ára. „Hér hefur aukningin verið hvað hröðust undanfarin ár. Á síðasta ári fóru gegnum Hvolsvöll um 900.000 ferðamenn en um 770.000 árinu áður. Við erum því bjartsýnir á næstu ár og teljum að LAVA eigi eftir að verða vinsæll viðkomustaður, bæði meðal erlendra og innlendra ferðamanna um ókomin ár.“

Reynslumikið teymi stendur að baki verkefninu en stærsti einstaki hluthafinn í LAVA er Iceland Tourism Fund. Stofnendur LAVA eru þekktir aðilar í íslensku atvinnulífi, þeir Skúli Gunnar Sigfússon og Sigmar Vilhjálmsson. Auk þess hefur Norðurflug, Eimskipafélagið, Þingvangur og Kynnisferðir staðfest aðkomu sína að verkefninu.

**Hægt er að fylgjast með byggingu afþreyingar- og upplifunarmiðstöðvarinnar LAVA á Facebook (Lava).**






# Taka vel á móti gestum

Blómabærinn Hveragerði er vinsæll áningarstaður ferðamanna en þar má finna einstakar náttúru- og útivistarperlur. Hátíðahöld munu setja svip sinn á bæjarlífið í sumar en bærinn fagnar sjötíu ára afmæli í ár með fjölbreyttum viðburðum.

„Það verður mikið um að vera hjá okkur í sumar en fyrir utan tvær hátíðir sem eru fastir liðir á sumrin, fagnar Hveragerði 70 ára afmæli í ár með viðburðum út árið," segir Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi Hveragerðis.

### Blóm í bæ

„Garðyrkju- og blómasýningin Blóm í bæ verður haldin dagana 24.-26. júní. Sýningin er helguð gróðri og görðum og hefur umhverfissvið bæjarins veg og vanda af skipulagi hennar. Þemað í ár er blóm og gróður í 70 ár og verður meðal annars vegleg sögusýning blómanna í íþróttahúsi bæjarins þar sem rýnt verður í tengsl gróðurs af ýmsu tagi við líf Íslendinga í gegnum árin."

### Blómstrandi dagar

„Blómstrandi dagar verður haldin dagana 11. til 14. ágúst með ýmiss konar uppákomum. Bæjarbúar taka virkan þátt í hátíðinni með því að skreyta hverfin sín og garða, blásið er til bílskúrsmarkaða og gallería þar sem fólk sýnir málverk og handverk. Fjöldi tónlistarviðburða fer fram á Blómstrandi dögum og er hápunkturinn brekkusöngur og brenna. Þá er heilsutengd dagskrá fyrir allan aldur í bænum en Blómstrandi dagar eru fjölskyldu-, menningar- og heilsuhátíð án áfengis.

### 70 ára afmæli fagnað

Bærinn verður 70 ára í ár og við fögnum því allt árið með ýmsum viðburðum. Til dæmis má nefna Skógardaginn, 12. júní en þá fer fram dagskrá sem tengist skógrækt í samvinnu við skógræktarfélag bæjarins og Garðyrkjufélag Íslands. Um jólin verðum við með hátíðina Jól í bæ með fjölbreyttum viðburðum. Jólagluggadagatalið á fastan sess í jólaundirbúningnum en þjónustufyrirtæki og stofnanir bæjarins skreyta glugga sem eru opnaðir alla daga í desember til jóla. Hápunktur jólahátíðarinnar í ár verða tónleikar með Páli Óskari og Moniku 1. des í Hveragerðiskirkju og þá halda kórarnir í bænum aðventustundir og tónleika í desember."



Það er líf og fjör á bæjarhátíðum Hveragerðis.



Sundlaugin Laugaskarði MYND/HVERAGERÐI



Skreyting á Blóm í bæ.



Mannlíf á Fossflötinni á Blómstrandi dögum.

### Heilsusamleg sundlaug og sýningar

Sundlaugin í Laugaskarði laðar að sér fjölda baðgesta og þá eru víða volgar laugar og litrík hverasvæði í Reykjadal sem áhugafólk um útivist ætti ekki að láta fram hjá sér fara á ferð sinni um Hveragerði. Gaman er að stoppa í Listasafni Árnesinga sem er framsækið listasafn sem setur árlega upp fjölda metnaðarfullra sýninga. Einnig eru sýningar í Bókasafni bæjarins í Sunnumörk.



Gömul og falleg hús á Eyrarbakka eru vinsælt myndefni ferðamanna.
MYND/JÓHANN WAAGE

# Gengið um Stokkseyrarbakka

Eyrarbakki og Stokkseyri hafa lengum verið vinsæl þorp fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Gömlu kotin í Skúmsstaðahverfi á Eyrarbakka frá seinni hluta nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu eru vinsælt myndefni líkt og Húsið, sem er elsta timburhús landsins.

Siggeir Ingólfsson er manna fróðastur um þetta svæði. Hann hefur undanfarin ár séð um ferðamiðstöð í Stað, félagsheimili Bakkans, þar sem hann hefur veitt upplýsingar um Eyrarbakka, Stokkseyri og nærliggjandi svæði.

Siggeir, sem hefur mikla reynslu í að leiðsegja ferðamönnum um hið sögufræga strandsvæði, hefur einnig boðið upp á mislangar skoðunarferðir þar sem hann eys úr viskubrunni sínum. Til dæmis hefur verið vinsæl tuttugu mínútna ganga um Eyrarbakka sem liggur um vesturbakkann frá Vesturbúð að Húsinu, byggðasafni Árnesinga og þaðan austur eftir sjógarðinum að gamla slippsvæðinu og loks niður í Gjárhverfi. Hann hefur einnig leitt hópa um Stokkseyri og jafnvel gengið á milli þorpanna tveggja.

**Þeir sem vilja vita meira geta haft samband við Siggeir í síma 898-4240 eða í netfanginu siggeiri@simnet.is.**









# Stofnaði bleikjueldi í heimahögum

**Drífa Bjarnadóttir** sneri heim til Víkur í Mýrdal eftir fjórtán ára búsetu í Reykjavík. Hún hefur nú byggt upp sitt eigið bleikjueldi, Lindarfisk, á ættarjörð móður sinnar í Botnum. Hún hefur byggt einbýlishús utan um fjölskyldu sína auk fiskbúðar og fiskvinnsluhúss í Vík.

Drífa er fædd og uppalin í Vík en flutti eins og svo mörg ungmenni til Reykjavíkur sextán ára gömul til að fara í menntaskóla. Eftir útskrift fór Drífa í líffræði í HÍ og í framhaldinu lærði hún fiskeldisfræði. Í Reykjavík bjó hún í fjórtán ár, kynntist eiginmanni sínum og eignaðist þrjú börn, en þá stefndi hugurinn heim. „Mig langaði til að börnin hefðu þetta frelsi sem ég hafði þegar ég ólst upp," segir Drífa. Ákvörðunin var þó stór enda var Árni, eiginmaður hennar, ekki mjög spenntur. „Hann starfaði í bænum og kom til okkar um helgar," segir Drífa en þau hjónin voru í fjarbúð í sjö ár. „Það gekk ótrúlega vel en ég er voða fegin að vera búin að fá hann heim," segir hún glaðlega.

### Eigin herra

Drífa vann fyrst um sinn í fiskeldinu hjá Klausturbleikju við Kirkjubæjarklaustur. „Þetta voru langir dagar en á þeim tíma bjuggum við inni á pabba og mömmu og vorum með au pair, þannig að krakkarnir höfðu gott bakland." Eftir nokkur ár ákvað Drífa að fara út í eigin rekstur. „Ég er þannig hönnuð að ég þarf að fá að stjórna hlutunum sjálf," segir hún glettin en úr varð að Drífa ásamt foreldrum sínum, eiginmanni og systur stofnaði Lindarfisk og hóf uppbygginguna bleikjueldis á ættarjörð móður sinnar, Botnum, um 60 km austan við Vík.

### Byggt upp án lána

„Mesta náttúruauðlindin í Botnum er kalt lindarvatn og því er þetta tilvalinn staður fyrir bleikjueldi," segir Drífa en markmiðið var alltaf að byggja upp án lána. „Við fengum notuð ker sem við löppuðum upp á. Við notuðum gáma sem við skárum í sundur sem langstraumsrennur, en í sumar ætlum við að steypa almennilegar rennur," upplýsir Drífa og bætir við að í sumar verði í fyrsta sinn almennileg framleiðsla hjá Lindarfiski



Bleikjan sem Lindarfiskur ræktar er Hólableikja. „Þetta er kynbætt bleikja frá kynbótastöðinni á Hólum í Hjaltadal. Hún er þægileg í meðförum, stinn og fín, sjúkdómaþolin og fer seint í kynþroska."

Hjá Lindarfiski er bleikjan ávallt ræktuð frá hrognum en fyrstu hrognin bárust árið 2011.

### Byggði hús með útsýni

Drífa er ekki hrædd við að prófa nýja hluti. Þannig tók hún sjálf fullan þátt í að byggja einbýlishús fjölskyldunnar sem stendur í sömu línu og Víkurkirkja með magnað útsýni til sjávar. „Ég vissi ekkert hvað ég var að gera til að byrja með og gerði bara það sem smiðirnir sögðu. En ég held ég hafi verið orðin þokkaleg þegar við kláruðum húsið," segir hún glettin.

### Fiskbúð í Vík

Framkvæmdagleðin er allsráðandi og næsta verkefni Drífu var að byggja fiskvinnsluhús vestast í þorpinu þar sem hún rekur einnig fiskbúðina Lindarfisk sem er opin einu sinni í viku og selur eigin bleikju auk fersks fisks sem hún fær frá fiskmarkaðnum á Höfn.

„Húsið er í raun tveir frystigámar sem við settum saman og rifum milliveggina úr. Ég er mjög ánægð með árangurinn," segir hún. Innt eftir næstu verkefnum segir hún af nægu að taka. „Það þarf að byggja meira fyrir fiskeldið, seiðahús, aðstöðuhús og yfir öll kerin," segir hún en þessu mun hún sinna meðfram öllum öðrum skyldum en þess má geta að Drífa og systir hennar eru orðnir fullgildir meðlimir í slökkviliði staðarins. solveig@365.is




**Fiskbúðin Lindarfiskur er vestast í þorpinu og aðeins opin í tvo tíma á þriðjudögum.**



**Holan er þetta glæsilega hús kallað enda var það lengi vel ekki annað. Útsýnið þaðan er glæsilegt.**

# Fjögurra stjörnu hótel í útivistarparadís

Fosshótel Jökulsárlón á Hnappavöllum í Öræfasveit er fyrsta fjögurra stjörnu hótelið sem opnað er á landsbyggðinni. Hnappavellir eru á milli Skaftafells og Jökulsárlóns. Svæðið er eitt vinsælasta göngusvæði landsins með yfir hundrað gönguleiðir og stórkostlegt útsýni.

„Við erum að leggja lokahönd á hótelið en fyrstu gestirnir eru væntanlegir í næstu viku," segir Óskar Finnsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Íslandshótela, en Fosshótel Jökulsárlón bætist í hóp þeirra átján hótela sem Íslandshótel reka um allt land eins og Grand Hótel, Best Western, Centrum, Hótel Stykkishólm og Hótel Hellna.

Í nýja hótelinu eru 104 herbergi og þar af eru 4 stórglæsilegar svítur búnar öllum þægindum. Óskar segir ekkert til sparað í glæsilegri hönnun og aðbúnaði til að upplifun gesta verði sem best. Hönnun hefur verið í höndum framúrskarandi arkitekta, Bjarni Snæbjörnsson hannaði hótelið og Leifur Welding sá um veitingasalina, barsvæðið og móttökuna.

„Við bjóðum upp á sána og gufubað þar sem hægt er að slaka á. Við vildum frekar leggja áherslu á sánað en líkamsræktarsal. Okkur fannst ekki samræmast náttúrufegurðinni hér í kring að hlaupa innilokuð á hlaupabretti," segir Óskar en Hnappavellir eru eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins. „Þetta er unaðslegur staður að vera á og upplifun út af fyrir sig."

Uppbygging hótelsins er unnin í góðri samvinnu við sveitarfélagið og segir Óskar starfsemina lyftistöng fyrir sveitina.

„Hótelið er opið allt árið og við bjóðum upp á mjög fjölbreytt hádegisverðarhlaðborð og à la carte seðil á kvöldin að hætti Sævars Karls matreiðslumeistara. Það er algjörlega þess virði fyrir Íslendinga sem eru á ferðinni að koma við og fá sér að borða og slaka aðeins á áður en lengra er haldið. Markmiðið er að hótelið verði ekki eingöngu stoppistöð erlendra ferðamanna heldur nýti Íslendingar sér aðstöðuna. Lofthæðin á móttöku- og barsvæðinu er einstök með 140 loftljósum frá Tom Dixon og 3 metra háum ljósmyndum af Jökulsárlóni.



**Þau Unnur Eva Arnarsdóttir hótelstýra og Sævar Karl Kristinsson matreiðslumeistari reka hótelið.**

> **„Markmiðið er að hótelið verði ekki eingöngu stoppistöð erlendra ferðamanna heldur nýti Íslendingar sér aðstöðuna.** *Óskar Finnsson*

Þau Unnur Eva Arnarsdóttir, hótelstýra og Sævar Karl Kristinsson matreiðslumeistari reka hótelið. Þau eru rétt rúmlega þrítug hjón og flytja búferlum frá Reykjavík í sveitina, með fjögur börn. Reyndar hafa fleiri fjölskyldur flutt á svæðið til að taka þátt í þessu ævintýri og skilst mér að fjöldi barna í leikskólanum hér hafi tvöfaldast," segir Óskar. „Unnur hefur unnið við þjónustu á veitingastöðum og er með mastersgráðu í mannauðsstjórnun og Sævar er þungavigtarkokkur, sem unnið hefur á veitingastöðum eins og Kolabrautinni, Fjalakettinum og Sjávarkjallaranum."



**Hnappavellir eru eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins og hefur ekkert verið til sparað við hönnun hótelsins og aðbúnað við gesti.** MYNDIR/FOSSHÓTEL



**Í hótelinu eru hundrað og fjögur herbergi og þar af fjórar stórglæsilegar svítur.**



**„Hótelið er opið allt árið og við bjóðum upp á mjög fjölbreytt hádegisverðarhlaðborð og à la carte seðil á kvöldin að hætti Sævars Karls matreiðslumeistara."**

# Gönguferðir í stórkostlegri náttúru

Skaftafell er hluti af Vatnajökulsþjóðgarði og ein af fallegustu náttúruperlum þjóðarinnar. Þar má finna fjölda skemmtilegra og mislangra gönguleiða við allra hæfi innan um falleg fjöll og jökla, einstaka náttúrufegurð og sjálfan Svartafoss, helsta aðdráttarafl garðsins.



Ægifagur Svartifoss er vinsæll áfangastaður MYND/KOLBRÚN ÞORSTEINSDÓTTIR



Hrafnhildur Ævarsdóttir, á toppi Kristínartinda.

Skaftafell í Vatnajökulsþjóðgarði er einstök náttúruperla sem gaman er að heimsækja, sérstaklega yfir sumartímann. Auk stórbrotins landslags má finna þar fjölmargar skemmtilegar gönguleiðir þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi að sögn Hrafnhildar Ævarsdóttur, sérfræðings hjá Skaftafellsstofu Vatnajökulsþjóðgarðs. „Gönguleiðirnar eru mjög fjölbreyttar og umvafðar einstakri náttúrufegurð. Hér er fjölskrúðugt fuglalíf og í garðinum vaxa yfir 250 háplöntutegundir.“

Hún segir fjallasýnina mikilfenglega og auðvelt sé að komast að fallegum útsýnisstöðum með því að fylgja gönguleiðum. „Á góðum degi er falleg fjallasýn af Skaftafellsheiði með útsýni yfir tinda og skriðjökla Vatnajökuls, Skaftafellsfjöll og Lómagnúp svo eitthvað sé nefnt. Ef heppnin er með er hægt að rekast á refi sem eiga óðal í Skaftafellsheiðinni.“

Á vef Vatnajökulsþjóðgarðsins má finna kort og upplýsingar um margar gönguleiðir í Skaftafelli og fleiri hlutum þjóðgarðsins. „Stysta og auðveldasta leiðin inn að Skaftafellsjökli er svokölluð Jökulslóð (S1) en hún tekur um klukkutíma. Leiðin er að hluta til malbikuð og því aðgengileg hjólastólum og vögnum. Á leiðinni er hægt að sjá merkta staura en þeir vísa til upplýsingabæklings sem hægt er að nálgast í gestastofu.“

Vinsælasta gönguleiðin að sögn Hrafnhildar er leiðin um Svartafoss, Sjónarsker og Sel (S2). „Þar sér göngufólk m.a. Svartafoss sem er stjarnan okkar hér í Skaftafelli. Þessi leið sameinar náttúrufegurð og menningarminjar en á leiðinni koma gestir að torfbænum Seli sem hægt er að skoða að innan.“

## Margt að sjá

Fyrir þá sem eiga erfitt með að ganga upp eða niður í móti er leiðin inn að Bæjarstaðarskógi (M1) að mestu slétt og því auðveldari yfirferðar en aðrar lengri göngur á svæðinu. „Hana má einnig hjóla en margir fjallagarpar hjóla inn að Bæjarstaðarskógi og ganga síðan á Blátind en það er fremur erfið ganga. M1 er 13 km löng og tekur um fimm klukkustundir en eftir ferðalag í gegnum lúpínubreiðu er leiðarendinn fallegur skógur með hæstu birkitrjám landsins.“

Fyrir göngufólk sem sækist eftir lengri göngu, sem þó er ekki erfið, er gangan inn í Morsárdal (M2) góður kostur að sögn Hrafnhildar. „Hún er ekki eins fjölfarin og getur göngufólk upplifað kyrrðina í nálægð við Morsárjökul sem drynur öðru hvoru í. Þetta er ein af mínum uppáhaldsgönguleiðum en ég segi gjarnan að þú standir ofan í útsýninu af Kristínartindum en þaðan er meðal annars hægt að sjá ofan í Morsárdal.“

Að lokum nefnir Hrafnhildur langa dagsferð um Skaftafellsheiðina (S3). „Þetta er vinsæl ganga, rúmlega 15 km að lengd og tekur um 5-6 klukkustundir. Á henni er hægt að sjá mikilfenglegt útsýni og jarðmyndanir. Margir gönguhópar leggja leið sína um heiðina ár hvert og er ekki að undra þegar útsýnir blasir við. Af þessari leið er einnig hægt að ganga upp á Kristínartinda en sú leið er flokkuð sem erfið og því ekki fyrir alla. Þeir sem brölta upp hafa þó erindi sem erfiði og standa á tindi sem var skorinn út af jöklum, Morsárjökli í vestri og Skaftafellsjökli í austri.“

Auk fyrrnefndra gönguleiða má finna fleiri leiðir á vef þjóðgarðsins. Nánari upplýsingar má finna á www.vatnajokulsthjodgardur.is auk þess sem starfsfólk gestastofu Skaftafells er alltaf tilbúið að fræða gesti betur um gönguleiðirnar.



Fólkið sem stendur að baki Midgard Adventure.

# Hvolsvöllur verði miðstöð ævintýraferðamennsku

Midgard Adventure er ferðaskrifstofa og ferðaskipuleggjandi á Hvolsvelli. Fyrirtækið, sem samanstendur af nokkrum vinum og fjölskyldum þeirra, hefur vaxið og dafnað. Stefnt er að því að ljúka byggingu hostels í byrjun næsta árs.

Midgard Adventure var stofnað árið 2010 af þremur vinum og föður eins þeirra. Síðar hafa fleiri vinir og fjölskyldumeðlimir bæst í hópinn líkt og Björg Árnadóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, sem er jafnframt móðir eins eigendanna. „Strákarnir höfðu allir flutt burtu í nám en sneru aftur til að byggja upp þetta fyrirtæki í heimabyggð,“ upplýsir Björg.

Í upphafi var Midgard Adventures ferðaskipuleggjandi sem bauð upp á dagsferðir inn á hálendið. Fyrir nokkrum árum fékk fyrirtækið ferðaskrifstofuleyfi og nú er boðið upp á lengri ferðir sérsniðnar að óskum fólks. „Sérstaða okkar felst í vísi að ævintýraferðamennsku,“ segir Björg en hjá fyrirtækinu starfa 11 fastir starfsmenn en mest um 16 á sumrin.

Þjónustan er persónuleg. „Við búum öll hér á Suðurlandinu og það kemur oft fyrir að við bjóðum fólki bara í mat heim ef eitthvað kemur upp á og höfum jafnvel haldið afmælisveislur fyrir fólk sem er veðurteppt,“ segir hún glaðlega.

## Íslenskir fyrirtækjahópar

Langstærstur hluti gestanna er erlendur en Midgard Adventure tekur einnig á móti stórum fyrirtækjahópum. „Þá förum við til dæmis inn í Þórsmörk í hópefli, leiki og ævintýri. Þeir sem það kjósa geta jafnvel verið með vinnubúðir eða haldið fundi í bílunum á leiðinni inn í Þórsmörk.“

## Nýtt hostel

Midgard Adventure stendur fyrir byggingu 45 rúma hostels á Hvolsvelli sem verður tilbúið í mars á næsta ári. „Við eigum okkur þann draum að gera Hvolsvöll að miðstöð ævintýraferðamennsku. Hér er inngangurinn að miklu eldfjallasvæði. Hér er Katla geopark og Eldfjallasetrið verður opnað á næsta ári. Hingað getur fólk komið og dvalist í nokkra daga og gert eitthvað nýtt á hverjum degi, hjólað, farið í jeppaferðir, veitt og gengið.“

Nánari upplýsingar má finna á www.midgardadventure.is.







**Bobby Fischer Center, Austurvegur 21, Selfoss**

Lat 63.9374778
Long -20.999649

**Opið: 13:00 – 16:00**
**Frá 15. maí til 15. sept.**

Aðgangseyrir: 1000 kr fyrir fullorðna en frítt fyrir 14 ára og yngri.

Gröf Fischers er í Laugardælakirkjugarði sem er í um 2 km fjarlægð.

**www.fischersetur.is**
e-mail: fischerstur@gmail.com






★★★★ HEILSÁRSHÓTEL
VIÐ RÆTUR ÖRÆFAJÖKULS

104 HERBERGI OG GLÆSILEGUR VEITINGASTAÐUR

Fosshótel opnar í júní fjögurra stjörnu heilsárshótel á Hnappavöllum, milli Skaftafells og Jökulsárlóns. Kjörið fyrir göngu- og útivistarfólk enda úr meira en hundrað gönguleiðum að velja og stórfenglegt útsýni til allra átta.

Pöntunarsími 562 4000
eða glacier@fosshotel.is

FOSSHOTEL GLACIER LAGOON


NÝ LEVI´S
VERSLUN Í
SMÁRALIND
Glæsileg opnunartilboð
10-40%
Opið til miðnættis í kvöld
LIVE IN LEVI'S
Levi´s Kringlunni - Levi´s Smáralind - Levi´s Glerártorgi













**María segir ömmu sína hafa fengið tár í augun þegar hún sá hana í kjólnum því hún hafði talið sig hafa hent kjólnum fyrir löngu.** MYND/NANNA GUÐNÝ

# GLEYMDUR BALLKJÓLL ÖMMU

**María Hjördís Karlsdóttir** útskrifaðist í sextíu og fimm ára gömlum sparikjól sem amma hennar, Jóhanna Hólmfríður, saumaði sér fyrir dansleik. Kjólnum hafði hún hent fyrir löngu en mamma Maríu bjargað úr ruslinu og geymt. Hann smellpassaði á Maríu.

„Amma Fríða saumaði þennan kjól árið 1955, þegar hún var 25 ára og var að fara á ball með vinkonu sinni. Þær langaði í eitthvað nýtt að fara í og saumuðu sér kjóla í sameiningu. Þegar mamma var 14 ára var amma að taka til í skápunum og henti kjólnum. Mamma hirti hann upp úr pokanum, ásamt tveimur öðrum kjólum sem amma hafði saumað og hefur flutt þá með sér gegnum árin,“ segir María Hjördís Karlsdóttir um fagurbláan kjól sem hún klæddist á útskriftardaginn frá Verkmenntaskólanum á Akureyri fyrir skömmu.

„Þegar amma sá mig í kjólnum trúði hún ekki að þetta væri hennar kjóll en þegar hún fann efnið og áttaði sig á því fékk hún alveg tár í augun. Hún vissi ekki að hann væri enn þá til og að mamma hefði tekið hann þegar hún ætlaði að henda honum,“ segir María. „Það var samt bara fyrir tilviljun að ég útskrifaðist í honum. Ég var búin að kaupa mér tvo kjóla fyrir útskriftina þegar mamma mundi allt í einu eftir kjólunum inni í skáp hjá sér. Ég mátaði þá og þessi blái smellpassaði á mig,“ segir María. „Við létu aðeins stytta hann svo ég fílaði hann betur en hann náði niður fyrir hné. Ömmu fannst bara flott að ég stytti hann.“

> Þegar amma sá mig í kjólnum trúði hún ekki að þetta væri hennar kjóll en þegar hún fann efnið og áttaði sig á því fékk hún alveg tár í augun. Hún vissi ekki að hann væri enn þá til og að mamma hefði tekið hann þegar hún ætlaði að henda honum.
>
> María Hjördís Karlsdóttir

Hefurðu saumað eitthvað sjálf?

„Nei, bara það sem sett var fyrir í handavinnu í skólanum,“ segir María sposk og segir alls konar ólíkar flíkur finnast í fataskápnum sínum þegar hún er spurð út í fatastílinn. Það hangi þó ekki margir kjólar í skápnum.

„Ég á ekkert mikið af kjólum, aðallega íþróttaföt. Ég æfi fótbolta og útskrifaðist af íþróttabraut í VMA. Ég endist líka sjaldnast heilan dag í gallabuxum. Mér finnst alveg gaman að kaupa föt og kaupi þá bara það sem mér finnst flott. Ég á samt tvo kjóla eftir ömmu og svo einn sem mamma saumaði sér fyrir einhver jólin fyrir mörgum árum. Litla systir mín var í þeim kjól á útskriftinni minni.“

Hvað ætlarðu að gera í sumar?

„Ég er frá Höfn og fer að vinna í fiski í Skinney Þinganesi á Höfn í sumar. Svo er ég ekki alveg búin að ákveða framhaldið.“ **heida@365.is**



**María Hördís og systir hennar Guðlaug Jóna á útskriftardaginn en Guðlaug klæddist kjól sem móðir þeirra saumaði sér fyrir mörgum árum.**


Fimmtudags
Party til
Miðnættis
comma,
commaIceland
Smáralind


SUMAR GLEÐI
Sumar fjör
BASLER
WEEKEND
MaxMara
20%
afsláttur
af fatnaði
ParisarTizkan
SKIPHOLTI 29B - S:551 0770

## BÍLAR & FARARTÆKI


PLANIÐ bílasala 5170000

Vantar bíla á skrá og staðinn. Skráum þér að kostnaðarlausu bílinn þinn. Kannaðu málið með sölufulltrúum okkar...




FORD Freetec 698 g/a tvöfallt á aftan. Árgerð 2006, ekinn 55 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 8.890.000. Rnr.262985.



M.BENZ Sprinter 416 cdi 4x4. Árgerð 2002, ekinn 237 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.900.000.stgr Rnr.106524.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

hjól.is bestir í hjólum..



**TILBOÐ**
HSUN Hs800atv. Árgerð 2011, ekinn 2 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.090.000. Rnr.196600.

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**

HEIMSBÍLAR



MERCEDES-BENZ E 220 bluetec cdi (002). Árgerð 2015, ekinn 6 Þ.KM, dísel, leður, sjálfskiptur 9 gírar. Verð 8.570.000. nánast nýr bíll.Rnr.338363.

**Heimsbílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**


Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að... börn eiga rétt á nægum svefni


ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Corolla active. Árgerð 2014, ekinn 36 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.190.000. Rnr.141737.



KIA Sportage ex 4wd. Árgerð 2013, ekinn 130 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.650.000. Rnr.991551. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES-BENZ Gla 200 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 15 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.990.000. Rnr.991378.



MERCEDES-BENZ B 180 NGT . Árgerð 2011, ekinn 45 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.320058.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



FORD Mustang GT premium . Árgerð 2005, ekinn 33 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Vortech Supercharge (blásari) Verð 4.500.000. Rnr.221891.



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2015, ekinn 33 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.221919.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27/ Dragháls megin, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

### Bílar til sölu



**BMW-745I ÁRG 2003**
Þessi glæsilegi bíll til sölu á útsöluverði, aðeins 1490 þús. Einn með öllu. Uppl. í s: 895-2049.



TOY LANDCRUISER 120 GX 2003 Ek. 244 þús, sjálfsk, diesel, 5 manna. Ný grind, hásing, afturhleri, bremsur o.fl. Verð 2.190 þús - Uppl í síma 8442022

Toyota Corolla '1,4 árg. 02 ek. 243þús Uppl. í s. 894 3765

### 250-499 þús.



**!!! TILBOÐ 399P !!!**
Hyundai Getz 1.1 3dyra árg '06 Bsk, ek. 149þkm. Nýskoðaður, ný heilsársdekk omfl. Verð 599.000kr Tilboð 399.000kr Möguleiki á 100% Visa/euro kortaláni til 36mánaða, greiðslubyrði yrði upb 17.000kr á mánuði. S: 861 6448

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
VERÐ FRÁ 129.800,-
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

### Fellihýsi

Tjaldvagnar
Fellihýsi
Hjólhýsi
Húsbílar
Umboðssala
Risasýningarsvæði
Korputorgi
Korputorg I 112 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

### Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR




SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www. velaverkjs.is

**GARÐAUMSJÓN**
Sláttur fyrir húsfélög og einstaklinga. Almenn garðvinna. Halldór garðyrkjumaður. S: 6981215

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**Þakmálun**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð.
Uppl. í s. 847 1628 & 867 2428 • Litaverk ehf

**REGNBOGALITIR**
Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

VIÐHALD FASTEIGNA
JÁ IÐNAÐARMENN
Tímavinna eða tilboð
Sími 544 4444
Gsm 777 3600
jaiðnaðarmenn.is
johann@2b.is

Tek að mér alla alhliða trésmíðavinnu. Uppl. í síma 869 1698.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is




GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar


### Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## KEYPT & SELT

### Til sölu

**JÁRNA-BAKKAR**
Framleiðum allar gerðir af járnabökkum og tengingum fyrir kambstál.
Varist eftirapanir kennitöluflakkara.
www.bindir.is

### til sölu



**Bátur til sölu**
Glænýr Blue Spirit gúmmíbátur, aldrei snert saltan sjó. Bátur með harðri skel. Ekki hægt að velta honum.

→ 4,3 m. langur
→ 25 hestafla nýr Mercury mótor

Nánar í síma 893 0170

STIGA



**Stiga Estate 3084 H**
Sjálfskiptur sláttutraktór
B&S 3130 AVS mótor
Notendavænt sæti og stýri
240 lítra graskassi
Frábær traktór í meðalstór svæði

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is



**EIKAR SÓFABORÐ**
Vandað eikar sófaborð Stærð 130X70 og hæð 40cm. Verð 40þús. Uppl. í s. 663 3313

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun






**NÝ SENDING KOMIN!**
WE-VIBE 4 - Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró.Sendum um allt land www.hush.is





SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**sauna.is**
Fjárfesting í vellíðan
TYLÖ

EYJALIND
Slit-diskar í atvinnutæki
Vinnuvélar - Lyftarar - Dráttavélar - Vörubílar
- Bremsur
- Kúplingar
- Gírkassar
- Drif
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Sérhæfð viðgerða -og viðhaldsþjónusta fyrir húsbílaeigendur
FIAT
Verkstæði
VARAHLUTIR
S. 564 2004
CHRYSLER Jeep
SÍMAR 564 2004 / 864 4571 / 864 4572 - Óseyrarbraut 7 Hafnarfirði

**VARAHLUTIR**
**Iveco • Benz • Man • Renault**
*Varahlutaþjónusta*
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Sími 550 9800
www.tjaldaleiga.is
Tjaldaleiga skáta
Við leigjum samkomutjöld af ýmsum stærðum og gerðum sem henta við hin fjölbreyttustu tækifæri.

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o.fl.

HJÓLBARÐA GRAFARVOGS VERKSTÆÐI
Gylfaflöt 3
Grafarvogi
Sími 567 4468
dekk@gummisteypa.is
GENERAL HJÓLBARÐAR

**Iveco**
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991
rafstilling@rafstilling.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
S. 587 1350

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
Viðarhöfði 2b 110 Reykjavík

BLIKK
Rör • Tengiefni • Viftur • Loftræsting
Heildsala • Smásala
íshúsið ehf
Smiðjuvegur 4a, Græn gata, Kópavogur | 566 6000

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is








# Eyja Guldsmeden Hotel

## — Til hamingju með opnunina!

Eyja Guldsmeden hótel er nýtt og spennandi organic „boutique hotel“ í Reykjavík. Hótelið, sem er 65 herbergja, er rekið í samstarfi við dönsku hótelkeðjuna Guldsmeden hotels. Í þeirra anda hefur Eyja hótel sjálfbærni og vistvernd að leiðarljósi.

Mannverk sá um framkvæmdir á húsnæðinu eftir hönnun Teiknistofu Arkitekta og í samstarfi við eftirtalda aðila.

GULDSMEDEN HOTELS EYJA

MANNVERK
FRAMKVÆMDIR OG RÁÐGJÖF

---

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektar fai · VHÁ VERKFRÆÐISTOFA · VERKHÖNNUN · VERKÍS · GLUGGAR & GLER · EFLA VERKFRÆÐISTOFA · ÍSLANDSSMIÐAR · HÚSASMIÐJAN

ÍAV · AFLMÓT ehf BYGGINGAFÉLAG · RAFHOLT www.rafholt.is · RAFBLIKK · Cobalt · Málun · SMÍÐAVERK ehf. Íslensk smíðaverks snilli

PARKETLAUSNIR · SMÍÐAVERK ehf. Íslensk smíðaverks snilli · Suðulist · ÁLGLUGGAR JG EHF · KJ Vélsmiðja Konráðs Jónssonar sf. S: 5654929, kjgj@simnet.is · VÍDD · ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN · MG

## EM-draumur kvennalandsliðsins dó er liðið tapaði stórt gegn sterku liði Frakka



**Hingað og ekki lengra** Karen Knútsdóttir og stöllur hennar keyrðu á franskan vegg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stærstu leikirnir alltaf skemmtilegastir

**Landsliðskonan Dagný Brynjarsdóttir var seinni til að mæta til Skotlands fyrir toppslag riðilsins en hinir leikmenn íslenska kvennalandsliðsins í fótbolta. Ástæðan var að hún var að spila með sínu liði í meira en sjö þúsund kílómetra fjarlægð á sunnudagskvöldið.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið getur annað kvöld stigið risastórt skref í átt að því að tryggja sér sæti á Evrópumótinu í Hollandi aðeins nokkrum dögum áður en karlalandsliðið spilar sinn fyrsta leik á EM í Frakklandi. Stelpurnar eru komnar til Skotlands þar sem fram undan er uppgjör toppliða riðilsins, tveggja liða sem hafa ekki enn tapað stigi í keppninni.

Sá leikmaður íslenska liðsins sem þurfti að ferðast langlengst í leikinn en Dagný Brynjarsdóttir sem hefur þegar stimplað sig inn hjá bandaríska atvinnumannaliðinu Portland Thorns. Dagný var að spila leik á sunnudaginn í meira en sjö þúsund kílómetra fjarlægð. Dagný þarf því ekki aðeins að jafna sig á ferðalaginu heldur einnig tímamismuninum sem er átta tímar á milli Portland og Skotlands.

### Hefur gert þetta mörgum sinnum

„Ég er í ágætisæfingu eftir að hafa búið á austurströndinni í fjögur ár en ég viðurkenni alveg að þetta tekur á. Ég er að jafna mig en þekki þetta vel því ég hef þurft að gera þetta mjög mörgum sinnum,“ sagði Dagný þegar Fréttablaðið heyrði í henni en þá var hún á leiðinni á sína aðra æfingu með landsliðinu þann daginn.

Dagnýju líst vel á íslenska liðið. „Þetta lítur mjög vel út. Við höfum undirbúið okkur mjög vel og æfingarnar hafa gengið mjög. Ég held að þetta verði hörkuleikur og mjög spennandi,“ segir hún,

Dagný yfirgaf Selfoss eftir síðasta tímabil og samdi við Portland Thorns. „Ég er mjög ánægð,“ segir hún. Liðið hefur unnið þrjá leiki og gert fjögur jafntefli sem skilar liðinu upp í annað sætið, stigi á eftir Chicago Red Stars.

„Við erum ennþá taplausar en búnar að gera óþarflega mörg jafntefli. Það er samt skárra að fá eitt stig heldur en ekkert,“ segir Dagný. Hún hefur skorað tvö mörk í fyrstu sjö leikjunum og er búin að verja í byrjunarliðinu frá fyrsta leik.

„Það er gaman að fá að spila mikið en það er samt ótrúlega mikil samkeppni í liðinu og mikið af stórum nöfnum,“ segir Dagný. Hún hefur spilað 597 mínútur af 630 í boði á tímabilinu. Það hafa tveir leikmenn liðsins spilað meira en hún.

Dagný var ekki sú eina í Portland-liðinu sem var á leiðinni í landsliðsverkefnið. „Ég held að við höfum verið tíu af þessum tuttugu manna hópi sem vorum að fara í landsleiki,“ segir Dagný og það segir mikið um styrk Portland-liðsins.

### Vill sjá hápressuna áfram

Skoska liðið hefur unnið fyrstu fimm leiki sína í riðlinum og skorað í þeim 27 mörk eða 5,4 mörk að meðaltali í leik.

„Þær eru með hörkulið en ég held að það sé mikilvægt að við spilum okkar leik á móti þeim. Hápressan okkar hefur verið mjög góð og þá höfum verið að spila vel og nýta færin okkar vel í undanförnum landsleikjum,“ segir Dagný sem vill ekki að íslenska liðið breyti um leikstíl frá því í fjórum öruggum sigrum liðsins á slakari liðum riðilsins.

> **Ég sé enga ástæðu til þess að mæta eitthvað varnarsinnaðri í þennan leik.**
>
> Dagný Brynjarsdóttir landsliðskona

„Ég sé enga ástæðu til þess að mæta eitthvað varnarsinnaðri í þennan leik en hina á undan þar sem hápressan okkar hefur verið að virka vel. Við erum með leikmenn til að spila hápressu og erum góðar í því að vinna boltann hátt á vellinum. Það er engin ástæða til að fara að breyta því,“ segir Dagný.

### Miðjumannahugarfarið

Dagný er búin að skora fjögur mörk í fyrstu fjórum leikjunum og er annar markahæsti leikmaður íslenska liðsins í undankeppninni.

„Það skiptir ekki öllu máli hver skorar heldur að vinna leikina og skora mörg mörk. Kannski er ég bara með þetta miðjumannahugarfar að vilja bara vinna. Ég mun alltaf spila á manninn í besta færinu,“ segir Dagný. Hún hrósar líka samherjum sínum fyrir óeigingirni.

„Það sem mér finnst við vera að gera vel að undanförnu er að við erum ekki að skjóta úr vonlausum færum heldur erum við að finna mennina í bestu færunum. Þess vegna erum við að nýta færin okkar betur og skora fleiri mörk,“ segir Dagný

Íslenska liðið er með markatöluna 17-0 og hefur enn ekki fengið á sig mark eftir 360 mínútna leik. Íslenska liðið tryggir sig inn á EM með sigri í riðlinum og stórt skref í átt að því væri að vinna Skotana.

„Við ætlum okkur að loka á þeirra sterkustu leikmenn og spila okkar leik. Eins og staðan er núna þá erum við í góðri stöðu til að vinna riðilinn. Ég hef fulla trú á því að við getum gert það. Stærstu leikirnir eru alltaf skemmtilegastir og öllum íþróttamönnum finnst það örugglega. Við höfum verið sterkari en liðin sem við höfum spilað við. Það er spennandi verkefni að fá núna hörkuleik,“ segir Dagný að lokum. **ooj@frettabladid.is**

### Ég hefði hvort sem er ekkert talað við þær

Dagný ferðaðist með tveimur landsliðskonum Skota frá Bandaríkjunum en var ekki mikið að velta því fyrir sér á leiðinni. Dagný mætti þeim einmitt á sunnudagskvöldið þegar Portland Thorns og Seattle Reign gerðu jafntefli í NWSL-deildinni. Þetta eru miðvörðurinn Rachel Corsie og miðjumaðurinn Kim Little en sú síðastnefnda er besti leikmaður skoska liðsins. „Ég tók þrjú flug og þar af var eitt þeirra til Seattle. Þær flugu með mér tvö síðustu flugin eða frá Seattle til Íslands og svo frá Íslandi hingað til Skotlands,“ sagði Dagný um ferðalagið langa til Evrópu.

„Ég er reyndar ekki rosalega mannglögg og fattaði ekki að þetta væru þær fyrr en ég var að taka töskurnar mínar hérna á flugvellinum,“ segir Dagný hlæjandi en það hefði svo sem ekki breytt miklu. „Ég hefði hvort sem er ekkert talað við þær,“ sagði Dagný.



Dagný Brynjarsdóttir fagnar einu marka sinna í riðlinum. MYND/KSÍ/HILMAR ÞÓR




SPORT | **Copa America - 100 ára afmælismót**

**Bestu fótboltamenn í heimi** - Sergio Agüero, Paulo Dybala, Gonzalo Higuaín, Ángel Di María, Lionel Messi, Roberto Firmino, Philippe Coutinho, Willian, Dani Alves, Alexis Sánchez, Arturo Vidal, James Rodríguez, Edinson Cavani, Luis Suárez, Chicharito. Þarf að segja meira?



SPORT | **Sumarmessan**

**Markaþáttur með öllu helstu atvikum Copa America og EM**

Íþróttafréttamenn 365 rýna í allt það markverðasta sem gerist á hverju kvöldi klukkan 22




SPORT | **Pepsídeildin og Pepsímörk karla og kvenna 2016**

**Aldrei fleiri beina útsendingar frá íslenskum fótbolta!**

Höddi Magg, Helena Ólafsdóttir og fótboltasérfræðingar gera upp allt það markverðasta




SPORT | **NBA Finals**

**Beinar útsendingar**

Hverjir verða meistarar?



SPORT | **Formúla 1**

**Enn meiri spenna en undanfarið!**

Rúnar Jónsson og Kristján Einar Kristjánsson leiða okkur í gegnum spennandi keppni




SPORT | **UFC**

**Hádrama og harka!**

Allt það besta í beinni frá MMA



SPORT | **Demantamótaröðin**

**Meistaradeildin í frjálsum íþróttum**

Besta frjálsíþróttafólki í heimi í beinni útsendingu




SPORT | **Inkassodeildin**

**Úrslitin ráðast í beinni útsendingu**

Leikur í beinni í hverri umferð






**TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT**

# STÖÐ 2 SPORT – Í JÚNÍ

ENDALAUST NET Á 1.000 KR. FYLGIR SPORTPAKKA 365*

*Undanskilið er aðgangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.

SPORT

Það er ótrúlegur mánuður framundan í júní á Stöð 2 Sport og við færum þér allt það besta beint heim í stofu! Copa America - Sumarmessan - Pepsídeildin - NBA - Demantamótaröðin - Formúla 1 - UFC - Inkassodeildin og svo miklu meira til

365.is | Sími 1817

365

SUMARVEISLA Á STÖÐ 2

# FRAMUNDAN ER FRÁBÆRT SUMAR



















Áskrifendur Stöðvar 2 eiga skemmtilegt sumar í vændum. Hvort sem á að hafa það huggulegt í bústaðnum eða heima fyrir þá finnur öll fjölskyldan sér þætti og kvikmyndir við hæfi. Hafðu það gott í sumar og njóttu dagskrár Stöðvar 2.
**Þú gengur frá áskrift á 365.is eða í síma 1817**




©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.




ENDALAUST NET Á 1.000 KR. FYLGIR VÖLDUM SJÓNVARPS-PÖKKUM 365*

**9.990 kr.**
Aðeins 333 kr. á dag

SUMAR

*Undanskilið er aðgjangsgjald og leiga á beini. Nánari upplýsingar á 365.is.
Samsetning sjónvarpspakka getur breyst án fyrirvara.

365



Þyrlur munu koma að góðum notum við að ferja rusl og fólk.
MYND/JÖKULL BERGMANN

## Hreinsa fjörurnar norður í Fjörðum

Fjörur við Eyjafjörðinn utanverðan að austan og í Fjörðum verða hreinsaðar næsta sunnudag. Þyrluskíðafyrirtækið Arctic Heli Skiing stendur fyrir því í samvinnu við sveitarfélagið, fyrirtæki og félagasamtök á svæðinu. Jökull Bergmann hjá Arctic Heli Skiing segir þar mikið af plastúrgangi sem ekki einungis stingi í augu í þessari óspilltu náttúruparadís heldur hafi einnig afar slæm áhrif á lífríki svæðisins. „Það er þekkt staðreynd að plastúrgangur í sjó dregur fjölda lífvera til dauða á hverju ári, meðal annars fugla sem flækjast í netadræsum og hvali sem innbyrða plaststykki og deyja hægum dauðdaga,“ bendir hann á.

Þyrlur frá fyrirtækinu Norðurflugi verða nýttar til að ferja mannskap og stórsekki undir rusl á afskekkta staði, svo sem Kjálkanes og Keflavík, en hvalaskoðunarfyrirtækið Arctic Sea Tours á Dalvík mun flytja meginþorra mannskaps frá Grenivík í Þorgeirsfjörð og þaðan mun fólk dreifa sér yfir í Hvalvatnsfjörð með aðstoð björgunarsveitarinnar Ægis á Grenivík. Þyrlurnar flytja síðan ruslið til baka.

Gleðin verður við völd í þessu verkefni að sögn Jökuls. „Í lok dags verður slegið upp grillveislu á Þönglabakka í Þorgeirsfirði þar sem Kjarnafæði og veitingastaðurinn Kontorinn á Grenivík leggja til steikur að hætti hússins,“ lýsir hann og telur líklegt að heiðursfólkið í Ferðafélagi Fjörðunga og Karlafélaginu Hallsteini á Grenivík beri fram veitingarnar.

**gun@frettabladid.is**



Kveðjuathöfn til minningar um
ástkæran eiginmann minn,

**Robert Berman**

sem lést þann 20. maí síðastliðinn,
verður að heimili okkar og sælureit, á
Víðihóli í Mosfellsdal, þann 3. júní
kl. 15.00 stundvíslega.

(Frekari upplýsingar má finna á FB-síðu R.B.)

**Ingigerður Guðbjörnsdóttir Berman**



Okkar ástkæri

**Héðinn Skarphéðinsson**

*húsasmíðameistari,*

Langholti 2, Reykjanesbæ,

andaðist á Heilbrigðisstofnun
Suðurnesja mánudaginn
30. maí síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju,
föstudaginn 3. júní kl. 14.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hans er bent á Styrktarfélag lamaðra og
fatlaðra, Reykjadal (reikn. nr. 301-26-53, kt. 630269-0249).

**Bergþóra G. Bergsteinsdóttir**
**Kristjana B. Héðinsdóttir Þorsteinn Bjarnason**
**Aðalheiður Héðinsdóttir Eiríkur Hilmarsson**
**Skarphéðinn S. Héðinsson Lynnea Clark**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



„Blóm eru komin í matvörubúðir og bensínstöðvar en fagmennskan er í blómabúðunum og það kann fólk að meta,“ segir Hansína.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Við bara blómstrum öll

**Hansína Jóhannesdóttir hefur staðið vaktina í tuttugu og fimm ár í Blómagallerii á Hagamel 67 í Reykjavík og heldur upp á það með blómamarkaði sem stendur til sunnudags.**

„Nú ætla ég að gera allt brjálað í Vesturbænum,“ segir Hansína Jóhannesdóttir hlæjandi þegar hún er spurð út í blómamarkaðinn sem hún ætlar að halda í Blómagallerii á Hagamel 67 í dag og næstu daga. Það gerir hún í tilefni 25 ára afmælis verslunarinnar og kveðst verða með góð tilboð. Nefnir sem dæmi fimm liljur á 1.991 af því búðin var opnuð 1991 og tíu afskornar bóndarósir á verði fjögurra.

Hansína stofnaði Blómagallerí með systur sinni, Jórunni. Segir það ekki sjálfgefið að geta rekið blómabúð í 25 ár á sömu kennitölu og rifjar upp hvernig ævintýrið byrjaði.

„Ég hafði unnið við blóm frá því ég var unglingur, fyrst í Blómavali í mörg ár og svo heildversluninni Brumi við innflutning fyrir búðirnar. Mig langaði að opna blómabúð en fann ekki hreiður fyrir hana fyrr en 1991. Þá gekk ég með fjórða barnið og var að labba í bakaríið á Hagamel 67 þegar ég sá laust húsnæði þar sem áður var veitingastaður. Hringdi í systur mína sem var á tímamótum líka og spurði hvort hún vildi ekki slá til og opna með mér blómabúð, hún kæmi með peningana og ég vitið! Fjórum vikum seinna vorum við búnar að opna. Jórunn var með mér í tíu ár og svo er hér frábært starfsfólk sem kann sitt fag, ein kona er búin að vera í 20 ár og önnur í 15. Það er það sem skiptir máli og svo auðvitað viðskiptavinirnir. Fyrirsögn þessa viðtals ætti að vera „Takk, takk, kæru viðskiptamenn,“ því án þeirra værum við ekki til.“

> **Þetta er ekkert dútl, mikill burður og oft gróf vinna en skemmtileg og alltaf fylgja miklar tilfinningar blómum, bæði gleði og sorg. Í öllum tilfellum tengjast blómin þó vellíðan, hvert sem tilefnið er.**

Blóm hafa sem sagt skipað stóran sess í lífi Hansínu en hún segir vissulega hafa komið erfiða tíma í rekstrinum. „Það hafa verið umbrotatímar. Þegar við byrjuðum voru sex blómaverslanir í kringum okkur, nú erum við bara tvö eftir, ég og Þórir vinur minn á horninu á Birkimel og Hringbraut. Blóm eru komin í matvörubúðir og bensínstöðvar en fagmennskan er í blómabúðunum og það kann fólk að meta. Þetta er ekkert dútl, mikill burður og oft gróf vinna en skemmtileg og alltaf fylgja miklar tilfinningar blómum, bæði gleði og sorg. Í öllum tilfellum tengjast blómin þó vellíðan, hvert sem tilefnið er. Svo þarf að hugsa um þau eins og hverja aðra einstaklinga og sýna þeim umhyggju. Þau eru lifandi.“

Hansína segir tískusveiflur í blómum eins og öðru. „Við erum með pottablóm en þau voru gerð útlæg á heimilum á tímabili þegar silkiblóm og önnur gerviblóm þóttu smart. Nú vill fólk aftur hafa lifandi plöntur í kringum sig sem næra og fegra umhverfið. Það er plöntutíska og ég held að jukkurnar séu að koma aftur. Fyrir 30 árum seldust þær í bílförmum.“

Sem sagt, það er Amsterdamstemning á Hagamelnum fram á sunnudag og afmælisverð í gangi, að sögn Hansínu. „Við bara blómstrum öll saman þessa daga,“ segir hún glaðlega.

**gun@frettabladid.is**

# FRÁBÆRT VERÐ




**UNITED 50LEDX17T2**
50" Full HD sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótelstilling.

**69.990**

VERÐ ÁÐUR **89.990**




**United LED32X16T2**
32" sjónvarp með 1366x768p upplausn. Progressive Scan. Stafrænn DVB-T/T2 móttakari. USB, 3x HDMI, Scart, S-video, Digital Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi. CI kortarauf.

**29.990**

VERÐ ÁÐUR **39.990**




**UNITED 40LEDX17T2**
40" Full HD sjónvarp með 1920 x1080p upplausn. 3D Comb Filter. Stafrænn DVB-C, DVB-T2 móttakari. 1 x USB. 3 x HDMI. Scart, mini AV, mini Component, VGA & CI rauf. Digital coax út og heyrnatólatengi. USB upptökumöguleiki. Sérstök hótelstilling.

**49.990**

VERÐ ÁÐUR **59.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur




Sunnan 5-10 m/s og dálítil væta vestast á landinu í dag, en annars hæg vestlæg eða breytileg átt og bjart með köflum. Hiti 12 til 20 stig, hlýjast inn til landsins.

### Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 14° | 16° |
| 3 | 6 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 18° | 18° | 13° |
| 1 | 3 | 2 |

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° | 13° | 17° |
| 3 | 9 | 5 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 19° | 17° | 12° |
| 3 | 5 | 4 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. þvogl
6. í röð
8. orlof
9. bergmála
11. hvort
12. gljáun
14. gáleysi
16. hvað
17. mjög
18. amboð
20. samtök
21. þungi

**LÓÐRÉTT**
1. laut
3. frá
4. aflaga
5. tilvist
7. smávarningur
10. siða
13. kvk. nafn
15. streita
16. guðshús
19. frú



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. babl, 6. rs, 8. frí, 9. óma, 11. ef, 12. fágun, 14. vangá, 16. ha, 17. all, 18. orf, 20. aa, 21. farg.

**LÓÐRÉTT:** 1. gróf, 3. af, 4. brengla, 5. líf, 7. smávara, 10. aga, 13. una, 15. álag, 16. hof, 19. fr.

### Skák Gunnar Björnsson

Bragi Þorfinnsson (2.426) átti leik gegn Jóhanni Ingvasyni (2.142) í fyrstu umferð Íslandsmótsins í skák í Tónlistarskóla Seltjarnarness.

**24. d6!** (lagleg peðsfórn sem rýmir d5-reitin) **24. ... Bxd6 25. Rd5 Dc6 26. Rf6+ Kh8 27. Dh4 h5 28. Dg5! 1-0.** Óhætt er að segja að mótið hafi hafist með miklum hamagangi.

**www.skak.is:** Þriðja umferð kl. 15.

**Hvítur á leik**



## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 5 | | | 9 | |
| | | | 4 | | 9 | 5 | | |
| | 3 | 5 | | 8 | | | | 6 |
| | 6 | 2 | 1 | 9 | | | | |
| 8 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 9 | | | | 7 | | | 2 |
| 2 | 8 | 9 | | 1 | | | | |
| 4 | 1 | | 6 | | | | | |
| | 7 | 6 | | | 2 | | | 3 |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 5 | 2 | 3 | 4 | 1 | 8 | 6 |
| 3 | 8 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 |
| 4 | 1 | 2 | 7 | 6 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 5 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 7 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 8 | 7 | 5 | 4 | 6 | 9 |
| 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 |
| 6 | 4 | 3 | 9 | 2 | 7 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 2 | 9 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 | 7 |
| 1 | 5 | 7 | 4 | 8 | 3 | 6 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 7 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 3 | 4 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 7 | 1 | 4 | 3 | 9 |
| 3 | 8 | 7 | 4 | 9 | 6 | 1 | 5 | 2 |
| 4 | 9 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 6 | 2 | 3 | 9 | 7 | 5 |
| 7 | 2 | 6 | 5 | 4 | 9 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 9 | 7 | 1 | 8 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 5 |
| 7 | 2 | 3 | 9 | 5 | 1 | 6 | 4 | 8 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 | 2 | 3 |
| 9 | 4 | 7 | 6 | 1 | 5 | 8 | 3 | 2 |
| 2 | 1 | 5 | 3 | 8 | 9 | 4 | 6 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 4 | 2 | 7 | 9 | 5 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 |
| 4 | 7 | 1 | 5 | 9 | 2 | 3 | 8 | 6 |
| 8 | 6 | 2 | 1 | 4 | 3 | 5 | 7 | 9 |




## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# RUGLIÐ HELDUR ÁFRAM!

## EN EKKI MIKIÐ LENGUR!

# 40% AFSLÁTTUR

# AF ÖLLUM VÖRUM

Afslátturinn gildir af outletverðum og getur numið meira en 90% af upphaflegu verði verslana.



Ráðandi - auglýsingastofa ehf

## Outletið lokar innan skamms!

Ekki missa af þessum fáránlegu verðum á fatnaði sem kemur úr öllum betri fataverslunum landsins!

STÆRSTA OUTLET LANDSINS!

KORPU OUTLET

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400

# NÝ VERSLUN OP

## OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA 2.-5. JÚNÍ - ÞETTA E




100 stk.

29% afsláttur

32GB

Verð áður 69.995

**49.995**

SAMSUNG

**GSM-GALAXY S6**

- Super AMOLED 5,1" skjár (1440x2560) með Gorilla Glass 4
- Fingrafaraskanni, þráðlaus hleðsla
- 16 Mpix myndavél. OIS. F1.9 í ljósopi
- Dual videoupptaka. 2160@30fps, 1080@60fps.
- 2x4 kjarna 1,5+2,1 GHz örgjörvar – 32GB

SAMG92032




100 stk.

31% afsláttur

Verð áður 79.995

**55.555**

LG

**ÞVOTTAVÉL**

- 7 kg þvottavél með 1400 sn. vindu og 44% raka
- Beindrifinn kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð
- Sjálfvirk magnskynjun sem styttir þvottatíma
- Ullar- og ofnæmiskerfi og 6 mótorhreyfingar

eða 5.197 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 62.359 kr. - ÁHK 23,1%

| A+++ | 7 | 1400 |
|---|---|---|
| Orkuflokkur | Kg | Snúninga |

F14AW7




100 stk.

Verð áður 8.995

**4.995**

44% afsláttur

Canon

**FJÖLNOTATÆKI-PIXMA MG2450**

- 4800dpi prentupplausn, 600x1200 í skanna
- 60 bls. í arkamatara, USB tengdur
- Hægt að fá XL blekhylki
- Einfaldur og ódýr prentari

PIXMAMG2450




100 stk.

25% afsláttur

Með Uncharted 4

Verð áður 79.995

**59.995**

PS4

**LEIKJATÖLVA**

eða 5.580 kr. á mánuði

m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 66.955 kr. - ÁHK 21,8%

PS41TB

# …NAR Í DAG KL. 7

## …ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU. SJÁ NÁNAR Á ELKO.IS




100 stk.

Þú sparar 70.000

Verð áður 199.995

**129.995**

eða 11.617 kr. á mánuði
m.v. 12 mán. vaxtalaust kortalán - Alls 139.405 kr. - ÁHK 13,3%

**JVC**

**SJÓNVARP**
- 65" JVC sjónvarp með Full HD upplausn
- Þunnur rammi og góðir tengimöguleikar

LT65E75




100 stk.

Verð áður 3.495

**995**

72% afsláttur




80 stk.

38% afsláttur

Verð áður 39.995

**24.995**

*Marshall*

**ACTON**
- Bluetooth v4.0 + ERD
- 50W
- AUX tengi
- Tíðnisvið 50-20.000Hz

Bluetooth™

ACTONBL




200 stk.

41% afsláttur

Verð áður 16.995

**9.995**

**NUTRiBULLET**

**BLANDARI**
- Öflugur blandari með 2 könnur
- Brýtur niður allt hráefni og nýtir að fullu
- Mjög einfaldur í allri notkun og þrifum
- Uppskriftabók fylgir

NBR0814

**OPNUNARTILBOÐ ELKO GRANDA GILDA 2.-5. JÚNÍ EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST. TAKMARKAÐ MAGN - EITT STK. Á MANN**

ELKO GRANDA



Hluti þeirra listamanna sem bjóða upp á einstakt ferðalag í Snarfarahöfn á Listahátíðinni í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Upplifðu gamlar minningar, tilfinningar og drauma

## Phoenix Reykjavík Edition er einstakur listviðburður í Snarfarahöfn fyrir einn áhorfanda í senn. Gunnar Hansson framkvæmdastjóri segir engu líkt að taka á móti ferðalöngum um minningar og tilfinningar.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það fer bara einn áhorfandi í gegn í einu á átta mínútna fresti," segir Gunnar Hansson, framkvæmdastjóri listviðburðarins Phoenix Reykjavík Edition, sem er hluti af Listahátíðinni í Reykjavík. Viðburðurinn er haldinn í Snarfarahöfninni við Elliðavog og hefur verið lýst sem ferðalagi um landslag tilfinninga. Gesturinn er leiddur um höfnina, báta, tjöld og fjöruna og upplifir ógleymanlegt ferðalag.

„Þetta er braut sem farið er í gegnum og það tekur um níutíu mínútur fyrir hvern og einn gest. Hver ferð inniheldur átta stöðvar þar sem er staðnæmst í ákveðnu rými og á flestum stöðunum eru listamenn sem taka á móti viðkomandi. Þetta eru rými sem við erum búin að útbúa eins og t.d. yfirgefinn bíll, þrír bátar, kofi sem við smíðuðum úr alls konar drasli sem við fundum á hafnarsvæðinu en þetta er allt unnið út frá Snarfarahöfn. Málið er að sýningin lagar sig að þeim stað sem hún er á hverju sinni en allir staðirnir eiga það sameiginlegt að vera hafnarsvæði. Hún hefur verið í Árósum, Kaupmannahöfn og í hafnarbæ skammt frá Mílanó.

### Frá vöggu til grafar

Gunnar heldur utan um sýninguna og segir að listamönnunum sem komi að verkefninu sé helst lýst með slettunni performansartistar. „Það er á aðeins gráu svæði hvort eigi að kalla þetta þátttökuleikhús eða þátttökulist. En það er samt mikilvægt að fólk átti sig á því að það þarf ekki að gera neitt sem það vill ekki gera. Það einfaldlega kemur inn í rými þar sem það upplifir mismunandi hluti og þessar upplifanir eru í raun mjög ólíkar."

Heiti viðburðarins vísar í egypsku goðsagnaveruna Fönix, rauðan og gullinn fugl, sem endar lífdaga sína með því að brenna sjálfan sig en rísa svo upp endurfæddur úr öskunni. Gunnar segir að þau vilji þó að sumu leyti ekki segja of mikið um viðburðinn út frá nafninu. „Málið er að þetta skiptir ekki endilega svo miklu máli fyrir áhorfendur því að hver upplifir þetta á sinn hátt þó svo þetta skipti ákveðnu máli fyrir listamennina. En það er óneitanlega þarna tenging við að maður endurfæðist eins og fuglinn Fönix og þá vonandi í gegnum þessa reynslu. En verkið er soldið um þetta hringferli að fæðast, vaxa og þroskast og svo að deyja og endurfæðast og öll höfum við vængi.

### Lukkuhlutverk

Listamennirnir eru frá fimm löndum og það fyndna er að ég vissi ekkert almennilega út í hvað ég var að fara þegar ég réð mig í þetta en svo kom í ljós að þetta eru miklir listamenn og skemmtilegt verkefni. Hingað komu konur frá Noregi, Svíþjóð, Danmörku og Ítalíu. Svo er íslensk listakona sem hefur unnið með þeim frá upphafi, Þóranna Björnsdóttir, en hún sér um hljóðmyndina í þessu. Áhorfendur eru með heyrnartól allan tímann og gps-stjórnað hljóð sem er alveg meiriháttar. En það var danska konan Mette Aakjær sem kom þessu af stað og fékk allt þetta í fólk í lið með sér og er svona vítamínsprautan í þessu en svo skapa þau þetta saman.

Sjálfur er ég svo í því lukkuhlutverki að senda fólk af stað og taka á móti því þegar það kemur til baka úr sínu ferðalagi og það er alveg æðislegt. Fólk kemur til baka í einhvers konar losti á mjög svo góðan hátt og það bara vill ekki fara aftur út í hraða samfélagsins, kveikja á símanum og allt þetta sem er að fara með okkur. Hver ferð tekur um níutíu mínútur og það hefur enginn haft á orði að þetta sé of langt en margir sagt að þeir hefðu viljað hafa þetta lengra því þetta var svo ánægjuleg lífsreynsla.

Það er svo gott að kúpla sig út úr hraðanum og upplifa hluti sem við tengjum við gamlar minningar, tilfinningar, drauma og hver og einn upplifir þetta á sinn hátt og það er mjög skemmtilegt að verða vitni að því.

Núna er veðurspáin góð og því tilvalið að koma í Snarfarahöfn og njóta þessarar fallegu upplifunar. En fyrst er að fara inn á midi.is því þar getur hver og einn bókað sína ferð á þeim brottfarartíma sem hentar viðkomandi. Það eru þrjátíu og átta brottfarir á hverjum degi þannig að það ættu allir að geta fundið sér stund til þess að koma og slökkva á símanum og fara með okkur í ferðalag um náttúruna, tilfinningar, minningar, gleði, hræðslu og drauma. Komdu með."



Gunnar Hansson í einum áfangastaða ferðalagisns Phoenix Reykjavík Edition. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

### FÓLKIÐ Á BAK VIÐ FERÐALAGIÐ

**Frá Íslandi:**
**Þóranna Björnsdóttir,** sem gerir hljóðmyndina í verkinu
**Ragnar Ísleifur Bragason** performer
**Gunnar Hansson** framleiðandi

**Frá Danmörku:**
**Mette Aakjær,** stofnandi og performer
**Sonja Winckelman Thomsen** ljóðskáld
**Sigrid C. Moses-Jacobsen** performer
**Nanna Rosalia Sigaard,** aðstoð við leikmynd

**Frá Svíþjóð:**
**Nina Matthis performer**

**Frá Noregi:**
**Sigrid Astrup,** leikmyndahönnuður og grafískur hönnuður


Hafðu
AKU®
með í valinu
Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu útsölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.
Framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
Aukin mýkt við ökkla
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
Dempun
IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökla
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2,6mm ekta ítalskt nubuck leður
Custom fit innlegg
Vibram sóli
AKU SUPERALP GTX
39.900 kr.
„Finndu okkur á Facebook"
stífir klifurskór
AKU MONTAGNARD GTX
52.900 kr.
stífir göngu- og klifurskór
AKU TERREALTE GTX
42.900 kr.
millistífir gönguskór
AKU CONERO GTX
34.900 kr.
léttir gönguskór
AKU ALPINA PLUS GTX
29.900 kr.
léttir gönguskór
AKU TRIBUTE GTX
24.900 kr.
léttir gönguskór
AKU ARRIBA II GTX
23.900 kr.
GG•sport
GG•sport
BÓNUS
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is




„Í Keep Frozen er skyggnst inn í rassgatið og leynist þar margt áhugavert.“

# Ljóðræn lýsing á verkamannalífi

## Hulda Rós Guðnadóttir og Helga Rakel Rafnsdóttir endurtaka leikinn með Keep Frozen.

**KVIKMYNDIR**

**Keep Frozen**
★★★★☆

**Leikstjórn:** Hulda Rós Guðnadóttir
**Handritshöfundar:** Hulda Rós Guðnadóttir, Helga Rakel Rafnsdóttir og Hinrik Þór Svavarsson
**Framleiðandi:** Helga Rakel Rafnsdóttir

Leikstjórinn Hulda Rós Guðnadóttir og framleiðandinn Helga Rakel Rafnsdóttir vöktu mikla athygli árið 2008 með heimildarmynd sinni Kjötborg sem vann m.a. Einarinn, áhorfendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni Skjaldborg á Patreksfirði. Nú átta árum seinna hafa þær endurtekið leikinn með heimildarmyndinni Keep Frozen en hún hlaut Einarinn á Skjaldborg þetta árið.

Keep Frozen lýsir lífinu hjá fyrirtækinu Löndun ehf., starfsmönnum þess og vinnu þeirra. Löndun sér um að landa vörum sem koma með skipum í hafnir landsins og þá helst fiskafurðum. Þetta er mikil og erfið vinna þar sem unnið er upp í sextán tíma á dag við að stafla kössum á pallettur og koma þeim í frystingu. Á vissan hátt er þetta einföld vinna en þó meira í hana spunnið en virðist vera.

Keep Frozen er í senn allt að því ljóðræn lýsing á verkamannalífi og hugleiðing um stöðu verkamannsins í nútíma samfélagi. Stíll myndarinnar lýsir sér þannig að fylgst er með verkamönnum að störfum eins og fluga á vegg en yfir þessum myndum heyrast raddir verkamannanna sem lýsa reynslu sinni af því að vinna við löndun, en við sjáum aldrei andlitin sem raddirnar tilheyra beint (þótt þær flestar tilheyri einhverjum af verkamönnunum sem sjást við vinnu).

Keep Frozen tekst í senn að vera fræðandi, umhugsunarverð og listræn. Hér er skyggnst inn í heim sem fæstir þekkja og margir vita varla að sé til. Þetta eru mennirnir sem sjá til þess að innfluttar fiskvörur komist til okkar heilu og höldnu svo við getum snætt þær í fínum veitingahúsum eða keypt í matvörubúðum. Á bak við matinn okkar leynist mikil erfiðisvinna við hættulegar aðstæður.

Raddirnar sem heyrast í myndinni lýsa öllum hliðum starfsins, starfi sem er hættulegt og lýjandi en líka fjölbreytilegt og jafnvel spennandi. Sumir njóta starfsins og aðrir þola það illa en allir sjá eitthvað við það. Raddirnar mynda bæði áhugavert mótvægi við myndefnið og hver aðra. Hjá Löndun vinna að því er virðist jafn margir Pólverjar og Íslendingar og áhugavert er að heyra muninn á þeim en Pólverjarnir virðast ánægðari en Íslendingarnir.

Ein röddin sem heyrist í myndinni kemur með skemmtilega myndlíkingu sem er þannig að verkamenn, eins og starfsmenn Löndunar, séu eins og rassgat samfélagsins, ef það hættir að virka fyllist allt af skít og lyktin verður óbærileg. Þarna er ákveðið samfélagsviðhorf kjarnað en um leið sýnt fram á mikilvægi verkamannsins. Í Keep Frozen er skyggnst inn í rassgatið og leynist þar margt áhugavert.

Stíll myndarinnar er einn helsti styrkur hennar og tekst kvikmyndagerðarmönnunum að gera óspennandi hluti mjög fallega. T.d. má nefna löng skot af pallettum með fiskpökkum hringsnúast á meðan plasti er vafið um pakkana. Með tímanum verður maður dáleiddur af þessari einföldu hreyfingu. Hljóðheimur myndarinnar er líka ansi flottur þar sem vélarsuð og fleira slíkt myndar hálfgert tónverk á köflum og spila hljóð og mynd vel saman. **Atli Sigurjónsson**

**NIÐURSTAÐA:** Keep Frozen er vel að Einarnum komin og er í senn listræn, fræðandi, umhugsunarverð og skemmtileg.

## Frumsýningar

### MONEY MONSTER



Spennumynd
Aðalhlutverk: George Clooney, Julia Roberts og Jack O'Connell.
Frumsýnd: 1. júní.
IMDb 6,8/10

### THE NICE GUYS



Gaman- og hasarmynd
Aðalhlutverk: Russell Crowe, Ryan Gosling og Angourie Rice.
IMDb 7,9/10

### THE CONJURING 2



Hryllingsmynd
Aðalhlutverk: Vera Farmiga, Patrick Wilson og Franka Potente.
IMBb 9,5/10

HAFIÐ 10 ára FISKVERSLUN

Fiskur vikunnar

30. maí – 3. júní



Allur steinbítur,
ferskur og kryddlegin

★ 1.690 kr. kg.

HAFIÐ FISKVERSLUN

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

markhönnun ehf

# nettó




LAMBALÆRI BLÁBERJA
**1.486**
ÁÐUR 1.598 KR/KG




-20%
GRÍSAHNAKKI Í KÓRIANDER OG PAPRIKU
**2.559**
ÁÐUR 3.199 KR/KG



-25%
LAMBAPRIME Í SÍTRÓNUSMJÖRI
**2.474**
ÁÐUR 3.298 KR/KG




-20%
LÆRISNEIÐAR BLANDAÐAR
**2.288**
ÁÐUR 2.860 KR/KG




-50%
JARÐARBER 250 G
**249**
ÁÐUR 498 KR/PK



-30%
GOURMET HAMBORGARAR M/ BRAUÐI 4X90 G
**979**
ÁÐUR 1.398 KR/PK




-28%
THAI CHOICE NÚÐLUR 3 TEGUNDIR
**129**
ÁÐUR 179 KR/PK




TRADIZIONALE PIZZA DIAVOLA/SALAME
**499**
ÁÐUR 699 KR/STK

TRADIZIONALE PIZZA SPECIALE
**499**
ÁÐUR 620 KR/STK




DIT VALG SMOOTHIE - 450 G 3 TEGUNDIR
**479**
ÁÐUR 579 KR/PK

**www.netto.is | Tilboðin gilda 2. – 5. júní 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 3:30 - 6 - 8:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D VIP | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 |
| KEANU | KL. 8 - 10:20 |
| MOTHER'S DAY | KL. 5:30 - 8 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 10:30 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 3 - 5:30 |
| ZOOTROPOLIS ÍSL TAL 2D | KL. 3:10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| TMNT 2 2D | KL. 4 - 6:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 |
| KEANU | KL. 10:30 |
| MOTHER'S DAY | KL. 9 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| TMNT 2 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:20 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 8 - 10:30 |
| WARCRAFT 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| CAPTAIN AMERICA 2D | KL. 7:45 - 10:40 |
| THE JUNGLE BOOK 2D | KL. 5:20 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 2D | KL. 8 |
| WARCRAFT 2D | KL. 10:30 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| TMNT 2 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| ALICE THROUGH... 3D | KL. 5:30 - 8 |
| MOTHER'S DAY | KL. 10:30 |










| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| WARCRAFT | 5:30, 8, 10:30(P) |
| TMNT 2 | 5:30 |
| TMNT 2 3D | 8 |
| MONEY MONSTER | 5:30 |
| X-MEN APOCALYPSE 3D | 10:20 |
| ANGRY BIRDS ÍSL.TAL | 5:30 |
| BAD NEIGHBORS 2 | 8 |


# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 2. JÚNÍ 2016

### Tónlist

**Hvað?** Arctic Concerts
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Norræna húsið
Arctic Concerts er ný tónleikaröð í Norræna húsinu, með tónleikum öll fimmtudagskvöld sumarið, 2016 frá maí og fram á haust. Tónleikarnir hefjast kl. 20.30, eru um klukkutíma langir. Arctic Concerts tónleikaröðin er ætluð áhugasömum ferðamönnum, ekki síður en íslenskum tónlistarunnendum sem vilja kynnast íslenskri og norrænni tónlist og flytjendum hennar í einstakri nánd og í vinalegu umhverfi. Aðgangseyrir 2.500 krónur.

**Hvað?** Hrikalegur Händel
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Hádegistónleikar Óperudaga í Kópavogi með Guju Sandholt mezzosópran, Matthildi Önnu Gísladóttur píanóleikara, Önnu Völu Ólafsdóttur alt og Melkorku Ólafsdóttur flautuleikara. Flutt verður tónlist eftir G.F. Händel. Aðgangseyrir 1.500 krónur.

**Hvað?** Tónar og trix hefja sjómannadagshelgina
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ráðhúsið, Þorlákshöfn
Tónar og trix munu slá tóninn fyrir sjómannadagshelgina með vortónleikum sínum í kvöld. Þar sem ástin, sjómannslífið og fleira verður í hávegum haft. Aðgangseyrir 1.500 krónur en frítt fyrir börn 16 ára og yngri í fylgd með fullorðnum.


Tónar og trix koma sjómannadagsstemningunni af stað í Þorlákshöfn í kvöld.

**Hvað?** Tríó ÁTT
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbarinn
Tríó ÁTT heldur sína fyrstu tónleika á Tjarnarbarnum í kvöld. Tríóið er skipað þeim Ásbjörgu Jónsdóttur, Tómasi Leó Halldórssyni og Tryggva Þór Skarphéðinssyni. Miðaverð er sveigjanlegt og gefst gestum kostur á að greiða milli 500 og 2.000 krónur.

**Hvað?** Masterclass með Kristni Sigmundssyni
**Hvenær?** 9.30
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Kristinn Sigmundsson kennir í opinni kennslustund í Salnum. Allir velkomnir að hlýða á meistarann kenna ungum söngvurum. Fólki frjálst að koma og fara eins og hentar og aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Nýstárleg óperuuppfærsla
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Leikfélag Kópavogsbæjar
Óperudagar í Kópavogi flytja Selshaminn sem er nýtt kómískt óperuhandrit þar sem fluttar verða aríur og söngvar sem flestir þekkja. Önnur sýning, 2. júní kl. 20 í Leikfélagi Kópavogs. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Þorgrímur Jónsson
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2
Þorgrímur Jónsson þreytir frumraun sína sem hljómsveitarstjóri í Mengi. Tónlistin, sem er öll samin/skrifuð og útsett af Þorgrími, er af ýmsum toga. Hún er undir austrænum áhrifum Balkanskagans, frá vestrænni popp- og rokktónlist sem og evrópskum djassi. Aðgangseyrir 2.000 krónur.

### Listir

**Hvað?** Leiðsögn um Arkitektúr og Akureyri
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið Akureyri, Ketilhús
Í dag verður boðið upp á leiðsögn um sýninguna Arkitektúr og Akureyri. Sýningarstjórarnir Helga Björg Jónasardóttir og Haraldur Ingi Haraldsson taka á móti gestum og fræða þá um sýninguna. Aðgangur er ókeypis.


Arctic Concerts verða í Norræna húsinu í kvöld.

**Hvað?** Sýningarstjóraspjall – Markús Þór Andrésson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús
Markús fjallar um gerð sýningarinnar RÍKI – flóra, fána, fabúla. Sýningin inniber mikið handverk ólíkra listamanna en einnig framsetningu þeirra á efni sem tengist náttúrunni og því hvernig maðurinn flokkar náttúruna. Áhorfendur fá innsýn í listsköpun fjölda listamanna með glænýjum verkum sem og öðrum eldri úr safneign Listasafns Reykjavíkur. Boðið er upp á viðamikla dagskrá samhliða sýningunni. Aðgangseyrir 1.500 krónur og ókeypis er fyrir menningarkortshafa.

**Hvað?** Opnun Nær – Fjær
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Gallerí Grótta
Náttúran er í forgrunni málverka Árna Rúnars Sverrissonar á sýningu sem opnuð verður í Gallerí Gróttu í dag. Allir velkomnir

**Hvað?** Nature et Nature morte
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Menningarhúsið, Árbæ
Soffía Ragnhildur Guðmundsdóttir áhugalistmálari stendur fyrir opnun myndlistarsýningar í dag. Sýningin stendur til 30. september. Allir velkomnir.

### Önnur afþreying

**Hvað?** Dark deeds – ensk bókmenntaganga
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Grófinni
Borgarbókasafnið býður upp á bókmenntagöngur á ensku alla fimmtudaga í júní, júlí og ágúst. Gangan hverfist að mestu um glæpi og drungalega atburði í bókmenntum sem tengjast Reykjavík, og gefur því nokkra innsýn í íslenska krimma og draugasögur. Göngurnar eru leiddar af starfsfólki bókasafnsins. Allir velkomnir.

**Hvað?** Egill Spegill
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Dúfnahólar 10
Egill Spegill þeytir skífum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Hekla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Hlemmur Square
Hekla spilar á Hlemmi Square í kvöld. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis.

**Hvað?** Talos&Lost Boy
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel
Írska indíraftónlistarbandið Talos spilar með íslensku sveitinni Lost Boi á Lofti hosteli í kvöld. Allir velkomnir.

# Hirzlan

Lagersala Skeifunni 11

**Við rýmum fyrir nýjum vörum**

Opið fimmtudag frá kl. 10-21,
föstudag og laugardag frá kl. 10-18

**15 – 80 %** afsláttur
**af öllum vörum**

Basic bókaskápar með hurðum **-50%**
Sjónvarpsskápar **-50%**



Ergo barnastóll áður
**kr. 15.900.-**
**nú kr. 9.900.-**



**30%** kynningarafsláttur
af Sitness 20
áður **kr. 42,900**
**nú kr. 29,900**

Skápahurðar **-70%**
Ljósakappar fyrir skápa **-80%**

Skrifborð og skrifborðsstólar
sýningareintök og margt fleira




20:20
**ÞAÐ ER LEIKUR AÐ ELDA**
Nýr og frábær matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey Kjaran fær í hverjum þætti til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðakokkar í þokkabót.

FRÁBÆR FIMMTUDAGUR
Fáðu þér áskrift á 365.is
365




19:55
**NEW GIRL**
Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra.

21:30
**PERSON OF INTEREST**
Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína til að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.



22:15
**CONTAINMENT**
Stór hluti borgarinnar Atlanta í Bandaríkjunum er settur í sóttkví þegar faraldur brýst út í borginni og þeir sem lokast inni berjast fyrir lífi sínu.



22:00
**I GIVE IT A YEAR**
Turtildúfurnar Nat og Josh eru nýgift og hamingjusöm þrátt fyrir að vinir og vandamenn hafi ekki mikla trú á ráðahagnum. Rómantísk gamanmynd.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan** Tuttugasta og sjötta sería þessara langlífustu gamanþátta í bandarísku sjónvarpi í dag. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátækjasamari.
**07.25 Kalli kanína og félagar**
**07.50 Tommi og Jenni**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 The Doctors**
**10.15 Masterchef USA**
**11.00 Jamie's Super Food**
**11.45 Um land allt** Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk
**12.10 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Death Comes to Pemberley**
**14.00 The Amazing Spider-Man 2**
**16.30 Frikki Dór og félagar**
**16.55 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Íþróttir**
**19.10 Friends**
**19.35 Undateable**
**19.55 The New Girl**
**20.15 Það er leikur að elda** Nýr og frábær matreiðsluþáttur fyrir alla fjölskylduna þar sem Eva Laufey Kjaran fær í hverjum þætti til sín unga og hressa krakka sem eiga það sameiginlegt að elska að búa til mat og eru afburðakokkar í þokkabót. Í sameiningu velja þau hráefni og krakkarnir fá svo að elda sinn uppáhaldsrétt undir handleiðslu Evu Laufeyjar. Þættirnir eru því fullkomin uppskrift að skemmtun fyrir alla fjölskylduna þar sem markmiðið er að miðla hollum og góðum ráðum til fólks og stuðla að hollara mataræði á skemmtilegan hátt.
**20.40 Restaurant Startup**
**21.25 Person of Interest** Fimmta þáttaröðin um fyrrverandi leigumorðingja hjá CIA og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.10 Containment**
**22.50 Lucifer**
**23.30 Ghetto betur**
**00.15 Rapp í Reykjavík** Glænýir þættir þar sem fjallað verður um ferskustu straumana í tónlistarmenningu Íslendinga. Dóri DNA ræðir við Reykjavíkurdætur, Blaz Roca, Úlf Úlf, Shades of Reykjavík, Tiny, Gísla Pálma, Cell7, Bent, Emmsjé Gauta, Kött Grá Pjé, Herra Hnetusmjör auk ótal annarra og reynir að kryfja þessa endurlífgun rappsenunnar á Íslandi.
**00.50 X-Company**
**01.30 Devil's Knot** Magnþrungin mynd frá 2013 með Reese Witherspoon og Colin Firth í aðalhlutverkum.
**03.20 NCIS. New Orleans**
**04.00 The Amazing Spider-Man 2**

## STÖÐ 3

**17.45 Raising Hope**
**18.10 The Big Bang Theory**
**18.30 Modern Family**
**18.55 Fóstbræður**
**19.25 Entourage**
**19.55 League**
**20.20 Flash**
**21.05 Gotham**
**21.50 Arrow**
**22.35 Tyrant**
**23.20 Tyrant**
**00.05 NCIS Los Angeles**
**00.45 Justified**
**01.30 Entourage**
**01.55 League**
**02.15 Flash**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Lína Langsokkur**
**07.25 Lukku-Láki**
**07.47 Mæja býfluga**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**08.47 Víkingurinn Viggó**
**09.00 Áfram Diego, áfram!**
**09.24 Svampur Sveinsson**
**09.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**09.55 UKI**
**10.00 Ljóti andarunginn og ég**
**10.25 Latibær**
**10.48 Hvellur keppnisbíll**
**11.00 Lína Langsokkur**
**11.25 Lukku-Láki**
**11.48 Mæja býfluga**
**12.00 Dóra könnuður**
**12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.47 Víkingurinn Viggó**
**13.00 Áfram Diego, áfram!**
**13.24 Svampur Sveinsson**
**13.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**13.55 UKI**
**14.00 Ljóti andarunginn og ég**
**14.25 Latibær**
**14.48 Hvellur keppnisbíll**
**15.00 Lína Langsokkur**
**15.25 Lukku -Láki**
**15.48 Mæja býfluga**
**16.00 Dóra könnuður**
**16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**16.47 Víkingurinn Viggó**
**17.00 Áfram Diego, áfram!**
**17.24 Svampur Sveinsson**
**17.49 Rasmus Klumpur og félagar**
**17.55 UKI**
**18.00 Ljóti andarunginn og ég**
**18.25 Latibær**
**18.48 Hvellur keppnisbíll**
**19.00 Puss N'Boots**

Dóra könnuður kl. 08.00, 12.00 og 16.00



## BÍÓSTÖÐIN

**12.10 Mom's Night Out**
**13.50 Prelude to a Kiss**
**15.35 House Of Versace**
**17.05 Mom's Night Out**
**18.45 Prelude to a Kiss**
**20.30 House of Versace** Dramatísk kvikmynd frá 2013 með Gina Gershon í hlutverki Donatellu Versace og fjallar um erfiðleikana sem fylgdu því fyrir hana að taka við stjórninni á tískuhúsinu þegar bróðir hennar Gianni Versace var myrtur árið 1997.
**22.00 I Give It a Year** Rómantísk gamanmynd frá 2013 með Rose Byrne, Anna Faris, Rafe Spall, Simon Baker, Stephen Merchant, Minnie Driver og Jason Flemyng í aðalhlutverkum. Turtildúfurnar Nat og Josh eru nýgift og hamingjusöm þrátt fyrir að vinir og vandamenn hafi ekki mikla trú á ráðahagnum. Ekki líður á löngu þar til brestir eru komnir í sambandið og þau þurfa að taka stórar ákvarðanir. Skemmtileg mynd frá framleiðendum Love Actually og Bridget Jones's Diary.
**23.35 A Walk Among the Tombstones**
**01.30 Edge of Tomorrow**
**03.20 I Give It a Year**

## RÚV

**17.05 Violetta**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Eðlukrúttin**
**18.15 Best í flestu**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Heill forseta vorum. Þjóðin á Bessastöðum**
**20.25 Leiðin til Frakklands**
**20.55 Lottóhópurinn**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kynningar frambjóðenda - Forsetakosningar 2016**
**22.25 Glæpahneigð**
**23.05 Indian Summers**
**23.55 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rules of Engagement**
**08.20 Dr. Phil**
**09.00 America's Next Top Model**
**09.45 Survivor**
**10.30 Pepsi MAX tónlist**
**13.10 Dr. Phil**
**13.50 Telenovela**
**14.20 America's Next Top Model**
**15.05 The Voice**
**16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**17.15 The Late Late Show with James Corden**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 Everybody Loves Raymond**
**19.00 King of Queens**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Life in Pieces**
**20.15 Grandfathered**
**20.40 The Grinder**
**21.00 The Catch**
**21.45 Scandal**
**22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**23.10 The Late Late Show with James Corden**
**23.50 Scorpion**
**00.35 Law & Order. Special Victims Unit**
**01.20 The Family**
**02.05 The Catch**
**02.50 Scandal**
**03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon**
**04.15 The Late Late Show with James Corden**
**04.55 Pepsi MAX tónlist**

## SPORT

**08.25 Real Madrid - Atletico Madrid**
**11.15 Haukar - KR**
**13.05 Körfuboltakvöld**
**13.40 Fylkir - ÍA**
**15.20 Markaþáttur Pepsi-deildar kvenna**
**16.05 Golden State. Oklahoma. Leikur 7**
**18.00 Demantamótaröðin - Róm**
**20.15 Premier League World 2015/2016**
**22.30 Pepsi-mörkin 2016**
**00.10 NBA - Wilt 100**

## GOLFSTÖÐIN

**09.15 Dean & Deluca Invitational**
**14.20 PGA Tour 2016 - Highlights**
**15.15 Golfing World 2016**
**16.05 Champions Tour Highlights 2016**
**17.00 Golfing World 2016**
**17.50 PGA Tour 2016: Delivering a Decade of Champions**
**18.15 Golfing World 2016**
**19.05 Inside the PGA Tour 2016**
**19.30 The Memorial Tournament**
**22.30 Golfing World 2016**
**23.20 Inside the PGA Tour**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


ilmurinn er indæll
og bragðið eftir því
Katla
vöfflur
500 g
Katla
vöfflur
ÞURREFNABLANDA
Létta uppskriftin
www.katla.is


OPNUNARHÁTÍÐ
GRANDA
2.-5. JÚNÍ
Tilboð gilda bara á Granda!
BYKO
GLEÐILEGT SUMAR!
-27%
BLÁKRAFTUR,
einkorna, 10kg.
1.695kr.
55095039
Almennt verð: 2.325kr.
-26%
GRÓÐURMOLD 40l.
725kr.
55097032
Almennt verð: 985 kr.
PLANTEJORD
40 L
-40%
STÓLL EÐA BORÐ
plast, barna
595kr.
41615994
Almennt verð: 995 kr.
kjörvari
KÓPAL
glitra
ÖLL
MÁLNING OG
VIÐARVÖRN
-30%
GROHE
START EDGE,
eldhústæki
12.995kr.
15331369
Almennt verð: 17.995kr.
-28%
barbecook
-67%
Aðeins
40stk
GRILLSETT
995kr.
50680310
Almennt verð: 2.995 kr.
-20%
Aðeins
5000m
FURA, alhefluð,
27x95mm, gagnvarin
159kr./m.
0058324
Almennt verð: 215kr./m.
Lengd 3,90m
-49%
Aðeins
50stk
KÚLUGRILL
fyrir kol 43cm
1.995kr.
42373644
Almennt verð: 3.895kr.
McCULLOCH
-20%
ÖLL
MCCULLOCH
GARÐVERKFÆRI
SLÁTTUVÉL, 2,3kW.
19.995kr.
53323130
Almennt verð: 34.995 kr.
OUYAO
-43%
Aðeins
50stk
-40%
Aðeins
30stk
BLANDARI
250W, 2 flöskur
2.995kr.
41017417
Almennt verð: 4.995 kr.
GROHE
EUROSMART
handlaugartæki.
9.995kr.
15323324
Almennt verð: 13.995 kr.
-29%
AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGINA
Fimmtudagur 7-19, föstudagur 8-19, laugardagur 10-18, sunnudagur 11-17.



-25%

GÆLUDÝRA-FÓÐUR

ROYAL CANIN

Josera.



-51%

**FJÖLTENGI** með rofa

**390**kr.

54321101
Almennt verð: 795 kr.



-20%

BLÓM

-40%

BLÓMA POTTAR

-50%

Aðeins 10stk



McCULLOCH

**KEÐJUSÖG,** 300kW

**14.995**kr.

53322826
Almennt verð: 29.995 kr.



NAPOLEON

**TRIUMPH 495** 18,4kW

**89.995**kr.

506600034
Almennt verð: 139.995 kr.

-36%

Aðeins 6stk



-50%

**VERKFÆRABOX**

**1.495**kr.

68394973
Almennt verð: 2.995 kr.



-41%

Aðeins 200stk

**REYKSKYNJARI**

**595**kr.

50005035
Almennt verð: 995 kr.



-49%

**LOFTASTIGI** 60x110cm

**12.995**kr.

53330000
Almennt verð: 25.695 kr.



**FERÐAGASGRILL** appelsínugult, rautt, grænt, blátt eða svart

**12.995**kr.

50632096-100
Almennt verð: 24.995 kr.

-48%

Aðeins 50stk



-48%

Aðeins 30stk

**GRILLPRO**
gasgrill 7,3kW

**16.995**kr.

50657522
Almennt verð: 32.995 kr.



-38%

Aðeins 50stk

**ÖRBYLGJUOFN** 700W

**7.995**kr.

65103260
Almennt verð: 12.995 kr.

-25%

Af bílavörum frá Motul, Formula 1, Sonax og Ultraglozz



Einhell



-50%

Aðeins 40stk

**SLÁTTUORF,**
rafmagns, 1,2kW.

**2.995**kr.

74830011
Almennt verð: 5995 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda einungis í BYKO Granda og til 5.júní eða á meðan birgðir endast.

FLEIRI TILBOÐ ERU Á BYKO.IS

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Hinn bíllausi lífsstíll

Margir segja að það sé gjörsamlega ómögulegt að vera bíllaus á höfuðborgarsvæðinu vegna dreifingar á byggð og þar af leiðandi mikilla fjarlægða. Íslenskur vetur býður kannski ekki beint upp á göngutúra og útivist stóran hluta ársins ... eða hvað?

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Til er það fólk sem kýs að eiga ekki bíl og notar þá ýmis ráð, svo sem almenningssamgöngur, hjól eða einhvern annan „óhefðbundinn“ ferðamáta til að komast leiðar sinnar. Fréttablaðið heyrði í nokkrum einstaklingum sem temja sér þennan lífsstíl og fékk að vita hvernig þeir tækla daglegt líf án aðstoðar bifreiðarinnar.

## HRAFN JÓNSSON pistlahöfundur



**Af hverju ertu bíllaus?**
Ég hef aldrei tekið bílpróf. Ég tók alla ökutímana og báða ökuskólana þegar ég var 17 ára en mætti svo aldrei í prófið. Svo auðvitað fyrndist þetta að lokum og þetta klúður varð góð saga í partíum til að brjóta ísinn. Svo allt í einu varð ég þrítugur og bílprófsleysið varð alltaf sorglegri og sorglegri saga, þannig að ég fór og tók aftur alla ökutímana. Nú eru tvö ár liðin síðan það gerðist og ég ekki enn búinn að taka bílprófið. Niðurstaðan er líklega sú að það er eitthvað mjög djúpt og alvarlegt að mér.

**Hvernig kemstu milli staða?**
Ég er annálaður labbari. Finnst gott að ráfa um göturnar eins og ógæfumaður. Þegar ég nenni ekki að labba þá hjóla ég og þegar það eru of margar brekkur eða of mikið rok til þess að ég nenni að hjóla þá tek ég strætó. Þá sit ég fremst og hlusta á Útvarp Sögu með bílstjóranum. Íslendingar eiga það til að ofmeta vegalengdir gífurlega; það eru til dæmis bara 6 km á milli sundlaugar Seltjarnarness og Laugardalslaugar. Pælið í því.

**Ertu mikið að snýkja far?**
Nei, ég er svo hógvær og lítillátur. Ég læt hins vegar Brynhildi, kærustuna mína, grimmt fá lánaðan bíl foreldra sinna til þess að hún geti keyrt okkur um og útréttað. Það er svo gott að vera farþegi – maður þarf ekki að hafa áhyggjur af neinu nema útvarpinu og miðstöðinni.

**Kostir og gallar**
Það er auðvitað frábært að eyða ekki peningum í þetta. Nú hef ég aldrei átt bíl né veit neitt um bíla, en mér skilst að það kosti ca. þrjár milljónir á mánuði að reka bíl. Þetta eru bara peningar sem ég á ekki. Svo er það að ganga á milli staða stundum eina hreyfingin sem ég fæ á degi hverjum og guð veit að maður er ekkert að yngjast. Helstu ókostirnir eru að Brynhildur er alltaf að skamma mig fyrir að vera ekki með bílpróf því hún þarf alltaf að keyra mig út um allt – þannig að ef ég klára þetta ekki fljótlega fer hún líklega frá mér. Svo væri líka gaman að geta skotist út úr bænum þegar manni dettur í hug. Og í IKEA.

## ÞÓRUNN ANTONÍA söngkona



**Hvernig kemstu á milli staða?**
Ég labba mikið og fæ oft far ef mér er boðið það og ég neita því sjaldan, en líka með leigubíl ef ég þarf og það er mun ódýrara að taka leigubíl nokkrum sinnum í mánuði heldur en að reka bíl. Ég vildi óska að ég ætti hjól með barnastól, það er efst á óskalistanum fyrir sumarið. Ég lendi samt alltaf í því að hjólunum mínum er stolið sem eru leiðindi. Eftir að síðasta var stolið sem ég er nokkuð viss um að hafi verið sami aðilinn og seldi mér það (á Bland) þá gafst ég upp.

**Ertu mikið að snýkja far?**
Stundum en aðeins hjá nánustu, ég húkka ekki far né spyr fólk á Facebook eða í skutlaragrúppum.

Kostir eru þeir að ég er ekki að menga plánetuna alla daga alltaf, ég er í góðu formi af labbinu og fólk gerir óspart grín að mér þannig að húmorsgildið er hátt. Svo eru leigubílstjórar yfirleitt alveg yndislegir og ég á við þá og þær fallegar innihaldslausar samræður um daginn og veginn og djúpar og merkilegar um lífið og tilveruna. Ég hef svo gaman af fólki og sögum.

Gallinn er sá að allir keyra á Íslandi og það eykur vetrarkvíða minn gífurlega að hugsa til þess að þurfa að stunda mikið útilabb í snjó. Þess vegna fer ég ekki mikið út úr húsi á veturna en þess í stað skrifa ég mikið af tónlist því eymd og einsemd eru uppáhaldsfæða skáldagyðjunnar. Ef ég væri árinu eldri myndi ég kannski bara bjóða mig fram til forseta og fá einkabílstjóra og þá myndi allt dæmið ganga upp ásamt því að mitt fyrsta verk væri að setja glerhjúp yfir Reykjavík með pálmatrjám og jafnvel bara banna bíla og allir væru sjúklega glaðir að hjóla í sólinni. Ég myndi samt vilja fá glæsihjól til að þeysast um með fjaðurskreyttan barnastól fyrir barnið mitt og auðvitað hjálma og krefjast þess að forsetabíllinn yrði umhverfisvænn og rafknúinn.

## ÞÓRDÍS NADIA SEMICHAT uppistandari

**Af hverju ertu bíllaus?**
Ég er ekki með bílpróf. Þó svo að ég væri með próf ætti ég líklegast ekki bíl. Ég er barnlaus og bý miðsvæðis þar sem allt er í stuttu göngufæri.

**Hvernig kemstu á milli staða?**
Ég labba, hjóla eða tek strætó. Reyndar flýg ég stundum.

**Ertu mikið að snýkja far?**
Ég sníki aldrei far að fyrra bragði, þigg það samt með glöðu geði ef einhver býðst til þess að keyra mig langa vegalengd.

**Kostir og gallar**
Gallinn er auðvitað sá að ef ég á pantaðan læknistíma á vinnutíma eða þarf að sækja um nýtt vegabréf hjá sýslumanninum í Kópavogi, þá tekur það mig helmingi lengri tíma með strætó heldur en ef ég væri á bíl. Kosturinn er að ég labba frekar mikið sem er auðvitað gott fyrir andlega og líkamlega heilsu. Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af umferð eða „road rage“. Ég nýti tímann í strætó eða á röltinu til þess að hlusta á góða tónlist eða hlaðvarp sem ég myndi annars ekki gera.





## LOGI PEDRO STEFÁNSSON tónlistarmaður

**Af hverju ertu bíllaus?**
Ég er bíllaus af því að ég þurfti í raun ekkert á bíl að halda, ég bý í miðbænum og það er alltaf stutt að fara. Ég byrjaði fyrir löngu á bílprófinu en fannst það ekkert svo spennandi að klára það og það fékk bara að sitja á hakanum á meðan ég gerði aðra hluti. Ætla samt að klára það núna á næstu vikum og kaupa mér litla skellinöðru.

**Hvernig kemstu á milli staða?**
Þegar það er eitthvert megastúss í gangi þá fæ ég oftast far eða tek leigubíl

**Ertu mikið að snýkja far?**
Vissulega þarf ég oft að fá far og biðja um greiða, Reykjavík er líka aðeins of dreifð og bílamiðuð borg.

Í raun er þetta frekar leti en t.d. sparnaður að vera ekki á bíl. Ég einfaldlega hafði ekki nógan áhuga á því að fá bílpróf til þess að setjast niður og undirbúa mig fyrir bóklega prófið. Samt er ég mjög hrifinn af fallegum bílum og farartækjum. Í raun er það áhugi minn á fallegum skellinöðrum og léttbifhjólum sem knýr mig áfram í að klára þetta. Vespusumarið '16 fer í gang með stæl.


MIÐNÆTUROPNUN
SMÁRALIND
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
Í ÖLLUM VERSLUNUM*
NIKE
HUMMEL
ENDURANCE
SPEEDO
POLAR
NEW BALANCE
UNDER ARMOUR
BROOKS
CWX
CAMELBAK
ADIDAS
COMPRESS SPORT
OPIÐ TIL
MIÐNÆTTIS
Í SMÁRALIND
SÉRFRÆÐINGAR
OG UPPÁKOMUR
Á STAÐNUM FRÁ 19-21
THE NORTH FACE
SOMMET MONDIAL DE LA COURSE NATURE
*Gildir ekki með öðrum tilboðum.
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# Reynum að halda stressinu í lágmarki


Sísí Ey.

Raftónlistarsveitin **Sísí Ey** kemur til með að spila á Glastonbury-hátíðinni sem fram fer síðar í þessum mánuði. Einhver gæti sagt að um íslenska innrás sé að ræða en Sigur Rós, Of Monsters and Men og John Grant hafa öllsömul boðað komu sína á hátíðina í ár.

Okkur var boðið á hátíðina. Við erum með bókunarskrifstofu í London sem hafði mikið um það að segja," segir Elín Eyþórsdóttir, ein þeirra sem mynda sveitina Sísí Ey, en auk hennar eru þau Friðfinnur Oculus, Elín Eyþórsdóttir, Elísabet Eyþórsdóttir og Sigga Eyþórsdóttir í sveitinni. Þetta er í fyrsta skipti sem sveitin spilar á Glastonbury-hátíðinni en um er að ræða eina vinsælustu tónlistarhátíð heims.

Hátíðin hefur verið haldin árlega síðan 1971 og hefur boðið upp á vægast sagt risastór nöfn í tónlistarheiminum allar götur síðan, svo sem David Bowie, Pixies, Van Morrison, Rolling Stones, Beyoncé og Coldplay.

„Þetta er algjör draumur fyrir okkur og mikill heiður fólginn í að fá að spila," bendir Elín á. Hátíðin fer fram dagana 22.-26. júní í Pilton á Englandi. „Boðið kom okkur virkilega mikið á óvart. Við erum bæði spennt og hissa," segir hún og bætir spennt við: „Þarna verðum við á elektrónísku sviði með böndum sem eru í svipuðum gír og við."

Spurð hvort einhverjir þeirra fjölmörgu tónlistarmanna og sveita sem fram koma á hátíðinni heilli hana umfram annað svarar hún létt í lundu: „Þarna er náttúrulega alveg fullt af flottu. En ætli ég verði ekki að segja Earth, Wind and Fire."

Elín segir sveitina reyna að koma eins mörgum æfingum að og mögulegt er fram að brottför, en þó leggi þau sig sömuleiðis fram við að halda stressinu í algjöru lágmarki. „Við eigum svo mikið af efni sem við höfum ekki gefið út svo líklega komum við til með að frumflytja það úti. En tökum samt eldra efni líka, svona til að koma í veg fyrir of mikið stress."


Sigur Rós kemur fram í þriðja skiptið á hátíðinni í ár.


John Grant mætir í annað sinn.

Aðspurð hvort Sísí Ey muni láta mikið að sér kveða á tónlistarhátíðum í sumar segir Elín svo ekki vera. Þau eigi ekki von á að spila annars staðar en á Glastonbury. Má sannarlega segja að vel hafi verið valið. „Í sumar ætlum við að einbeita okkur að nýrri plötu. Ég þori ekki að segja nákvæmlega hvenær hún er væntanleg, en hún kemur pottþétt einhvern tíma," segir hún létt að lokum. **gudrun@frettabladid.is**



## Íslenska innrásin á Glastonbury

Sísí Ey er ekki eina íslenska bandið sem kemur til með að láta til sín taka á hátíðinni í ár. Auk þeirrar sveitar munu reynsluboltar í bransanum koma þar fram en þau eiga sameiginlegt að hafa vermt svið Glastonbury áður.

- Of Monsters and Men 2013
- John Grant 2014
- Sigur Rós 2003 og 2013

## Í HVAÐA FÉLAGSSKAP ER OKKAR FÓLK?

Glastonbury-hátíðin þykir eftirsóknarverður skemmtistaður en í fyrra mættu hundrað þrjátíu og fimm þúsund tónleikagestir. Miðar á hátíðina seldust upp á hálftíma í október í fyrra. Tónlistarstórvirkin eru því ekki lítil, en meðal þeirra sem spila, auk íslensku tónlistarmannanna eru til dæmis:

- Coldplay
- Ellie Goulding
- Adele
- Muse
- Two Door Cinema Club
- The Lumineers
- PJ Harvey
- Earth Wind and Fire
- James Blake
- Róisín Murphy
- MØ
- Grimes
- Bastille
- Skepta
- Madness


Adele, kollegi íslensku listamannanna á Glastonbury í ár. Má ekki segja það?

# Gucci Mane sleppur úr steininum

Rapparinn Gucci Mane slapp nú nýlega úr fangelsi en þar hefur hann mátt dúsa síðustu tvö árin. Margir kollega hans í rappheiminum auk aðdáenda hafa krafist þess, síðan að Gucci var stungið inn árið 2014, að honum yrði tafarlaust sleppt úr steininum með slagorðinu „Free Gucci" sem hefur heyrst víða, en nú loksins hefur þeim orðið að ósk sinni.

Radric Davis, eins og Gucci Mane heitir réttu nafni, átti ekki að sleppa út fyrr en í september á þessu ári en talið er dómarinn í málinu hafi gleymt að reikna inn í dóminn tíma sem hann hafði þegar setið af sér.

Fyrsta verk hans sem frjáls maður var að gefa út lagið First Day Out tha Feds en lagið fékk næstum tvær milljónir hlustana á fyrsta sólarhringnum eftir að það kom út.

Slúðurmiðillinn TMZ segir frá því að Gucci Mane hafi tekið upp lágkolvetna mataræðið í fangelsinu og létt um meira en 20 kíló á meðan hann afplánaði dóm sinn. Kærasta hans, Keyshia Ka'oir, tók á móti rapparanum með köku sem hann fúlsaði að sjálfsögðu við.

Rapparinn hefur alloft verið fréttamatur vegna glæpsamlegrar hegðunar sinnar eða allt frá 2005 þegar hann var kærður fyrir morð eftir að hafa skotið mann til bana á heimili sínu, en sú kæra var síðar felld niður vegna skorts á sönnunargögnum – en Radric Davis hefur ávallt haldið því fram að drápið hafi verið í sjálfsvörn. Dómurinn sem hann afplánaði í þetta sinn var vegna þess að hann var handtekinn á skilorði með skotvopn í fórum sínum. **– sþh**


Rapparinn hefur ekki setið auðum höndum síðan hann kom úr fangelsi. NORDICPHOTOS/GETTY

STOMP PRODUCTIONS OG GLYNIS HENDERSON PRODUCTION KYNNA Í SAMSTARFI VIÐ SENU LIVE



**20%**
**AFSLÁTTUR FYRIR LESENDUR FRÉTTABLAÐSINS!**

TRYGGÐU ÞÉR AFSLÁTTINN Á **WWW.TIX.IS/FBL**
GILDIR AF ÖLLUM VERÐUM Á ALLAR SÝNINGAR.

# STOMP

## HARPA 11. & 12. JÚNÍ

„SANNKALLAÐIR
SVIÐSTÖFRAR!“
- THE SUNDAY TELEGRAPH

„ÓTRÚLEGUR KRAFTUR,
FÁGUN OG HNYTTNI!“
- THE INDEPENDENT ON SUNDAY

„UNDRAVERÐ ORKA
OG ÓTRÚLEGUR AGI!“
- THE EVENING STANDARD

## TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!

Floridana
LIFÐU VEL!

MIÐASALA Á TIX.IS, HARPA.IS OG Í MIÐASÖLU HÖRPU.
NÁNAR Á WWW.SENA.IS/STOMP

sena LIVE!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

STAÐREYNDIR Í STUTTU MÁLI

Í dag, fimmtudaginn 2. júní

Hádegisfyrirlestrar Rannsókna og greiningar

Rannsóknir og greining og sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík bjóða upp á stutta hádegisfyrirlestra í dag.
Kynntar verða niðurstöður úr nýgreindum gögnum sem safnað var meðal ungs fólks á Íslandi á þessu skólaári.

Fyrirlestrarnir verða haldnir í stofu M105 í Háskólanum í Reykjavík og hefst dagskráin stundvíslega klukkan 12:15.

Dagskrá:

12:15 Arndís Vilhjálmsdóttir, doktorsnemi
Áhrif tekjuójöfnuðar á andlega heilsu ungmenna

12:30 Birna Baldursdóttir, doktorsnemi
Mikilvægi hreyfingar fyrir vellíðan ungmenna

12:45 Ingibjörg Eva Þórisdóttir, doktorsnemi
Andleg líðan unglinga í nútímasamfélagi

13:00 Berglind Gísladóttir, PhD
Andleg líðan hinsegin ungmenna í íslenskum framhaldsskólum

RANNSÓKNIR & GREINING
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis
Ef þörf er frekari upplýsinga sendið póst á erla@rannsoknir.is

Endalaust 365
ENDALAUST NET
1817 | 365.is
365



Hlynur útskrifaðist frá Danska kvikmyndaskólanum árið 2013.

# Ferlið var rússíbani

**Hlynur Pálmason** er talinn einn efnilegasti ungi leikstjóri Danmerkur. Sem stendur er Hlynur að leggja lokahönd á kvikmynd sína Vetrarbræður. Meðal leikara í myndinni er Lars Mikkelsen.

Ferlið var rússíbani, aðalleikarinn minn slasaðist illa í tökum og við vorum útataðir í kalki og leðju mestallan tímann. En þetta var spennandi og áhugavert ferli og erum við mjög ánægð með útkomuna og hlökkum til að senda Vetrarbræður út í heiminn,“ segir Hlynur Pálmason, leikstjóri og handritshöfundur, spurður út í kvikmyndina Vetrarbræður sem væntanleg er í kvikmyndahús snemma næsta árs. Á bak við myndina er sterkt og samheldið teymi sem einnig hefur unnið saman að fyrri myndum Hlyns. Myndin er framleidd af Julie Waltersdorph Hansen hjá Masterplan Pictures í Danmörku í meðframleiðslu með Antoni Mána Svanssyni fyrir Join Motion Pictures á Íslandi.

Kvikmyndin Vetrarbræður er fyrsta mynd Hlyns í fullri lengd og er hún öll tekin upp í verkamannabyggð á köldum vetri með dönskum leikurum. Tökum er lokið og er stefnt á að klára eftirvinnsluna í haust svo mögulegt sé að frumsýna seint á árinu eða snemma á næsta ári. Meðal leikara í myndinni er stórleikarinn Lars Mikkelsen en hann er þekktur fyrir hlutverk sitt í hinum geysivinsælu þáttaröðum House of Cards og Borgen.

„Vetrarbræður gerist í einangraðri verkamannabyggð á köldum vetri, myndin segir frá bræðrunum Emil og Johan og þeirra venjum og við verðum vitni að því er ofbeldisfullar deilur brjótast út milli bræðranna og annarrar fjölskyldu á vinnustaðnum. Fókusinn er á yngri bróðurnum, Emil, og þörf hans fyrir að vera elskaður og þráður,“ segir Hlynur.



Elliott Crosset Hove prýðir fyrstu stilluna úr myndinni Vetrarbræður
MYND/MARIA VON HAUSSWOLFF.

Þrátt fyrir að Hlynur hafi ekki verið áberandi á Íslandi upp á síðkastið er hann talinn vera einn efnilegasti ungi leikstjórinn í Danmörku en hann útskrifaðist frá Danska kvikmyndaskólanum árið 2013. Útskriftarverkefni hans var stuttmyndin Málarinn, með Ingvari E. Sigurðssyni í aðalhlutverki. Myndin hlaut einróma lof og var til að mynda valin besta stuttmyndin á alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Óðinsvéum en þannig komst hún í forval fyrir Óskarsverðlaunin. Þá hefur stuttmynd Hlyns, Sjö bátar, einnig vakið mikla athygli og hlotið nokkrar alþjóðlegar viðurkenningar síðan hún var heimsfrumsýnd á hinni virtu alþjóðlegu kvikmyndahátíð TIFF í Toronto.

Fram undan er nóg um að vera hjá Hlyni en hann er meðal annars að fara af stað með nýja íslenska mynd sem hann kemur til með að taka alfarið upp á Íslandi með íslenskum leikurum.

„Næsta verkefni okkar er íslensk kvikmynd í fullri lengd sem heitir Hvítur, hvítur dagur en það verður nútíma „mystery thriller“. Því miður get ég ekki sagt meira á þessum tímapunkti,“ segir Hlynur spenntur fyrir komandi tímum.

gudrunjona@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# 20% AFSLÁTTUR AF DUFT- OG BLEKHYLKJUM Í JÚNÍ*

Canon

brother®

DELL

KYOCERA

KONICA MINOLTA

EPSON

xerox®

LEXMARK

RICOH

hp

MAXTEC

Endurunnið samheitablek og tóner.
Ódýrari valkostur. Staðgengisvara.
Stenst alla mælikvarða og staðla.

SAMSUNG

ÁRNASYNIR

*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Athugið að vöruframboð er breytilegt á milli verslana.

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **Pinterest.com/A4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**Bakþankar**


Sveins Arnarssonar




## Þegar ég fór að gráta

Ég náði í fjögurra ára son minn í leikskólann um daginn. Sú iðja er svo sem ekki í frásögur færandi nema fyrir þær sakir að þegar ég kom inn á deildina hans sat hann með tveimur vinkonum sínum við borð og lék sér í mesta bróðerni við þessar æðislegu stúlkur. Ég virti fyrir mér þennan leik í nokkra stund úr fjarska; þessa fallegu stund þar sem þau, á jafnréttisgrundvelli, léku sér saman. Og þá fór ég að gráta.

Þegar ég horfði á þessi þrjú börn í sínum heimi þar sem ekkert gat skilið á milli þeirra og hugsaði til þess að sonur minn myndi líklega fá hærri laun en stúlkurnar þegar þau yxu úr grasi, aðeins vegna kynferðis hans, féllust mér hendur. Hvað þá að sonur minn myndi að öllum líkindum eiga meiri möguleika á uppgangi innan stórfyrirtækis eða fyrirtækis í Kauphöll Íslands.

Við nefnilega höfum búið til samfélag þar sem fullkomið jafnrétti er ekki fyrir hendi. Við höfum smíðað samfélag þar sem karlar eiga að vera svona en konur hinsegin. Að sama skapi eru sumar athafnir taldar kvenlægar en aðrar karllægar. Til að mynda er ábyggilega fullt af fólk sem fussaði yfir því að ég hafi farið að gráta á leikskóla.

Við höfum sem samfélag aðeins tvo áratugi þangað til þessi börn klára háskólanám. Það hlýtur að vera skylda okkar að vernda þessi þrjú börn og bjóða þeim jöfn tækifæri. Þó ekki væri nema fyrir börnin okkar.


Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







RISA OPNUNARHÁTÍÐ Á GRANDA
2.-5. júní
ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ
AÐEINS Á GRANDA!

BOSCH
BORVÉL rafmagns
5.995 kr.
74860500
Almennt verð: 9.895 kr.
Aðeins 100stk
-39%

ÖLL MÁLNING OG VIÐARVÖRN
-30%

COUYAO
SLÁTTUVÉL, 2,3kW.
19.995 kr.
53323130
Almennt verð: 34.995 kr.
-43%
Aðeins 50stk

-40%
BRAUÐRIST, 900W
2.995 kr.
65103523
Almennt verð: 4.995 kr.
Aðeins 30stk

Aðeins 10stk
McCULLOCH
KEÐJUSÖG, 300kW
14.995 kr.
53322826
Almennt verð: 29.995 kr.
-50%

Sænska veggfóðrið frá Duro er komið í BYKO Granda
7.995 kr./rúllan
45199002-40
Rúllan er 53cm breið og 10m löng
kynningarverð

TÉKK-INN LEIKUR Á GRANDA
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ FERÐAGASGRILL FRÁ NAPOLEON
NÁNAR Á BYKO.IS

-41%
Aðeins 200stk
REYKSKYNJARI
595 kr.
50005035
Almennt verð: 995 kr.

GRILLPRO gasgrill 7,3kW
16.995 kr.
50657522
Almennt verð: 32.995 kr.
-48%
Aðeins 30stk

ÖLL TILBOÐIN ERU Á WWW.BYKO.IS

AFGREIÐSLUTÍMI UM HELGINA
Fimmtudagur 7-19, föstudagur 8-19, laugardagur 10-18, sunnudagur 11-17.

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda einungis í BYKO Granda og til 5.júní eða á meðan birgðir endast.